allt

JÓHANNA KRISTJÁNSDÓTTIR:

*Gladdist yfir matnum í Austurlöndum*

• matur • tilboð

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



BAGGALÚTUR:

*Suddalegt banjó á netthallærislegri plötu*

VEFSÍÐAN BAGGALÚTUR GEFUR ÚT KÁNTRÍPLÖTU

FÓLK 42 ▶








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. júlí 2005 - 196. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR

### Valur og Fram í undanúrslit

Valur og Fram komust í gær í undanúrslit VISA-bikars karla í knattspyrnu og verða í hattinum ásamt Fylki og FH. KR-tapaði sínum þriðja heimaleik í röð.



ÍÞRÓTTIR 28-29

### Ófreskja í mannsmynd

Hannes Hólmsteinn Gissurarson fjallar um nýja ævisögu Maós formanns þar sem eru rakin ótrúleg dæmi af grimmd kommúnistaforingjans.



Í DAG 22

### Kenderí á frönskum dögum

Raggi Bjarna og Bergþór Pálsson eru meðal þeirra sem troða upp á frönskum dögum á Fáskúðsfirði.

TÍMAMÓT 26

### Reykholtshátíð haldin í níunda sinn

Reykholtshátíðin hefst í dag og verður lögð áhersla á samvinnu erlendra og innlendra tónlistarmanna. Á opnunartónleikunum í kvöld verða flutt verk eftir Clöru og Róbert Schumann.



TÓNLIST 32

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI EÐA HAFGOLA.** Bjart inn til landsins en þokubakkar með ströndum. Hiti 14-20 stig en svalara í þokunni.

VEÐUR 4






# Sex nýir eigendur í Sparisjóði Hafnarfjarðar

**Meðal nýrra stofnfjáreigenda í Sparisjóði Hafnarfjarðar eru Sigurður G. Guðjónsson, Magnús Ármann og Sigurður Bollason.**

**VIÐSKIPTI** Að minnsta kosti fimmtán stofnfjárhlutir hafa skipt um hendur í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Sex nýir stofnfjáreigendur voru kynntir til sögunnar á stofnfjáreigendafundi Sparisjóðsins í gærkvöldi.

Meðal nýrra stofnfjáreigenda eru Sigurður G. Guðjónsson lögmaður, sem á tvo hluti, Björn Magnússon framkvæmdastjóri, Björn Þorri Viktorsson fasteignasali, fjárfestarnir Sigurður Bollason og Magnús Ármann og Jón Erling Ragnarsson. Talið er líklegt að fleiri stofnfjáreigendur hafi selt bréf sín.

Aðspurðir vildu nýir stofnfjáreigendur ekki gera grein fyrir því hvað mikið hefði verið greitt fyrir stofnfjárhlutina. Ekki er ólíklegt að seljendur hafi fengið fimmtíu milljónir króna fyrir hluti sem eru 330 þúsund að nafnvirði.

Fundurinn var haldinn að ósk fimm stofnfjáreigenda sem vildu fá svör vegna frétta um að viðskipti hefðu átt sér stað með stofnfjárhluti. Einnig var óskað eftir því að stjórn sparisjóðsins gerði grein fyrir ýmsum þáttum í starfseminni, til að mynda starfslokasamningi við fyrrverandi sparisjóðsstjóra.

Þar kom fram að fyrrverandi sparisjóðsstjóri þiggur laun til ársins 2008 samkvæmt upphaflegum ráðningarsamningi.

Páll Pálsson, stjórnarformaður Sparisjóðsins, gerði grein fyrir áformum sparisjóðsins um framsókn á fyrirtækjasviði og voru almennar umræður um framtíð fyrirtækisins.

Engin kosning fór fram á fundinum og engar ályktanir voru lagðar fram. Alls mætti 31 stofnfjáreigandi og sátu tveir fulltrúar Fjármálaeftirlitsins fundinn. **- eþa**

Þýskalandsforseti:

## Fellst á þingrof

**ÞÝSKALAND, AP** Horst Köhler, forseti Þýskalands, sagði í sjónvarpsávarpi í gærkvöldi að hann hefði ákveðið að fallast á að þing skuli rofið eftir að ríkisstjórn Gerhards Schröders tapaði vísvitandi atkvæðagreiðslu um vantraust. Þar með er orðið ljóst að þingkosningum verður flýtt og þær haldnar 18. september næstkomandi.



**KOSNINGAR BOÐAÐAR** Köhler á skjánum í gær.

Samkvæmt stjórnarskrá hefur ríkisstjórnin ekki vald til að rjúfa þing og því þurfti hún að grípa til þess bragðs að fá samþykkta vantraustsyfirlýsingu. Aðferðin er umdeild og því hikaði Köhler við að leggja blessun sína yfir gerninginn. **- aa**



**VIÐBÚNAÐUR Í LONDON** Sprengingar í strætisvagni og þremur jarðlestum skutu Lundúnabúum skelk í bringu í gær. Mikil viðbúnaður var á Hackney Road í austurhluta borgarinnar þar sem sprenging varð í strætisvagni. Á myndinni má sjá vopnaða lögreglumenn rýma svæðið.

Tvær vikur frá tilræðunum:

## Sprengt á ný í Lundúnum

**HRYÐJUVERK** „Ég er eiginlega stressaðri núna heldur en fyrir tveimur vikum því þá vissi ég ekkert hvað var að gerast. Nú fór ég hins vegar strax að hugsa um 7. júlí," segir Ragnhildur Bjarnadóttir, íbúi í Lundúnum.

Fjögur sprengjutilræði voru framin í borginni í gær, tveimur vikum eftir hryðjuverkin mannskæðu. Að þessu sinni var þó manntjón óverulegt.



**RAGNHILDUR BJARNADÓTTIR**

Húsinu sem Ragnhildur á heima í hefur verið lokað um óákveðinn tíma því það er beint fyrir ofan neðanjarðarlestarstöðina við Warren Street þar sem ein sprengjan sprakk.

Hún segir tilræðin koma á þeim tíma þegar fólk er loks að jafna sig eftir árásirnar 7. júlí; nú eru flestir komnir aftur á byrjunarreit. Sjá síðu 4 / **-shg**

Herceptin gæti reynst vel við brjóstakrabbameini á forstigi:

# Krabbameinslyf gefur góðar vonir

**HEILBRIGÐISMÁL** Vonir lækna um að lyfið Herceptin vinni vel á brjóstakrabbameini á fyrstu stigum sjúkdómsins eru svo miklar að heilbrigðisráðherra Breta vill að veitingu leyfis til notkunar þess verði hraðað.

Herceptin hefur verið notað um langt skeið til að meðhöndla konur sem haldnar eru tilteknu afbrigði brjóstakrabbameins á síðari stigum. Það hefur ekki verið notað til að meðhöndla sjúkdóminn á upphafsstigum en alþjóðlegar rannsóknir sýna að lyfið hefur mjög jákvæð áhrif þegar það er gefið konum með forstigseinkenni.

Patricia Hewitt heilbrigðisráðherra Bretlands ákvað að bregðast við vegna gagnrýni á að konum, sem lyfið gæti gagnast vel, væri neitað um það. Til þess verður hins vegar að rannsaka betur hvort kostir lyfjameðferðarinnar vegi þyngra en gallarnir sem mögulegar aukaverkanir geta haft.

Sigurður Björnsson, læknir og formaður Krabbameinsfélagsins, segir Herceptin hafa verið notað hér á landi um nokkurt skeið. Í ljósi erlendu rannsóknanna er hins vegar farið að gefa konum með forstigseinkenni lyfið í nokkrum mæli.

„Þetta eru þau sláandi niðurstöður að erfitt er að neita konum um lyfið sem eru með þetta tiltekna merki á frumunum." **-shg**



**SIGURÐUR BJÖRNSSON** Formaður Krabbameinsfélagsins segir að svo virðist sem aukaverkanir Herceptins séu sáralitlar.






## SPURNING DAGSINS

*Páll, uppfyllirðu hæfiskröfurnar?*

„Já og gott betur.“

Páll Magnússon hefur sótt um stöðu útvarpsstjóra. Hvorki er krafist menntunar né starfsreynslu af nýjum útvarpsstjóra.

Fiskvinnslufyrirtækinu Suðurnes lokað:

# Fjörutíu og fimm sagt upp störfum

**REYKJANESBÆR** Fiskvinnslufyrirtækið Suðurnes hefur hætt störfum, en uppsagnir 45 starfsmanna taka þó ekki gildi fyrr en sumarleyfum þeirra, sem voru að hefjast, er lokið. Starfsfólki þess var tilkynnt um það á fundi á miðvikudaginn.

Að sögn Stefaníu Valgeirsdóttir, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, var það fyrst og fremst hátt gengi sem olli lokuninni, þótt einnig hafi verið um fortíðarvanda að etja. Hún sagðist vera að hjálpa starfsfólkinu að finna vinnu annars staðar og bjóst við að það gengi vel.

Fyrirtækið var í eigu hollenskra aðila, en þeir sem til þekkja segja mjög lítið um það að erlendir aðilar eigi fiskvinnslur á Íslandi. Það sé þó þekkt að erlendir aðilar eigi hér vinnslur sem flaka fisk áður en flogið sé með hann úr landi.

Eigendur Suðurness tengdust áður rekstri Fisks 2000 sem starfaði á Blönduósi fyrir nokkrum árum. - grs



MYND/HILMAR BRAGI BÁRÐARSON

**FISKVINNSLUFYRIRTÆKIÐ SUÐURNES** Fyrirtækið lokaði á þriðjudag, en starfsmenn mættu þó flestir í gær á staðinn að sýna hver öðrum andlegan stuðning

Reykjavíkurborg:

## Nýtt fimleikahús í Laugardal

**SKIPULAGSMÁL** Borgarráð Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum í gær að byggja nýtt fimleikahús í Laugardal fyrir íþróttafélagið Ármann. Húsið verður byggt innan núverandi svæðis íþróttafélagsins Þróttar. Þetting byggðar við Sóltún, þar sem núverandi íþróttahús Ármanns er, gerir ráð fyrir því að íþróttahús félagsins þar muni víkja fyrir öðrum byggingum. Ákveðið hefur verið að veita 240 milljónum til byggingarinnar á þessu ári og 440 milljónum á næsta ári. - hb

Landnemar á Gaza:

## Brottflutningi jafnvel flýtt

**JERÚSALEM, AP** Mótmæli gyðinga við brottflutning landnema frá Gaza-ströndinni virðast ætla að hafa þveröfug áhrif en til stóð, því í gær lét aðstoðarforsætisráðherra Ísraels þá skoðun sína í ljós að hraða bæri brottflutningnum þeirra vegna.

Ehud Olmert, aðstoðarforsætisráðherra, sem er í forsvari fyrir rýmingunni, sagði í viðtali við ísraelska ríkisútvarpið í gær að hann teldi koma til greina að flýta rýmingunni. „Þessi átök kosta bæði tíma og peninga og leiða ekki til neins nema óþæginda.“

20.000 lögreglu- og hermenn hafa undanfarna daga átt í útistöðum við mótmælendur í kröfugöngu til Gaza. ■

Fréttablaðið:

## Nýr fréttastjóri

**FJÖLMIÐLAR** Í kjölfar þess að Sigmundur Ernir Rúnarsson hefur látið af starfi fréttaritstjóra Fréttablaðsins og tekið við fréttastjórn á fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar hafa verið gerðar breytingar á ritstjórn blaðsins. Sigurjón M. Egilsson verður einn fréttaritstjóri en Arndís Þorgeirsdóttir hefur verið ráðin fréttastjóri.



ARNDÍS ÞORGEIRSDÓTTIR

Arndís hefur unnið við fjölmiðla frá 1994 og var meðal annars fréttavaktstjóri DV á árunum 2001 til 2003. Arndís hefur starfað á ritstjórn Fréttablaðsins frá síðustu áramótum. Trausti Hafliðason, blaðamaður Fréttablaðsins frá upphafi og áður hjá Morgunblaðinu, hefur verið ráðinn varafréttastjóri.

Breytingarnar taka endanlega gildi um næstu mánaðamót. ■



**AKRANES** Formaður Verkalýðsfélags staðarins segir að ef þjónustusamningar líkir þeim sem Sputnikbátar hafi gert fái að viðgangast sé velferðarkerfinu á Íslandi stefnt í voða. Hann hefur kært fyrirtækið. Eigendur sem og starfsmenn Sputnikbáta fagna umræðunni.

# Pólverjum á Akranesi er meinað að tjá sig

**Verkamennirnir fimm sem hafa 320 krónur á tímann var skipað að tjá sig ekki um sín launamál né tala við Verkalýðsfélög. Verkalýðsfélagi Akraness hefur borist önnur vísbending um ólöglega þjónustusamninga.**

**VERKALÝÐSMÁL** Pólsku verkamönnunum fimm sem starfa fyrir fyrirtækið Sputnikbátar á Akranesi hefur verið bannað af leigumiðluninni í Póllandi að tjá sig um launamál sín að sögn Vilhjálms Birgissonar, formanns Verkalýðsfélags Akraness. Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands, segir að þeim hafi einnig verið bannað að kynna sér rétt sinn á Íslandi hjá hérlendum verkalýðsfélögum.

„Við höfum ekki bannað þeim neitt og ég veit ekkert um það hvað þeirra vinnuveitendur í Póllandi hafa gert, það kemur okkur einfaldlega ekki við,“ segir Ingólfur Árnason, einn af eigendum Sputnikbáta, fyrirtækisins þar sem Pólverjarnir eru í vinnu.

Vilhjálmur fékk þær upplýsingar hjá samstarfsmönnum Pólverjanna að þeir fimmmenningar hefðu sjötíu og sjö þúsund krónur í laun á mánuði hver en í samningi þeirra er kveðið á um að þeir vinni að minnsta kosti tíu klukkustundir á dag. Vilhjálmur fór á vinnustað þeirra eftir að Verkalýðsfélaginu hafði borist beiðni um að kanna fyrirtækið vegna gruns um að þar störfuðu erlendir verkamenn án atvinnuleyfis. Vilhjálmur hefur nú lagt inn kæru til sýslumannsins á Akranesi.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður fyrirtækisins, segir að löglega hafi verið að samningunum staðið og að þar séu íslenskir kjarasamningar virtir. Hvorki hann né Ingólfur gáfu upp hversu mikið greitt væri fyrir verkamennina fimm en Vilhjálmur sagði í viðtali í morgunþætti á Talstöðinni í gær að Sputnikbátar hefðu greitt 2,1milljónir fyrir þriggja mánaða störf þeirra en það nemur 140 þúsundum fyrir hvern verkamann á mánuði sem er nokkuð undir lágmarkslaunum. Öllu minni upphæð kæmi þó í hlut verkamannanna því þóknun leigumiðlunarinnar er innifalin.

Að sögn Vilhjálms barst verkalýðsfélaginu beiðni í gær um að annað fyrirtæki yrði kannað með sama hætti og er það mál nú í athugun. Ingólfur hvatti Vilhjálm í morgunþætti Talstöðvarinnar í gær til að kanna sem flest fyrirtæki og gaf það sterklega í skyn að mjög víða væri starfsmannahaldi fyrirtækja háttað með þessum hætti.

jse@frettabladid.is

Starf útvarpsstjóra

## 22 umsóknir bárust

**ÚTVARPSSTJÓRI** Menntamálaráðuneytinu hafa borist 22 umsóknir um embætti útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, en umsóknarfrestur rann út í gær. Þó er ekki útilokað að fleiri umsóknir eigi eftir að berast í pósti. Menntamálaráðherra skipar í stöðuna til fimm ára frá 1. september 2005.

**ÞEIR SEM SÓTTU UM ERU:**

Adolf Petersen framhaldsskólakennari
Andri Júlíusson nemi
Atli Þór Fanndal framleiðslustjóri
Árni Matthíasson blaðamaður
Ása Richardsdóttir framkvæmdastjóri
B. Davíð Husby fjöllistamaður
Birgir Guðmundsson háskólakennari
Bjarki Sveinbjörnsson dagskárgerðarmaður
Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri
Börkur Gunnarsson kvikmyndagerðarmaður
Elín Hirst fréttastjóri
Gísli Þór Gunnarsson sálfræðingur
Gústaf Níelsson dagskrárgerðarmaður
Jón Ásgeir Sigurðsson dagskrárgerðarmaður
Lárus Guðmundsson auglýsingastjóri
Óli H. Þórðarson framkvæmdastjóri
Páll Magnússon fv. sjónvarps- og fréttastjóri
Runólfur Ágústsson rektor
Sigrún Stefánsdóttir fjölmiðlafræðingur
Sigurjón Kjartansson dagskrárgerðarmaður
Tryggvi Gíslason fv. skólameistari
Þorgils Björgvinsson tónlistarmaður

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**HALDLÖGÐU SEXTÍU GRÖMM AF HASSI** Lögreglan á Akranesi haldlagði í fyrrakvöld rúmlega sextíu grömm af hassi eftir að grunur vaknaði um fíkniefnamisferli þriggja manna sem handteknir voru fyrr um daginn. Hassið fannst við húsleit og voru tveir mannanna látnir lausir fljótlega eftir að í ljós kom að sá þriðji átti hassið.

**SLASAÐIST VIÐ FALL AF TRAMPÓLÍNI** Tólf ára drengur var fluttur með sjúkrabifreið til Reykjavíkur eftir fall af trampólíni í Keflavík í fyrrakvöld. Drengurinn kom harkalega niður á steypta stétt og hljóp inn á heimili sitt þar sem hann missti meðvitund. Drengurinn er kominn til meðvitundar.

Alltaf einfalt
ÓB
ódýrt bensín
14 stöðvar!
www.ob.is

Guðni Ágústsson um Landbúnaðarstofnun:

# Dýralæknar eru vanir ferðamenn

**STJÓRNSÝSLA** „Dýralæknar eru vanir ferðamenn og hafa ekki kveinkað sér undan því hingað til að keyra heiðarnar á Íslandi,“ segir Guðni Ágústsson Landbúnaðarráðherra um gagnrýni starfsmanna Yfirdýralæknis á staðsetningu Landbúnaðarstofnunar á Selfossi. „Þetta er búið og gert og ég er sannfærður um að Selfoss er heppilegur staður fyrir stofnunina.“

Guðni segist hafa fundað með dýralæknum vegna bréfsins í lok júní. „Ég lýsti vonbrigðum mínum með bréfið, sem kom fram of seint.“ Guðni segir að þá hafi legið fyrir ákvörðun Alþingis frá því um vorið um að stofnunin yrði ekki á stórhöfuðborgarsvæðinu. „Ég hvatti þá líka með kurteislegum hætti til að draga bréfið til baka og birta það ekki og benti þeim að þeir væru væntanlegir starfsmenn stofnunarinnar og bæri að taka þátt í því að byggja hana upp.“

Guðni sagðist heldur ekki skilja tímasetninguna á bréfinu, en það var sent fjölmiðlum mánuði eftir að það var skrifað, sama daginn og forstjóri stofnunarinnar var skipaður. - grs



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**GUÐNI ÁGÚSTSSON** Landbúnaðarráðherra segir bréf starfsmanna yfirdýralæknis hafa borist sér of seint og að Alþingi hafi ákveðið að staðsetja stofnunina utan Reykjavíkursvæðisins.


ÞÚ FINNUR
UPPÁHALDS NAMMIÐ ÞITT
Í POKUNUM
HARIBO
MATADOR
1 kg
HARIBO
Stjerne MIX
Haribo hefur hætt framleiðslu
á hinni vinsælu Mix dós.
Þú getur hins vegar fundið
uppáhaldsmolana þína úr Haribo
Mix dósinni í hinum ýmsu
Haribo vörum, sem fást í
flestum matvöruverslunum
'Click'
HARIBO

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 20.07.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,38 | 64,68 |
| Sterlingspund | GBP | 112,48 | 113,02 |
| Evra | EUR | 78,19 | 78,63 |
| Dönsk króna | DKK | 10,473 | 10,535 |
| Norsk króna | NOK | 9,809 | 9,867 |
| Sænsk króna | SEK | 8,267 | 8,315 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5722 | 0,5756 |
| SDR | XDR | 93,5 | 94,06 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**109,2199**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Breski forsætisráðherrann Tony Blair stappar stálinu í þjóð sína:

# Árásunum er ætlað að hræða fólk

**HRYÐJUVERK** Tony Blair sagðist eftir sprengingarnar í gær vonast til að lífið í Lundúnum kæmist fljótlega í samt lag á ný. Lögregla handtók mann í námunda við Downing-stræti 10, rétt fyrir blaðamannafund Blairs.

„Við megum ekki gera lítið úr atvikum sem þessum vegna þess að þau eru alvarleg," sagði Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, á blaðamannafundi síðdegis í gær. Með honum var John Howard, forsætisráðherra Ástralíu, sem er í opinberri heimsókn í Bretlandi. „Við vitum hvers vegna þessi tilræði eru framin, þeim er ætlað að hræða fólk og gera það óttaslegið og áhyggjufullt. Við verðum hins vegar að láta lífið hafa sinn gang og halda ró okkar."

Fyrir um daginn hafði ríkisstjórnin haldið neyðarfund þar sem tilræðin voru rædd. Blair sagði að engar sérstakar ákvarðanir hefðu verið teknar.

Áður en blaðamannafundurinn hófst handtók lögregla mann sem hún taldi grunsamlegan fyrir utan hlið Downing-strætis. Ekki er vitað hvort hann tengdist árásunum fyrr um daginn. ■



**TONY BLAIR** Blair sagði að málsatvik lægju nokkuð ljós fyrir og hann vonaðist til að lífið í borginni kæmist aftur í samt lag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HLÝTT Á FORSETANN** Karachi-búar fylgjast með Musharraf forseta flytja sjónvarpsávarp sitt í gær.

Pakistanstjórn áhyggjufull:

# Þjóðin stöðvi öfgamenn

**HRYÐJUVERK** Pervez Musharraf, hershöfðingi og forseti Pakistans, skoraði á landa sína í gær að setja trúarofstopamönnum í landinu stólinn fyrir dyrnar. Ennfremur sögðu talsmenn Pakistanstjórnar í gær að leit stæði yfir að aðstoðarmanni herskás múslimaklerks sem bjó í Bretlandi, í tengslum við rannsókn sprengjutilræðanna í Lundúnum þann 7. júlí síðastliðinn.

Í sjónvarpsávarpi til þjóðarinnar viðurkenndi Musharraf að herskáir trúarofstopamenn yllu landinu vandræðum. Áhyggjur hafa vaxið víða um heim af því að í íslömskum skólum í Pakistan sé alið á öfgamennsku. En Musharraf sagði óréttlátt að bera pakistönskum stjórnvöldum á brýn að þau stæðu sig ekki í baráttunni gegn hryðjuverkum bara vegna þess að svo vildi til að þeir sem framið hefðu framið tilræðin í Lundúnum voru af pakistönskum uppruna og heimsóttu Pakistan á síðasta ári. **- aa**

## BANDARÍKIN

**LEITAÐ Í FÖGGUM FÓLKS** Michael Bloomberg, borgarstjóri New York, boðaði í gær að í kjölfar tilræðanna í Lundúnum muni lögreglan í New York stöðva fólk af handahófi sem leið á um almenningssamgöngukerfi borgarinnar og leita í föggum þess.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**VITNI SPURÐ** Lögreglumenn spyrja vitni á Hackney Road út úr um sprenginguna sem þar varð í tveggja hæða strætisvagni.

# Sprengingar skelfa Lundúnabúa

**Sprengingar í strætisvagni og þremur jarðlestum skutu Lundúnabúum skelk í bringu í gær. Enginn fórst en fregnir hermdu að einn hefði særst. Lögregla er vongóð um að finna tilræðismennina.**

**HRYÐJUVERK** Sprengingar urðu í jarðlestum og strætisvagni í Lundúnum um hádegisbil í gær, en þær voru mun minni en þær sem bönuðu 56 manns fyrir hálfum mánuði. Aðeins einn maður særðist í sprengingunum í gær, að því er fregnir hermdu. Lögreglustjóri borgarinnar sagði að mikið af sönnunargögnum hefðu fundist sem líkleg væru til að vísa lögreglunni á þá sem að tilræðunum stóðu.

Sprengingarnar urðu nærri samtímis í þremur jarðlestum og einum strætisvagni, sú fyrsta klukkan 12:38 að staðartíma og hinar innan næsta hálftíma. Þeim svipaði þannig mjög til mannskæðu sjálfsmorðssprengjutilræðanna 7. júlí, nema hvað aflið í sprengingunum var að þessu sinni mun minna en þá. Eins og gefur að skilja voru Lundúnabúar slegnir er borgarlífið var þó fljótt að komast aftur í sinn vanagang.

Sir Ian Blair, lögreglustjóri Lundúna, vildi ekki segja af eða á um það hvort einhver hefði verið handtekinn vegna málsins strax í gær. En hann sagði augsýnilegt að tilgangur tilræðismannanna hefði verið að valda dauðsföllum. Hann sagði ennfremur að ekki væri ljóst hvort nokkur bein tengsl væru milli þessara nýjustu og 7. júlí-tilræðanna.

Fólk sem var statt í jarðlestarstöðvunum þremur, Warren Street, Oval og Shepherd's Bush, flúði þaðan í skelfingu er sprengingarnar urðu. Lögregla girti stöðvarnar og nágrenni þeirra af og umferð stöðvaðist um þær þrjár jarðlestaleiðir sem lágu um þessar stöðvar. Sprengingin í strætisvagninum varð á Hackney Road í austurhluta borgarinnar, en hún þeytti rúðum úr honum.

Vopnuð lögreglusveit stormaði inn í University College-sjúkrahúsið, sem er rétt við Warren Street-stöðina, skömmu eftir að særður maður var borinn þangað inn. Sky-fréttasjónvarpsstöðin sagði frá því að lögreglan leitaði manns í blárri skyrtu sem vírar hefðu sést standa út úr.

Sérfræðingar í hryðjuverkamálum voru hikandi við að fullyrða að tengsl væru milli hryðjuverkanna nú og fyrir hálfum mánuði. Að sögn AP-fréttastofunnar segja sumir að hermikrákur gætu hafa verið að verki í gær, en aðrir að hópur tengdur þeim sem framdi fyrra hryðjuverkið bæri ábyrgð á þessu nýjasta.

audunn@frettabladid.is





*Verslaðu við traustan aðila!*





## VEÐRIÐ

**Sama sagan áfram!** Það er svo sem lítið um veðrið að segja, engar breytingar sjáanlegar næstu daga. Við verðum áfram í þessu hægviðri og einu vindarnir sem blása er hafgolan. Það má reikna með þokubökkum með ströndum, en inn til landsins ætti yfirleitt að vera bjart. Hitinn er á svipuðu róli, á bilinu 14-20 stig, en mun svalara í þokunni. Þetta er náttúrlega frábært veður fyrir útilegu og kannski ekki aðalatriðið hvort það verður sól eða ekki, því það verður þurrt.



Kveðja, Guðríður Arnardóttir náttúrufræðingur.

### Í dag




### Á morgun




Hæg breytileg átt. Víða bjart en þokubakkar með ströndum.

### Sunnudagur




Hæg norðlæg eða breytileg átt. Víða bjart en þokubakkar með ströndum.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20°C | sk.m.köflum | Algarve | 28°C | sk.m.köflum | Róm | 27°C | heiðskírt |
| Osló | 24°C | sk.m.köflum | Mallorca | 26°C | heiðskírt | Alicante | 32°C | heiðskírt |
| London | 24°C | léttskýjað | Krít/Chania | 30°C | heiðskírt | Kýpur | 32°C | heiðskírt |
| París | 23°C | sk.m.köflum | Barcelona | 28°C | heiðskírt | Rimini | 26°C | þrumur |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Frábært á grillið




Ferskar
**svínakótilettur**
úrbeinaðar

TILBOÐ
**839** kr/kg
Merkt verð 1.398,-

**Ragnar Ómarsson**
Yfirmatreiðslumaður á veitingastaðnum SALT




frosið
**lambalæri**
í sneiðum

TILBOÐ
**1.098** kr/kg
Verð áður 1.458,-




**Holta** úrbeinuð læri í tandoori kryddlegi og kjúklinga lundir í western kryddlegi

### Uppskrift að hætti Ragnars landsliðskokks

**Grillaðar svínakótilettur fylltar með piparosti bornar fram með grísku kartöflusalati og béarnaise-smjöri. Uppskrift fyrir 4**

- 4 stk. svínakótilettur
- 1 stk. piparostur
- 4 msk. ólívuolía
- 2 msk. BBQ sósa
- 1 tsk. Dijon sinnep
- Salt og pipar

**Aðferð:**
Gerið vasa í kótiletturnar í fituröndina og inní kjötið. Skerið ostinn í bita og setjið í vasann og lokið fyrir með grillpinna svo osturinn leki ekki úr. Blandið saman BBQ sósunni, olíunni og sinnepinu og veltið kjötinu uppúr. Grillið á heitu grilli í u.þ.b. 3 mín. á hvorri hlið og smakkið til með salti og pipar.

## Ótrúlegt úrval af BBQ sósum






TILBOÐ
**499** kr/pk
Verð áður 609,-

**Fiorucci parmaskinka**



TILBOÐ
**99** kr/kg
Verð áður 137,-

**Gular melónur**
- góðar með parmaskinku




**Íslenskt ruccola salat**
- útiræktaða

Gildir til 24. júlí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Viltu að Páll Magnússon verði útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 47% |
| Nei | 53% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu sátt(ur) við veðrið í sumar?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Handtaka íslenskrar stúlku í Ísrael:

# Ráða hverjum þeir hleypa inn í landið

**UTANRÍKISMÁL** „Við fylgjumst með því þegar svona atvik eiga sér stað og berist kvartanir tökum við þær alltaf alvarlega," segir Illugi Gunnarsson, aðstoðarmaður utanríkisráðherra.

Arna Ösp Magnúsardóttir hefur lýst því yfir að hún hyggist leita til utanríkisráðuneytisins en hún var handtekin af ísraelsku landamæralögreglunni við komu til Tel Aviv á mánudag er hún var á leið til Palestínu. Örnu var í kjölfar tíu klukkustunda yfirheyrslu vísað úr landi og telur hún réttindi sín ekki hafa verið virt.

Utanríkisráðuneytið hefur ekki haft samband við ísraelsk yfirvöld vegna máls Örnu Aspar. „Ef athugasemd kemur frá íslenskum ríkisborgara sem telur á sér brotið skoðum við málið," segir Illugi. „Þá höfum við samband við yfirvöld ef við metum stöðuna þannig að ástæða sé til."

Illugi bætir við að Ísrael, eins og önnur lönd, ráði hverjum hleypt er inn í landið. Þá megi ekki gleyma því að mikið spennuástand ríki í landinu. **- ht**

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR



**ILLUGI GUNNARSSON** Aðstoðarmaður utanríkisráðherra segir ráðuneytið skoða mál íslenskra ríkisborgara sem telja á sér brotið erlendis.

Danskir barir:

# Lúxusbjór æ vinsælli

**NEYTENDUR** Barir sem brugga sinn eigin bjór eru í töluverðri sókn í Danmörku. Þrátt fyrir að bjórglasið kosti allt að helmingi meira en á öðrum börum. Krefjast eigendur þessara bara nýrra laga sem heimila þeim að selja fólki nýbruggaðan bjór í flöskum til að taka með heim. Í dag er það ólöglegt nema matur sé seldur með. Carlsberg bjórframleiðandinn hefur brugðist við þessari breyttu neysluhegðun og sett á markað lúxusbjór undir vöruheitinu Jacobsen. **- ks**





**EIGENDASKIPTI Í NÁND** Átta tilboð bárust í Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar sem er sameign borgarinnar og Orkuveitu Reykjavíkur. Íslenska gámafélagið bauð best.

Tilboð í Vélamiðstöðina:

# Buðu rúmar 700 milljónir

**BORGARMÁL** Viðræður eru hafnar milli Reykjavíkurborgar og Íslenska gámafélagsins um kaup þess síðarnefnda á Vélamiðstöð Reykjavíkur en gámafélagið var hæstbjóðandi í nýafstöðnu útboði.

Hljóðaði boð félagsins upp á 735 milljónir króna en salan er hluti af endurskoðun á rekstri og rekstrarformi borgarfyrirtækja, en Vélamiðstöðin er sameign borgarinnar og Orkuveitu Reykjavíkur. Átta tilboð bárust áður en frestur rann út á föstudaginn var en aðrir helstu bjóðendur voru GT verktakar, Kirkjuhvoll ehf., Stilling hf., Hilmar Ólafsson ehf. og Bugar ehf. auk eins sameiginlegs tilboðs. **- aöe**

## LANDHELGISGÆSLAN

**SÓTTI VEIKAN FERÐAMANN** Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti í gærmorgun erlendan ferðamann sem fengið hafði hjartaáfall um borð í skútu sinni úti fyrir Vestur-Barðaströnd. Maðurinn var fluttur á Landspítala – háskólasjúkrahús en ekki var í gær vitað hversu alvarleg veikindi hans væru.

# Stjórnsýsluúttekt á Íbúðalánasjóði

**Unnið er að því að eyða lagalegri óvissu um lán Íbúðalánasjóðs til banka og sparisjóða. Félagsmálanefnd Alþingis hefur óskað eftir stjórnsýsluúttekt á lánastarfsemi sjóðsins.**

**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Félagsmálanefnd Alþingis ákvað á fundi sínum í gær að óska eftir stjórnsýsluúttekt á starfsemi Íbúðalánasjóðs vegna 80 milljarða króna útlána hans til banka og sparisjóða.

„Svona úttekt hefur ekki verið gerð síðan 1996 þannig að rétt er að gera hana í ljósi breyttra aðstæðna," segir Siv Friðleifsdóttir, formaður félagsmálanefndar. „Fjármálaeftirlitið hefur talið mikilvægt að félagsmálaráðuneytið kveði skýrt á um það í reglugerð hvort þessir lánasamningar standist lög eða ekki. Það hafa einnig komið fram ásakanir á hendur sjóðnum en hann þarf auðvitað að ávaxta allt það fé sem inn hefur streymt vegna uppgreiðslna."

Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, birti fjölmiðlum afrit af samningi sjóðsins við sparisjóð, þó án allra kennitalna, upphæða eða nafna. Í samningnum er meðal annars kveðið á um að sjóðurinn ber áhættuna, en ekki sparisjóðurinn, ef veðskuldabréf einstaklinga greiðast ekki að fullu. Guðmundur segir að upplýsir að alls hafi verið gerður 31 samningur af þessum toga við sparisjóði og banka.

„Gerð þessara samninga var hagkvæmasta leiðin til að verja hagsmuni sjóðsins. Íbúðalánasamningar fela í sér minnstu hættuna á tapi og mestu ávöxtunina. Þar að auki er fátítt að gerðir séu samningar á öðrum sviðum viðskipta til 40 ára eins og við þurfum að gera. Allir aðrir samningar hefðu verið verri," segir Guðmundur.

Pétur Blöndal þingmaður Sjálfstæðisflokksins á sæti í félagsmálanefnd. Hann segir ekkert koma á óvart í þessum samningum.

„En markmið sjóðsins eru félagsleg, meðal annars að liðsinna ungu fólki að koma þaki yfir sig, og ég tel að samningarnir samrýmist ekki þeim markmiðum."

johannh@frettabladid.is



**GUÐMUNDUR BJARNASON OG SIGURÐUR ÞÓRÐARSON** Framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs og ríkisendurskoðandi ræðast við á fundi félagsmálanefndar alþingis í gær.

Ari Edwald:

# Ýtir undir verðbólgu

Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segist hafa áhyggjur af verðstöðugleikanum, en hann sé undirstaða friðar á vinnumarkaði.

„Við vitum að verðbólga er nú 3,4 prósent með fasteignaverðhækkunum en 0,1 prósent án þeirra þannig að ástæða er til að hafa áhyggjur af því ástandi sem skapast hefur á fasteignamarkaði. Þar gegnir Íbúðalánasjóður veigamiklu hlutverki og ætlast má til þess að hann spili með efnahagsstefnunni en ekki gegn henni eins og við teljum að stækkun á efnahagsreikningi hans feli í sér." **- jh**

Jóhanna Sigurðardóttir:

# Veikar lagastoðir

*Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, fór í gær fram á nýja stjórnsýsluúttekt á Íbúðalánasjóði.*

„Að mínu mati eru lagastoðirnar veikar undir lánasamningum Íbúðalánasjóðs og ef menn vilja halda þessu áfram verður að taka af öll tvímæli með því að breyta lögum. Fjármálaeftirlitið telur nú nægjanlegt að breyta reglugerðinni en ég er því ósammála."

Jóhanna gerir einnig athugasemdir við þá áhættu sem Íbúðalánasjóður tekur í samningunum við sparisjóðina. „Hann tekur alla áhættu af einstaklingum varðandi vanskil og uppboð. Það er með ólíkindum hversu langt sjóðurinn hefur teygt sig." **- jh**




Íslensk kona stjórnandi á sjúkrahúsi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum:

# Litin hornauga til að byrja með

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslenskur hjúkrunarfræðingur, Kolbrún Kristjánsdóttir, stjórnar daglegri starfsemi á stærsta sjúkrahúsi Sameinuðu arabísku furstadæmanna þegar hún er á vakt. Hún tók þátt í að koma sjúkrahúsinu á laggirnar árið 2000 og hefur nýlega undirritað ráðningarsamning til 2007.

„Aðstæður í heilbrigðismálum eru ekki mjög góðar en þeir eru stöðugt að bæta ástandið. Það er langt í land ennþá því mikið er af einkasjúkrahúsum sem eru rekin til dæmis af Indverjum og þjónustan þar ekki nógu góð en þetta er allt á rétti leið," segir Kolbrún.

Kolbrún segir að það sé ekki auðvelt að starfa sem stjórnandi í arabalandi en í Sameinuðu arabísku furstadæmunum sé staða kvenna betri en víða annars staðar. Arabar séu ekki vanir að vinna með vestrænum kvenkyns stjórnendum og auðvitað verða árekstrar.

„Maður þarf að sanna sig. Arabarnir líta mann hornauga fyrst en maður þarf bara að vinna traust þeirra og sýna að maður valdi starfinu. Þá kemur þetta," segir hún. **- ghs**

ÚR EINKASAFNI



**Í EYÐIMÖRKINNI** Kolbrún hefur búið erlendis í tíu ár, áður bjó hún í Sádi-Arabíu. Hér er hún í tjaldi í eyðimörkinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**STJÓRNANDI Í ARABARÍKI** Kolbrún Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur stjórnar daglegri starfsemi á stóru sjúkrahúsi í Abu Dhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum.

# Nýtt á Íslandi!




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## HANNAÐU ÞITT EIGIÐ KORT

Íslandsbanki kynnir byltingarkennda nýjung. Nú geta félagar í XY, unglingaþjónustu Íslandsbanka, hannað sín eigin debet- eða hraðbankakort. Íslandsbanki er fyrsti bankinn á Íslandi sem býður upp á þennan spennandi möguleika.

***Farðu á XY.is og settu mynd að eigin vali á kortið***

Það er einfalt að hanna sitt eigið kort. Þú ferð bara á XY.is, setur mynd að eigin vali á kortið og áður en þú veist af ert þú komin(n) með algerlega einstakt kort í veskið. Þú getur valið úr myndabanka á XY.is eða sett þína eigin mynd á kortið, hvort sem það er mynd af þér, uppáhaldsliðinu, mótorhjólinu eða hundinum þínum. Þetta er þitt kort – þú ræður!

***Vertu skapandi og gerðu þitt XY-kort einstakt***

www.xy.is

ÍSLANDSBANKI | 100%

Fyrst í stað verða kortin aðeins í boði fyrir XY-félaga. Fyrstu kortin verða tilbúin eftir 15. ágúst.

Dregur lítið eitt saman með stærstu flokkunum í Þýskalandi:

# Forskot hægrimanna minnkar

**ÞÝSKALAND, AP** Kristilegu flokkarnir í Þýskalandi halda miklu forskoti á stjórnarflokkana, jafnaðarmenn og græningja, í nýjustu skoðanakönnuninni sem niðurstöður voru birtar úr í gær. Reiknað er með að þingkosningar fari fram í Þýskalandi í september.

Aðeins hefur bilið milli fylkinganna þó minnkað. Í síðustu viku mældust Kristilegir demókratar (CDU) og systurflokkurinn Kristilega sósíalsambandið (CSU) í Bæjaralandi með 46 prósenta fylgi, en nú mælist það 44 prósent samkvæmt könnun viðhorfsrannsóknastofnunarinnar Forsa.

Jafnaðarmannaflokkur Gerhards Schröders kanslara mælist óbreytt með 27 prósentustiga fylgi en græningjar bæta við sig einu stigi og mælast nú með 8 prósent.

Nokkrum tíðindum þykir sæta að heil ellefu prósent kjósenda segjast nú styðja nýtt klofningsframboð sósíalista, sem , með Oskar Lafontaine í brjósti fylkingar, býður fram í samfylkingu með arftaka austur-þýska kommúnistaflokksins PDS.

Frjálslyndir demókratar, sem vænst er að muni mynda samsteypustjórn með kristilegum eftir kosningar, mælast með sjö prósenta fylgi. ■



**KANSLARAEFNIÐ** Angela Merkel, leiðtogi CDU, verður kanslari ef kosningarnar í haust fara eins og kannanir benda til.

MYND/POLPHOTO

# Sjálfsmorð föðurins kostaði soninn lífið

**Feðgar biðu bana í sprengingu í húsi í Óðinsvéum í gær. Allt bendir til að faðirinn hafi framið sjálfsmorð og banað syni sínum um leið. Kona slasaðist einnig alvarlega í sprengingunni. Talið er að maðurinn hafi verið hermaður.**

**DANMÖRK** Tveir eru látnir eftir að sprengja sprakk í húsi í Óðinsvéum í Danmörku. Svo virðist sem maður hafi stytt sér aldur og banað syni sínum um leið.

Sprengingin varð um hádegisleytið í gær í Blangsted-hverfinu í Óðinsvéum. Enn er ekki alveg ljóst hvað gerðist en svo virðist sem maður hafi gengið inn í húsið með plastsprengiefni vafið um mittið á sér. Þegar inn var komið sprengdi hann sig í loft upp og fórst sonur hans með honum í sprengingunni. Kona sem var jafnframt í húsinu slasaðist alvarlega en hún er talin vera móðir drengsins.

Sprengingin var svo öflug að þakið lyftist upp af húsinu og múrsteinar þeyttust í allar áttir. Talið er að maðurinn hafi notað handsprengju til að koma sprengingunni af stað.

Jyllands-Posten hefur eftir lögreglunni í Óðinsvéum að engar líkur séu á að um hryðjuverk hafi verið að ræða heldur sé persónulegur harmleikur á ferðinni. Maðurinn var ekki búsettur í húsinu, einungis barnsmóðir hans og sonur. Talið er að skilnaður þeirra hafi valdið því að maðurinn greip til þessara örþrifaráða. Að sögn Hermanns Overgaard, lögreglufulltrúa, skrifaði maðurinn skilnaðarbréf stuttu áður en hann greip til þessa ráðs. „Það kemur skýrt fram að ástæðan fyrir verknaðinum var persónuleg. Ég held að skilnaðurinn sé orsökin.“

TV2 sjónvarpsstöðin á Fjóni hefur eftir nágrönnum mannsins að hann hafi verið í danska hernum en verið nýkominn heim frá Bosníu þar sem hann var við friðargæslustörf.

Lögregla hefur hvorki viljað staðfesta að þessi ógæfusami maður hafi verið hermaður né að hann hafi stolið sprengiefninu frá hernum eins og getgátur eru um. Enn á eftir að bera formlega kennsl á líkin en lögregla hættir sér ekki inn í húsið fyrr en sprengjusérfræðingar hersins hafi gengið úr skugga um að ekki sé hætta á frekari sprengingum. sveinng@frettabladid.is



**BROMBÆRRANKEN 18** Sprengingin var það öflug að þakið lyftist af húsinu og múrsteinar þeyttust í allar áttir.

Kreppa í dönskum sjávarútvegi:

# Vilja íslenskt fjármagn til bjargar

**SJÁVARÚTVEGUR** „Íslendingar verða leiðandi í dönskum sjávarútvegi í framtíðinni,“ segir Peter Bamberger, formaður félags danskra sjávarútvegsfyrirtækja, í grein um væntanlega innkomu Íslendinga í danskan sjávarútveg í danska viðskiptablaðinu Børsen á miðvikudag. „Íslenskur sjávarútvegur hefur styrkst mikið fjárhagslega undanfarin ár og þar er mikil þekking og reynsla í rekstri í þessum geira. Við viljum fá Íslendinga til liðs við okkur sem fjárfesta. Sjávarútvegur er í ákveðinni krísu í Danmörku og fyrirtækin leita nýrra fjárfesta. Íslendingar eru þar vænsti kosturinn.“

Í greininni er því haldið fram að Íslendingar ætli sér kaup á erlendum sjávarútvegsfyrirtækjum og dönsku fyrirtæki séu mjög álitleg. Undir þetta tekur Kjartan Ólafsson hjá Kredittbanken í Noregi, sem er í eigu Íslandsbanka. „Íslenskir fjárfestar hafa mikinn áhuga á Danmörku og hefur vegnað vel þar. Ég sé fyrir mér að íslensk fyrirtæki kaupi frekar í minni sjávarútvegsfyrirtækjum en þeim stóru.“ - ks



**ÍSLENSKIR TOGARAR** Danir telja Íslendinga vænlegasta kostinn til að rétta af danskan sjávarútveg.




NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
LAMISIL®
TERBINAFINE
...einu sinni á dag í eina viku drepur fótsveppinn
Morgunblaðið · 1 apríl
Rannsókn sýnir að fótsveppir eru miklu algengari í karlaklefum sundlauga
Stærri fætur karlmanna gætu haft áhrif
Um 65% sundlaugargesta voru karlar og 26% þeirra voru smituð
Eftir Rúnar Pálmason
runarp@mbl.is
gert, eru þau tandurhrein og algjörlega laus við sveppamengun," segir hún. Þetta ástand vari þó ekki lengi
Klæjar þig í tærnar?
Gætu það verið fótsveppir?
Fæst án lyfseðils
Einu sinni á dag
í eina viku
drepur fótsveppinn!
LAMISIL GEL
TERBINAFIN
LAMISIL
TERBINAFIN. HYDROCHLORID
LAMISIL 1% Creme
TERBINAFIN. HYDROCHLORID
15 g
ARNARSON.TK · LAM-003-010405
Lamisil er borið á einu sinni á dag í eina viku. Hreinsið og þurrkið sýkt svæði vel áður en Lamisil er borið á. Bera skal Lamisil á í þunnu lagi á sýkta húð þannig að það þekji allt sýkta svæðið. Lamisil er milt og veldur mjög sjaldan húðertingu. Lamisil inniheldur terbinafin sem er sveppadrepandi (fungisid) efni og vinnur á sveppasýkingum í húð af völdum húðsveppa, gersveppa og litbrigðamyglu ("lifrarbrúnir blettir"). Lamisil á ekki að nota gegn sveppasýkingum í hársverði, skeggi eða nöglum nema samkvæmt læknisráði. Það má ekki nota ef þekkt er ofnæmi fyrir terbinafini eða öðrum innihaldsefnum í Lamisil. Geymist þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarseðil sem fylgir hverri pakkningu.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**MYNDASÖGUBÚNINGAR Í HONG KONG** Þátttakendur raða sér upp í búningakeppni á myndasöguhátíðinni í Hong Kong. Vænst er 400.000 gesta á hátíðina, sem stendur til 2. ágúst.

Skógrækt breytir ásýnd landsins:

# Einn Hallormsstaðarskógur á ári

**SKÓGRÆKT** „Við í Skógræktinni ræktum því sem nemur einum Hallormsstaðarskógi á ári,“ segir Jón Loftsson skógræktarstjóri. Hann segir að á síðustu árum hafi 20 þúsund hektarar lands verið ræktaðir en þó sé aðeins 1,3% af flatarmáli Íslands neðan við fjögurhundruð metra hæð yfir sjávarmáli skógi vaxið. „Ef við notum evrópska skilgreiningu á því hvað telst skógur eru ekki nema 0,3% af flatarmáli landsins skógi vaxið,“ bætir Jón við.

Fæstir hafa hins vegar farið varhluta af því að náttúra landsins hefur tekið töluverðum breytingum síðusta áratug ekki síst vegna nýrra erlendra trjátegunda en margar þeirra vaxa mun hraðar en þær íslensku.

Stefán Helgi Valsson leiðsögumaður segir að gjalda beri varhug við hvar ræktað sé því víða séu tré farinn að byrgja sýn við þjóðvegi landsins.

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands segir gagnrýni sem þessa í raun hina gagnlegustu og hafi félagið tekið á henni með rannsóknum og átaki þar sem brýnt er fyrir skógræktarmönnum hvar sé æskilegt að rækta og hvar ekki. -jse



**SKÓGRÆKT** Skógræktarfélagið lét gera könnun sem leiddi í ljós að langflestir Íslendingar eru hlynntir skógrækt en sumum þykir hún vera farin að byrgja fallega sýn og er Skógræktarfélag Íslands að bregðast við þeirri gagnrýni.



**TIL BETRI HEILSU** Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði verður fimmtíu ára á sunnudaginn.

Heilsustofnunin í Hveragerði:

## Fimmtíu ára um helgina

**HEILSA** Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði verður fimmtíu ára á sunnudaginn, 24. júlí. Þá verður einnig tekin skóflustunga að nýrri útisundlaug við Heilsustofnunina.

Í tilefni afmælisins verður gefið út afmælisblað og verður því dreift daginn fyrir afmælið. Þar verður stiklað á stóru í sögu Heilsustofnunar auk þess sem uppbygging sem fyrirhuguð er á næstu árum verður reifuð. Haldið verður úti formlegri dagskrá á sunnudag í tilefni afmælisins sem hefst klukkan eitt. - ht

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÞRÍR HANDTEKNIR** Þrír menn voru handteknir á Akranesi í gær eftir að rannsókn lögreglu vakti grun um að þeir væru viðriðnir fíkniefnamisferli. 63 grömm af hassi fundust við húsleit á heimili tveggja þeirra. Yfirheyrslur leiddu í ljós að einn maður átti hassið og ætlaði til eigin neyslu.

# Lúðvík segir máli forsætisráðherra hvergi nærri lokið

**Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að Halldór Ásgrímsson eigi að dvelja annars staðar en í forsætisráðuneytinu. Guðni Ágústsson segir Samfylkinguna líta viljandi fram hjá staðreyndum og málið skaði KB banka.**

**EINKAVÆÐING** „Það liggur í augum uppi að málinu er engan hátt lokið,“ segir Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, en hann ritaði grein í Morgunblaðið í gær þar sem hann fór hörðum orðum um þátttöku Halldórs Ásgrímsson forsætisráðherra í einkavæðingaferli Búnaðarbankans.

Í grein sinni segir Lúðvík að þeir sem fari illa með vald sem þeim er falið eigi að dvelja annars staðar en í stjórnarráðinu, hvort sem það sé á vegum hins opinbera eða ekki.

„Það er auðvitað athyglisvert í málinu að forsætisráðherra er bæði seljandi og kaupandi og fram hjá þeirri staðreynd verður ekki litið. Ekkert samfélag sem vill kenna sig við lýðræði myndi láta það yfir sig ganga að selja sjálfu sér ríkisbanka. Meira að segja má líta til þess að Rússar hafa reynt að taka á málum sem þessum hvað einkavæðinguna varðar og setja kaupendurna í steininn,“ segir Lúðvík. Aðspurður hvort hann sé með grein sinni að lýsa yfir vantrausti á forsætisráðherra segir Lúðvík: „Ég prísa mig sælan fyrir að þurfa ekki að verja hann.“

Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins, segist hissa á grein Lúðvíks. „Þeir Samfylkingarmenn sem hafa nú hvað hæst og ráðast harkalega gegn forsætisráðherranum alla daga og væna hann og fjölskyldu hans um að hafa misnotað aðstöðu sína við söluna á Búnaðarbanka Íslands, líta fram hjá staðreyndum málsins. Búnaðarbankinn var seldur hæstbjóðanda. Í öðru lagi fór erlent ráðgjafafyrirtæki yfir málið. Í þriðja lagi gerði einkavæðingarnefnd þetta að tillögu sinni og í fjórða lagi þá virðist engu máli skipta hverjir fjalla um málið og túlka umræðuna sér í hag. KB banka er málið erfitt í umræðunni en fyrirtækið er eitt framsæknasta og öflugasta fyrirtæki landsins sem hefur beitt sér fyrir mikilli útrás. Halldór Ásgrímsson hefur hvergi hyglað sér og sínum,“ segir Guðni.

hjalmar@frettabladid.is



**GUÐNI ÁGÚSTSSON** Segir Samfylkinguna gera KB banka erfitt fyrir.



**LÚÐVÍK BERGVINSSON** Prísar sig sælan fyrir að þurfa ekki að verja forsætisráðherra.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Á fundi þar sem hann kynnti álit Ríkisendurskoðunar á hæfi sínu við sölu Búnaðarbankans.








**MORGUNBLAÐSHÚSIÐ** Sala Morgunblaðsins dregst mjög saman frá ári til árs.

Upplagseftirlit Verslunarráðsins:

## Sala Morgunblaðsins dregst talsvert saman

**FJÖLMIÐLAR** Sala Morgunblaðsins á fyrri helmingi ársins dregst mikið saman í samanburði við sölu blaðsins á sama tíma í fyrra samkvæmt upplagseftirliti Verslunarráðs Íslands.

Meðaltalssala blaðsins fyrir tímabilið janúar til júní á þessu ári var 50.813 eintök á dag en á sama tímabili í fyrra var meðaltalssala 53.135 eintök á dag. Dregst salan því saman um 4,4 prósent frá ári til árs eða um rúmlega 2.300 eintök. Á fyrri hluta ársins 2003 borið saman við sama tímabil 2004 dróst salan hins vegar aðeins saman um 350 eintök. Veruleg breyting hefur því orðið þar á.

Samkvæmt mælingum Verslunarráðsins eru prentuð eintök Fréttablaðsins 102.927 á dag að meðaltali á tímabilinu janúar til júní á þessu ári. Þar af er 93.424 eintökum dreift með útburði í hús en 9.503 eintök eru lögð fram til dreifingar í verslunum og fyrirtækjum. Á sama tíma í fyrra var meðalfjöldi prentaðra eintaka 100.965 og hefur því aukist um tæplega 2.000 eintök. -hb

Húsaleigubætur:

## Tíu þúsund bótaþegar

**HÚSALEIGUBÆTUR** Húsaleigubótaþegar voru tæplega tíu þúsund á fyrsta ársfjórðungi 2005 og fækkaði þeim lítillega frá ársfjórðungnum á undan. Bótaþegum fjölgaði um níu hundruð miðað við sama tíma árið 2004.

Mestu breytingar á fjölda bótaþega urðu frá þriðja til fjórða ársfjórðungs þegar bótaþegum fjölgaði um rúm tíu prósent. Er það talið skýrast af greiðslum húsaleigubóta til námsmanna sem taka sér húsnæði á leigu að hausti og segja því upp við annarlok að vori. Námsmönnum sem þiggja húsaleigubætur fjölgaði um nær helming milli ársfjórðunganna. - ht

**FJÖLDI BÓTAÞEGA EFTIR ÁRSFJÓRÐUNGUM**

| | |
|---|---|
| I. ársfjórðungur 2004 | 9.074 |
| II. ársfjórðungur 2004 | 9.419 |
| III. ársfjórðungur 2004 | 9.290 |
| IV. ársfjórðungur 2004 | 10.327 |
| I. ársfjórðungur 2005 | 9.973 |

### MEXÍKÓ

**ALLUR VINDUR ÚR EMILY** Mestur vindur virðist nú úr fellibylnum Emily sem hrellt hefur íbúa Karabíska hafsins að undanförnu en veðurfræðingar skilgreina Emily nú einungis sem hitabeltislægð. Sá böggull fylgir hins vegar skammrifi að gífurleg úrkoma fylgir lægðinni og er búist við flóðum í Mexíkó af hennar völdum.


Það er gott að
„pulsa“
sig niður eftir rúntinn!
Íslendingar borða
SS pylsur
GOTT FÓLK McCANN

## „ORÐRÉTT“

*„Við erum öll sjálfstæðir atvinnurekendur með okkar kostnað og tekjur, en hver hefur sína leið til að telja fram.“*

**INGA HANNA DAGBJARTSDÓTTIR** DAGMÓÐIR Í MORGUNBLAÐINU.

*„Ég er ekki ómissandi.“*

**RÓBERT MARSHALL,** FRAMKVÆMDALEGUR FORSTÖÐUMAÐUR NÝS FRÉTTASVIÐS 365, Í MORGUNBLAÐINU.

nær og fjær

# tilveran

**HALTUR LEIÐIR BLINDAN:** PÓSTKORT FRÁ BJARKA OG GUÐBRANDI

## *Bjarki át tvær nautasteikur á Bautanum*

Það var ánægjulegt að ganga síðasta spölinn inn á Ráðhústorgið á Akureyri í fyrradag því hátt í eitt hundrað manns gengu með okkur. Á torginu var svo stutt og þægileg athöfn þar sem meðal annars kom fram vilji manna til að opna greiningar- og ráðgjafarstöð á Akureyri. Er vonandi að stjórnvöld sýni málinu skilning og liðki fyrir því.

Eftir þetta fórum við á Bautann og fengum okkur að borða. Bautinn stendur vel undir því að vera heimsfrægasti veitingastaðurinn á Akureyri því maturinn var góður og þjónustan fín. Guðbrandur fékk sér svartfugl og sjávarréttasúpu en Bjarki nautasteik. Er reyndar rétt að geta



þess að eftir eina steik fann Bjarki enn til hungurs og skellti sér því á aðra. Einnig er rétt að geta þess að steikurnar á Bautanum eru vænar og seðja hungur allra venjulegra manna. Sannaðist það því þarna, enn og aftur, að Bjarki er ekki venjulegur maður.

Í gær gengum við svo frá Ráðhústorginu og inn að Syðri-Bægisá í Öxnadal. Fyrstu kílómetrana fylgdi okkur hún Guðmunda sem, vegna fötlunar, ferðast um á sérstöku hjóli. Var ánægjulegt að hafa af henni félagsskap.

Við okkur blasir Öxnadalsheiðin, há og tignarleg og á hana verður lagt í dag. Þó hún kunni að virðast torgeng er það okkur tilhlökkunarefni að ráðast í verkefnið.

## SJÓNARHÓLL

**RJÚPNAVEIÐAR LEYFÐAR Á NÝ**



**FRÍÐA RÚN ÞÓRÐARDÓTTIR NÆRINGARRÁÐGJAFI OG EINKAÞJÁLFARI.**

### *Hollt og gott kjöt*

„Jæja, þá gleðjast margir fyrir jólin,“ hugsaði Fríða Rún Þórðardóttir, næringarfræðingur og einkaþjálfari, þegar hún heyrði fréttir af því að veiðar á rjúpu yrðu leyfðar á ný í haust eftir tveggja ára bann.

Fríðu Rún fannst rétt að banna veiðarnar fyrir tveimur árum fyrst talið var að stofninn væri í hættu. „Það er mjög ánægjulegt að það sé hægt að taka ákvörðun um svona hluti í samráði við það sem náttúrufræðingar segja. Mjög gott að vita að hlustað sé á sérfræðingana,“ segir Fríða Rún sem telur einnig jákvætt að látið verði reyna á hvort stofninn þoli veiðar nú.

„Rjúpan er ósköp fallegur fugl og ánægjulegt að stofninn sé búinn að ná sér á strik,“ segir Fríða en stofninn hefur ríflega þrefaldast á þeim tíma sem veiðar voru bannaðar.

„Þetta er mjög hollt og gott kjöt,“ segir næringarfræðingurinn sem borðar þó ekki sjálf rjúpu á jólunum en væri ekki smeyk við að smakka hana ef það býðist.

# Mamma heklar á barnum

**Guðmundur Jónsson, Gussi, rekur Gussabar á Torremolinos á Spáni. Móðir hans býr hjá honum í sólinni og veitir honum félagsskap á barnum á kvöldin.**

„Ég stefni ekki að því að verða neinn milljónamæringur en ég hef í mig og á og lifi á þessu góðu lífi,“ segir Guðmundur Jónsson, eða Gussi eins og hann er jafnan kallaður. Gussi hefur búið á Spáni í rúm þrjátíu ár og rekið krána Gussabar í strandbænum Torremolinos á Costa del Sol síðan 1986.

„Ég var búinn að búa hér í allnokkur ár og vinna fyrir hina og þessa þegar ég gat loksins opnað minn eigin stað,“ segir Gussi. „Ég opnaði þetta sem íslenskan bar en hingað koma líka Spánverjar og í rauninni fólk frá öllum þjóðum.“

Gussabar er opinn nær allt árið, utan þess sem Gussi tekur eins til tveggja mánaða frí yfir háveturinn. „Aðalviðskiptin eru við Íslendinga á sumrin en yfir vetrartímann sækja nær eingöngu heimamenn hingað, Spánverjar og reyndar líka Íslendingar,“ segir Gussi en opnunartímar ráðast af eftirspurn. „Fram eftir vori hef ég eingöngu opið um helgar en á sumrin tek ég mér bara frí einn



**GUÐMUNDUR JÓNSSON** Gussabar stendur við götuna Calle Casablanca í miðbæ strandbæjarins Torremolinos, þar sem margir Íslendingar eyða sumarleyfum sínum. Barinn er í fjölþjóðlegu umhverfi, en í næsta nágrenni má finna finnskan og brasilískan bar auk veitingastaða.

dag í viku. Á sumrin opnar barinn klukkan níu en lokar yfirleitt ekki fyrr en milli fjögur og fimm. Stundum er opið miklu lengur, það ræðst allt af fjörinu,“ segir hann.

Barreksturinn er eina lifibrauð Gussa. „Ég er einn í þessu öllu og það er ýmislegt sem þarf að gera, til dæmis kaupa inn og þrífa,“ segir Gussi. „Vinur minn kemur þó til mín skömmu fyrir miðnættið og við hjálpumst að til lokunar.“

Það er huggulegt andrúmsloft á barnum hjá Gussa og þar situr móðir hans, sem komin er hátt á níræðisaldur, á hverju kvöldi og heklar. „Mamma hefur búið hjá mér í sex ár. Hún kemur alltaf með mér niður á bar og situr hér og heklar fram undir miðnætti. Hún er eldhress og hjálpar mér heilmikið á barnum. Okkur líður ágætlega í sólinni þrátt fyrir að hitinn fari stundum í taugarnar á okkur eins og öðrum.“

Gussi hefur eins og stendur ekki í hyggju að snúa heim til Íslands. „Ég hef það gott hérna úti eins og er,“ segir hann. „Hvað ég geri í ellinni kemur síðan bara í ljós.“

helgat@frettabladid.is






**ÓLAFUR VIGFÚSSON** Segir menn komna með fiðringinn og þeir hlakki mikið til.

Rjúpan skotin á ný í haust:

# Skyttur gleðjast

Rjúpnaskyttur um land allt glöddust í fyrradag þegar umhverfisráðherra tilkynnti að rjúpnaveiðar skyldu hefjast á ný í haust. Læddust sumir niður í kjallara og bónuðu byssur sínar í tilefni dagsins.

„Menn eru komnir með fiðringinn og hlakka mikið til,“ segir Ólafur Vigfússon, kaupmaður í Veiðihorninu. Hann bendir þó á að enn eigi eftir að útfæra tilhögun veiðanna og því viti menn það eitt að rjúpnaveiði verði heimil en ekki með hvaða skilyrðum.

Og það eru ekki bara skytturnar sjálfar sem gleðjast, Ólafur og aðrir seljendur útbúnaðar til rjúpnaveiða sjá fram á góða tíma. „Það hefur auðvitað ekkert selst af rjúpnaskotum í tvö ár og það mun breytast í haust,“ segir Ólafur. Hann væntir þess einnig að tvíhleypur seljist í einhverjum mæli á ný en þær eru vinsælar meðal rjúpnaskyttna og hafa varla hreyfst á meðan bannið hefur varað.

bþs

Sportköfun nýtur vinsælda:

# Djúpavogsbúar djúpt sokknir

Sportköfun nýtur vaxandi vinsælda hér á landi. Héðinn Ólafsson, sem rekur köfunarskólann kafari.is, er nýkominn frá Djúpavogi þar sem hann kenndi tíu manns að kafa. „Ég hef reyndar áður kennt nokkrum Djúpavogsbúum svo ég geri ráð fyrir að í það minnsta þrjú prósent bæjarbúa séu komin með köfunarréttindi. Ég verð búinn með allan bæinn áður en yfir lýkur,“ grínast hann.

Alls hafa 70 manns lokið byrjendanámskeiðum hjá Héðni síðan árið 2001, þar af 20 á þessu ári.



**ÚTSKRIFT Í DJÚPINU** Héðinn útskrifaði nemendurna neðansjávar.

„Það er sífelld aukning í þessu sporti enda er heilmikið líf í sjónum í kringum landið og margt að sjá.“

Þá er vinsælt að kafa í Þingvallavatni sem Héðinn segir einn af tíu bestu köfunarstöðum heims. „Ég er alltaf með annan fótinn þar og fer oft með ferðamenn þangað. Það verður æ algengara að ferðamenn komi hingað til lands að kafa enda eru miklir möguleikar í boði,“ segir hann og bendir á að það sé einmitt fjallað um Ísland í stærsta sportköfunarblaði Bandaríkjanna í næsta mánuði. „Það má kannski segja að neðansjávar sé Ísland óplægður akur,“ segir Héðinn og hlær. **- bs**



MYND/JÓN ALEXANDER

**NÝBAKAÐIR KAFARAR** Um þrjú prósent Djúpavogsbúa hafa nú fengið köfunarréttindi.



**FÓTBOLTAPÚKAR** Fótboltinn hefur spilað stóran sess í lífi margra Ísfirðinga í gegnum tíðina.

## Stórir púkar í boltanum

Stóra púkamótið í fótbolta hefst í dag á Ísafirði. Þar mega þeir keppa sem orðnir eru þrjátíu ára eða eldri og hafa með einhverjum hætti tengst fótboltaiðkun á Ísafirði.

„Við erum að koma saman í fyrsta skipti knattspyrnumenn frá þrjátíu upp í rúmlega sjötíu ára,“ segir Jóhann Torfason einn skipuleggjenda mótsins en um 60 hafa skráð sig til keppni og sá sem kemur lengst að kemur alla leið frá Noregi. „Það er auðvitað mismikið sem þeir keppa enda sumir komnir með hækjur eða í hjólastól,“ segir Jóhann en meðal þeirra sem keppa á mótinu eru menn sem voru í gullaldarliði Ísfirðinga sem vann sér inn keppnisrétt á Evrópumót árið 1961.

Mótinu lýkur með stórdansleik á laugardagskvöld þar sem hljómlistarmenn frá Ísafirði skemmta en fótboltakempan og tónlistarmaðurinn Rúnar Þór Pétursson hefur hóað saman gömlum poppstjörnum að vestan.

Stefnt er að því að gera mótið að árlegum viðburði og jafnvel inni í myndinni að setja mótið á verslunarmannahelgi og búa til fjölskylduhátíðina Púkahátíð.

**-sgi**



**BLABLABLA** Eitthvað virðist ökuþórnum Juan Pablo Montoya leiðast masið í keppinaut sínum Ralf Schumacher á blaðamannafundi.





2 fyrir 2.200 kr.

Lestu helmingi meira í sumar!

2 FYRIR 2200,-

Láttu ekki bókaleysi varpa skugga á sumarfríið. Hvort sem þú ert spennusagnafíkill, heimsbókmenntamanneskja eða mest fyrir íslenskar skáldsögur færðu bækur við þitt hæfi í verslunum okkar. Ekki missa af frábæru sumartilboði, gríptu með þér tvær íslenskar kiljur fyrir einungis 2.200 krónur. Þú getur valið úr 40 titlum sem tryggir að þér leiðist aldrei í sumar.

BÓKABÚÐIR MM Penninn Eymundsson

Svör við öllu!

Fíton/SÍA F013783


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Veiði og útivist
UNDIRFATASETT
1499 KR.
ST.: XS-XXL
LANGERMA BOLUR - SÍÐAR BUXUR
SÉRVÖRU VERSLANIR
VANDAÐUR UNDIRFATNAÐUR
Sett með langerma bol og síðum buxum
Helgartaskan!
Ótrúlega rúmgóð 75x50x35 sm
1599 KR.
-á hjólum...
SÉRVÖRU VERSLANIR
Ferðin byrjar
299 REGNHLÍFIN KR.
2 TEGUNDIR
Regnhlífar
132 x 203 SM
Regnslá
99 REGNSLÁ KR.
LCD sjónvarpið!
6.8"
12v með straumbreyti fyrir 220v
AÐEINS SELT Á SMÁRATORGI og HOLTAGÖRÐUM
SÉRVÖRU VERSLANIR
LCD SJÓNVARPSTÆKI Í FELLIHÝSIÐ - HJÓLHÝSIÐ BÍLINN - BÚSTAÐINN
Verð aðeins
15900 KR.
GÖNGUSTAFIR ÚR ÁLI MEÐ KOMPÁSI
ÁLSTAFAPAR MEÐ KOMPÁSI
899 KR.
2 Í KASSA- ÁL
Göngustafir
SÉRVÖRU VERSLANIR
EKKERT BRUÐL
ÚR STÁLI
STÁLBRÚSI 500 ml
799 KR.
STÁLBRÚSI 1000 ml
999 KR.
Hitabrúsi
VASALJÓS+ 8 RAFHLÖÐUR
399 KR.
Vasaljós og 8 rafhlöður
EKKERT BRUÐL
99 2 kælikubbar KR.
2x 100 ml
2 kælikubbar
Sandalar
BARNA DÖMU HERRA
GÓÐIR SANDALAR
1299 KR.
PÉTTIR*STERKIR*GÓÐIR
Takk kassar
50 lítra
31 lítra
31 LÍTRA KASSI
899 KR.
50 LÍTRA KASSI
1399 KR.
STÓRAR GÓÐAR FERÐAHIRSLUR
ARIETE kaffivél
Ítalir þekkja sitt kaffi. Ariete byggir á ítölskum kaffihefðum við framleiðslu á vönduðum og góðum expressó kaffivélum fyrir kröfuharða.
Fullkomin 2,2l Expresso kaffivél með kaffikvörn
* Malar kaffibaunir og býr til kaffið
* Hægt að stilla hve fín mölunin er
* Býr til gufu bæði til að flóa mjólk og fyrir heita drykki eins og te
* Cappuccino kerfi - blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir frábært Cappuccino
* Innbyggður bollahitari
EXPRESSÓ VÉL MEÐ KAFFIKVÖRN
29.900 KR.
SÉRVÖRU VERSLANIR
DRAUMA KAFFIVÉLIN Á BÓNUSVERÐI!
Supréme DE LUXE
SHOU HEILSUGRILL
2999 KR.
Komið aftur!
BAKKI FYRIR FITU
Schou heilsugrill
ERAN/Landlist
SHOU SAMLOKUGRILL
998 KR.
Schou samlokugrill
SÉRVÖRU VERSLANIR
SHOU VÖFFLUJÁRN
1599 KR.
Schou vöfflujárn



með sólskinsskapi í Bónus!
EKKERT BRUÐL
MEIRT OG LJÚFFENGT
Nautafille
1998 kg KR.
KJARNAFÆÐI
Ávaxta SALAT
259
280g KR.
BBQ RIFJASTEIK
998 kg KR.
Bónus býður betur!
HANGIFRAMPARTUR MEÐ BEINI
699 kg KR.
98
350g KR.
Kartöflu salat
Hvítlauks sósa
Pipar sósa
139
270g KR.
Chicago BBQ rif
FORSOÐIN
ÓBARINN HARÐFISKUR
3999 kg KR.
Hrá salat
FRAMPARTUR Í BITUM MEÐ BEINI
Hangikjötið
98
350g KR.
KF LAMBARIFJUR
269 kg KR.
10% afsláttur við kassann
Merkt verð 299kr.
PESTO/VILLBRÁÐAR
699 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1169kr.
PESTO ROSSO KRYDDAÐAR FRAMPARTSSNEIÐAR
VILLIBRÁÐARKRYDDAÐAR FRAMPARTSSNEIÐAR
Lambasneiðar
Lambarifjur
Grandsalat
FERSKT OG ÍSLENSKT Í POTTI
139
GRAND í potti KR.
KJARNAFÆÐI
ÓBARINN STEINBÍTUR OG ÓBARIN ÝSA
Harðfiskur
40% afsláttur við kassann
HÁLFUR LÍTRI
59
STÓR DÓS KR.
FROSINN LAX
Laxabitar
BEINLAUSIR MEÐ ROÐI
ÍS FROSNIR LAXABITAR
699 kg KR.
BEINLAUS MEÐ ROÐI
EKKERT BRUÐL
Grísasteik
SÓLPURRKAÐIR TÓMATAR OG BASIL
ÍSLANDS GRÍSASTEIK
979 kg KR.
ÍSLENSKT SJÁVARFANG
ÍSLANDS GRÍS
GRÍSASTEIK
Coca-Cola
Coca-Cola light
Birgjum okkur upp í Bónus!
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## SVONA ERUM VIÐ

Fjöldi nýbygginga á ári (íbúðir)




Heimild: HAGSTOFA ÍSLANDS

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** BYGGINGARVÍSITALA

## *Byggingarkostnaður fjölbýlishúss*

Byggingarvísitala er reiknuð mánaðarlega af Hagstofu Íslands í samræmi við lög og á að gefa sem gleggsta mynd af breytingum á byggingarkostnaði fjölbýlishúsa.

**Af hverju sérstök vísitala vegna bygginga?**
Henni er ætlað ásamt öðrum vísitölum sem reglulega eru birtar að gefa fræðingum sem og almenningi öllum kost á að meta raunverulega stöðu þjóðfélagsins hverju sinni. Meðan vísitala neysluverðs er oftast nefnd í þessu tilliti skiptir byggingarvísitala máli þó að hún hafi ekki bein áhrif á vísitölu neysluverðs.

**Hefur hún áhrif á verðbólgu?**
Sem dæmi hefur húsnæðisverð undanfarin ár hækkað mun meira en annar kostnaður meðalfjölskyldunnar í landinu og því hefur vísitala neysluverðs hækkað meira en hliðstæð vísitala neysluverðs án húsnæðis. Húsnæðiskostaður hefur áhrif á verðbólgu með ýmsum hætti en helstu áhrifin verða þegar kostnaður við að eiga og reka húsnæði breytist. Þá jafnframt er almennt verðlag talið hafa breyst og séu bornar saman vísitölur neysluverðs með og án húsnæðis fæst vitneskja um hversu mikil áhrif breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar hefur á vístitölu neysluverðs.

**Hvernig er hún reiknuð?**
Hagstofan notar verð á byggingarefnum og almenn laun í byggingageiranum til að reikna út vísitölu byggingarverðs en einnig er reiknuð út sambærileg tala vegna kostnaðar við iðnaðarhúsnæði sem er í mörgu frábrugðinn kostnaði við fjölbýlishús.



**SPURT & SVARAÐ**
**MÓTMÆLAAÐGERÐIR**

## *Mótmælaaðgerðir geta haft áhrif*

Mótmælendur sem halda til við Kárahnjúka hafa vakið athygli á málstað sínum með ýmsum hætti og þótti sitt hverjum þegar nokkrir þeirra hlekkjuðu sig við vinnuvélar. Birgitta Jónsdóttir er ein af talsmönnum mótmælendanna við Kárahnjúka.



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR

**Ertu hlynnt þeim aðgerðum mótmælenda sem hlekkjuðu sig við vinnuvélarnar?**
Já, ég er hlynnt svona aðgerðum svo lengi sem enginn mannskaði hlýst af. Meira að segja Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtakanna, sagðist hlynntur svona aðgerðum þótt hann væri andvígur skyrslettunum á álráðstefnunni. Nú bíð ég bara eftir því að hann komi og hlekki sig við eitthvað.

**Bera svona aðgerðir einhvern árangur?**
Já, ég hef sjálf séð það að í Bretlandi hafa til dæmis svona mótmæli gegn iðnaði í erfðabreyttum mætvælum heft útbreiðslu þeirrar greinar.

**Eruð þið ekki of seint á ferð með ykkar mótmæli á Kárahnjúkum?**
Alls ekki því ef við látum þessar framkvæmdir eiga sér stað án þess að rönd sé við reist verður bara gengið á lagið og haldið áfram að virkja í trássi við vilja landsmanna.

# Útafakstur er algengasta orsök banaslysa í umferðinni

**Undanfarið hafa Umferðarstofa, Vegagerðin og Ríkislögreglustjóri staðið fyrir umferðaröryggisátaki til að reyna að fækka slysum í umferðinni. Það sem af er ári hafa fjórtán látist í umferðarslysum og er það svipaður fjöldi og verið hefur undanfarin ár. Ljósið í myrkrinu er að tekist hefur að halda fjölda látinna í horfinu þrátt fyrir aukinn umferðarþunga.**



**FRÉTTASKÝRING**
UMFERÐARÖRYGGI

**ODDUR ÁSTRÁÐSSON**
BLAÐAMAÐUR

Algengast er að banaslys í umferðinni verði vegna útafaksturs eða þegar tveir bílar rekast hvor framan á annan. Alls verða um 75 prósent banaslysa með þessum hætti.

Ágúst Mogensen, framkvæmdastjóri Rannsóknarnefndar umferðarslysa, segir slys vegna útafaksturs verða um allt land, sérstaklega séu þó slys þar sem erlendir ferðamenn eiga í hlut, áberandi í þessum flokki. Leiða má líkur að því að þau slys stafi að miklu leyti af reynsluleysi af íslensku vegakerfi. Slys þar sem bílar rekast hver framan á annan verða að sögn Ágústs aðallega á þjóðvegunum nærri höfuðborginni þar sem umferð er hvað mest. Oft má rekja slík slys til óvarlegs framúraksturs.

*„Karlmenn á aldrinum 17-40 ára aka helst undir áhrifum áfengis.“*

### Haldið í horfinu

Ef rýnt er í tölur um umferðarslys má sjá að banaslysum hefur hvorki fækkað né fjölgað svo marktækt sé undanfarin ár. Ágúst segir forvarnarstarf þó hafa skilað þeim árangri að tekist hafi að halda í horfinu, þrátt fyrir aukna bílaeign og umferðarþunga.

Athygli vekur einnig að stærstur hluti banaslysa verður þegar aðstæður til aksturs eru með besta móti, í björtu og þurru og virðist því sem ökumenn eigi það til að sofna á verðinum þegar aðstæður eru góðar. Óhætt er því að gera ráð fyrir því að hraðakstur og annars konar áhættuhegðun í umferðinni spili mun stærra hlutverk þegar kemur að banaslysum en aðstæður að öðru leyti.

### Beltin bjarga

Bílbeltanotkun skiptir talsverðu um það hvort fólk lifir af alvarleg umferðarslys. Ef litið er á notkun bílbelta hjá þeim sem létust í umferðinni árin 2001-2004 má sjá að af þeim 90 sem létust sitjandi í bíl var rétt um þriðjungur ekki í bílbeltum, á meðan gera má ráð fyrir því að um fjórir af hverjum fimm noti bílbelti að jafnaði ef miðað er við tölur frá Umferðarstofu um bílbeltanotkun. Nokkuð kemur á óvart að munurinn sé ekki meiri þó ljóst sé að beltin bjargi mörgum.




Ölvunarakstur kemur við sögu í um tíunda hluta banaslysa á árunum sem um ræðir og eru það helst karlmenn á aldrinum 17 til 40 ára sem aka undir áhrifum. Ef horft er á tíu ára tímabil má þó sjá að eitthvað hefur dregið úr ölvunarakstri og má sennilegast þakka það ötulu forvarnarstarfi. Ölvun sljóvgar skilningarvitin og lengir viðbragðstíma auk þess sem hún dregur úr ábyrgðartilfinningu, allt ástæður fyrir því að óheimilt er að aka undir áhrifum áfengis og eins fyrir aukinni slysahættu sé ökumaður undir áhrifum.

*„Ríflega helmingur banaslysa í umferðinni verður á suðvesturhorninu.“*

### Leiðbeinandi hámarkshraði

Langstærstur hluti banaslysa verður á þjóðvegunum nærri höfuðborgarsvæðinu, bæði á Suður- og Vesturlandsvegi. Eins voru banaslys algeng á Reykjanesbrautinni en breikkun hennar virðist hafa dregið mjög úr slysahættu. Ríflega helmingur banaslysa verður sem sagt á suðvesturhorninu, lögregla hefur þó bent á staði þar sem umferðin tekur áberandi meiri toll og jafnvel sett upp svokölluð leiðbeinandi hraðamerkingar á þeim stöðum. Í júlí er gert ráð fyrir að merkja þjóðveg 1, aðalvegi á Snæfellsnesi, Ólafsfjarðarveg, Norðausturveg að Húsavík, Seyðisfjarðarveg, Norðfjarðarveg, Vestfjarðaveg að Reykhólasveitarvegi, Suðurfjarðaveg og helstu aðalvegi á Suður- og Vesturlandi. Á næsta ári verða svo allir aðrir stofnvegir merktir. Markmiðið með merkjunum er að auka öryggi og þægindi vegfarenda. Einnig er vonast til þess að merkin hjálpi erlendum ferðamönnum sem ekki þekkja svo gjörla til íslensks vegakerfis.

Það sem af er ári hafa fjórtán látist í umferðinni, flestir vegna útafaksturs. Yfirvöld og opinberar stofnanir á borð við Vegagerðina, Umferðarstofu og Lögregluna hafa undanfarið staðið fyrir umferðaröryggisátaki með kynningum, auglýsingum og hertu eftirliti. Slysin gera þó ekki boð á undan sér frekar en fyrri daginn og því skylda hvers ökumanns að fara varlega í umferðinni, vera vakandi og haga akstri eftir aðstæðum. ■

| Banaslys | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | Samtals | Hlutfall af heildarfjölda slysa | Að meðaltali á ári |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Slys milli ökutækis og óvarins vegfaranda | 3 | 3 | 1 | 1 | 8 | 8,16% | 2,00 |
| Slys með einu ökutæki | 11 | 11 | 16 | 8 | 46 | 46,94% | 11,50 |
| Aftanákeyrsla | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1,02% | 0,25 |
| Hliðarákeyrsla | 1 | 1 | 3 | 3 | 8 | 8,16% | 2,00 |
| Framanákeyrsla | 6 | 7 | 9 | 9 | 31 | 31,63% | 7,75 |
| Annað (þ.á m. akstur á kyrrstætt ökutæki) | 1 | 1 | 0 | 2 | 4 | 4,08% | 1,00 |
| **Samtals** | **23** | **23** | **29** | **24** | **98** | **100,00%** | **24,5** |

Heimild: Umferðarstofa






Komdu í **Og Vodafone verslun**, smelltu þér á **www.ogvodafone.is** eða hringdu í **1414** og fáðu nánari upplýsingar.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Krafa um opið ráðningarferli hjá ríkinu er eðlileg.

## Ráðið í starf útvarpsstjóra

Líklegt er að einhverjir, sem höfðu hugsað sér að sækja um starf útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, hafi hætt við þá fyrirætlan þegar sá orðrómur fór á kreik síðdegis á miðvikudaginn að búið væri að ráða í stöðuna á bak við tjöldin þótt umsóknarfrestur væri ekki liðinn. Sagt var að Páli Magnússyni, sem þann dag gekk ósáttur frá starfi sjónvarps- og fréttastjóra Stöðvar tvö, hefði verið lofað embættið.

*Þótt engar hæfniskröfur séu gerðar til útvarpsstjóra í lögum um Ríkisútvarpið eða auglýsingu menntamálaráðuneytisins verður að ætla að almenningsálitið krefjist þess að sá sem gegnir starfinu hafi víðtæka þekkingu og reynslu á sviði fjölmiðlunar og þá ekki síst á sviði útvarps- og sjónvarpsreksturs. Uppákoman sem varð í fréttastjóramálinu fyrr á árinu sýnir að menn sætta sig ekki við að kröfur af þessu tagi séu sniðgengnar.*

Ekki þarf að koma á óvart að menn séu tilbúnir að leggja trúnað á sögusögn af þessu tagi. Það hefur verið regla fremur en undantekning að þannig sé staðið að verki hér á landi þegar ráðið er í eftirsóttar stöður hjá ríki og sveitarfélögum, að fyrst sé fundinn kandídatinn og síðan sé starfið auglýst.

Þótt engar hæfniskröfur séu gerðar til útvarpsstjóra í lögum um Ríkisútvarpið eða auglýsingu menntamálaráðuneytisins verður að ætla að almenningsálitið krefjist þess að sá sem gegnir starfinu hafi víðtæka þekkingu og reynslu á sviði fjölmiðlunar og þá ekki síst á sviði útvarps- og sjónvarpsreksturs. Uppákoman sem varð í fréttastjóramálinu fyrr á árinu sýnir að menn sætta sig ekki við að kröfur af þessu tagi séu sniðgengnar. Sé það rétt að Páli Magnússyni verði veitt staðan, en um það skal ekkert fullyrt, verður það ekki gagnrýnt frá faglegu sjónarmiði. Ekki eru margir í stétt fjölmiðlamanna sem eiga að baki jafn árangursríkan og farsælan feril. Páli er treystandi til að gera spennandi hluti á Ríkisútvarpinu fái hann á annað borð umboð til þess, og að því gefnu að sæmilegur friður takist um nýja löggjöf um stofnunina.

En finna má að vinnubrögðum Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra. Hún hefði í fyrsta lagi átt að láta koma skýrt fram í starfsauglýsingunni hvaða kröfur ráðuneytið gerir til útvarpsstjóra. Með því að skila auðu á því sviði er á vissan hátt verið að gengisfella embættið og gefa því undir fótinn að hæfniskröfurnar séu hrein geðþóttaákvörðun veitingarvaldsins. Í öðru lagi hefði verið til fyrirmyndar ef ráðherrann hefði farið þá leið að biðja umsækjendur að lýsa framtíðarsýn sinni varðandi Ríkisútvarpið, og látið valið meðfram ráðast af því hve hugmyndaríkir þeir væru. Ekki hefði verið verra ef samhliða hefði verið efnt til opinnar ráðstefnu þar sem umsækjendur hefðu kynnt almenningi hugmyndir sínar, og prófað þær í rökræðum. Kannski finnst ráðherra í Sjálfstæðisflokknum slíkt ferli minna um of á „umræðustjórnmál“ sem því miður þykja víst frekar púkaleg í þeim ágæta flokki. En þá þarf að minna ráðherrann á að Ríkisútvarpið er almenningseign með sérstök markmið og skyldur, ekki fyrirtæki eða góss stjórnmálaflokkanna, og því er ekki óeðlilegt að settar séu fram kröfur um opið og lýðræðislegt ráðningarferli æðstu stjórnenda stofnunarinnar. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Málblóm

Í hrókeringunum sem urðu meðal silkihúfanna á 365-miðlunum á miðvikudaginn varð til nýtt grátbroslegt stöðuheiti þegar Róbert Marshall varð „framkvæmdalegur forstöðumaður fréttasviðs“. Hafa margir klórað sér í kollinum og velt fyrir sér hvað þetta málblóm merkir. Sumir segja að þetta sé nokkurs konar opinbert erindisbréf: hann eigi að vinna fyrir kaupinu sínu en ekki sitja með hendur í skauti. „Framkvæmdalegur“ merki „athafnasamur“. Aðrir telja að þetta þýði einfaldlega að nýi forstöðumaðurinn eigi að puða án þess að hafa tékkhefti.



### Fjármagnslíf

Annað nýyrði sást á forsíðu Morgunblaðsins í gær; „fjármagnslíf“. Kosturinn við þetta orð er að það alveg „gagnsætt“ eins og málfræðingarnir segja. Þarna hlýtur að vera átt við lífið sem hún lifir hin nýja yfirstétt íslenskra fjármagnseigenda, þotuliðið sem borgar ekki hinn púkalega 40% tekjuskatt öreignalýðsins heldur hinn svala 18% fyrirtækjaskatt og enn lægri fjármagnsskatt.

### Gramur

Margir urðu hissa að sjá og heyra í Kastljósi Sjónvarpsins á miðvikudaginn hve Bogi Ágústsson, hinn ágæti forstöðumaður fréttasviðs Ríkisútvarpsins (NB: ekki „framkvæmdalegur forstöðumaður“), var gramur yfir nýju fréttastöðinni sem 365 miðlar ætla að hleypa af stokkunum í haust. Taldi hann engan fjárhagslegan grundvöll fyrir stöðinni og hafði allt á hornum sér yfir henni. Spyrja má: Er það ekki fyrst og fremst mál þeirra manna sem eiga og reka nýju fréttastöðina hvort hún plumar sig fjárhagslega eða ekki? Er ekki frekar ástæða til að gleðjast yfir fjölgun og fjölbreytni starfa fréttamanna? Eða glitti þarna kannski í samkeppnisbeyg?



gm@frettabladid.is

# Ófreskja í mannsmynd?

Í DAG
MAÓ
FORMAÐUR



HANNES H. GISSURARSON

Fyrir nokkrum árum kom út á íslensku bókin Villtir svanir eftir kínverska konu, Jung Chang, sem lýsti þar átakanlegri reynslu sinni af menningarbyltingunni svokölluðu í Kína á sjöunda áratug. Nú hefur Jung skrifað aðra bók ásamt eiginmanni sínum, Jon Halliday, ævisögu kommúnistaforingjans Maós Tse-Tungs, einræðisherra Kínaveldis 1949-1976. Þau voru áratug að skrifa bókina, könnuðu skjalasöfn víða, fóru um Kína þvert og endilangt og töluðu við alla, sem höfðu eitthvað að segja um Maó.

Þessi ævisaga er ótrúleg lesning. Ef marka má hana, þá hefur Maó verið ófreskja í mannsmynd. Honum þótti ekki vænt um neinn (nema hugsanlega móður sína) og lagði líf allra í kringum sig í rústir. Hann hafði fjölda hjákvenna, sem hann smitaði af kynsjúkdómum, en eiginkonur hans og börn biluðust flest á geði. Hann þvoði sér aldrei og vildi ekki bursta í sér tennurnar, heldur lét þræla sína og frillur nudda sig með rökum handklæðum.

Þegar flokksbróðir hans Chou En-Lai greindist með krabbamein í blöðruhálskirtli, neitaði hann honum lengi vel um læknismeðferð. Hann lét handtaka og pynta til dauða annan flokksbróður, sjálfan forseta Kína, Liu Shao-Chi. Maó hafði gaman af því að skoða myndir af pyntingum og aftökum andstæðinga sinna.

Þau Jung og Halliday rekja, hvernig kommúnistar undir forystu Maós einbeittu sér á fjórða áratug að baráttunni við innlenda andstæðinga í stað þess að verjast japönskum innrásarher. Þau lýsa ógnarstjórn kommúnista í ýmsum héruðum Kína, áður en þeir tóku völd í öllu landinu. Þau halda því fram, að kommúnistar hafi ekki sigrað í borgarastríðinu kínverska fyrir

*Þessi ævisaga er ótrúleg lesning. Ef marka má hana, þá hefur Maó verið ófreskja í mannsmynd. Honum þótti ekki vænt um neinn (nema hugsanlega móður sína) og lagði líf allra í kringum sig í rústir.*

eigin verðleika, heldur vegna aðstoðar Kremlverja og óraunsæis Bandaríkjamanna.

Eftir valdatöku kommúnista 1949 hófst blóðbað í Kína. Þau Jung og Halliday giska á, að um þrjár milljónir manna hafi verið teknar af lífi fyrsta valdaár kommúnista. Nokkrum úr hinni gömlu yfirstétt var þyrmt, svo að þá mætti sýna erlendum gestum. Árið 1957 hélt Maó ræðu um, að hundrað blóm þyrftu að fá að spretta. Með því vildi hann lokka menntamenn, sem andsnúnir væru kommúnistastjórninni, til að segja hug sinn. Í kjölfarið sigldu ofsóknir gegn þeim, handtökur og aftökur. Árið 1958 hleypti Maó af stað „Stökkinu stóra“, sem átti að gera Kínaveldi öflugasta iðnríki heims á örfáum árum. Afleiðingin varð stórfelld hungursneyð, sem 38 milljónir manna hafa sennilega fallið í. Á sama tíma flutti Maó út korn. Um ógnir menningarbyltingarinnar frá 1966 og fram að láti Maós 1976 þarf ekki að fjölyrða.

Bók þeirra Jungs og Hallidays er 800 blaðsíður og barmafull af fróðleik. En hvernig gat þetta gerst? Og hvers vegna? Eitt svarið er augljóst. Þar sem er alræðisvald, er hætt við að það lendi í höndum þess, sem helst sækist eftir því, en hann er einmitt iðulega sá, sem síst ætti að fara með það. Annað svar liggur ekki eins í augum uppi. Það er, að sjálf hugmyndin á bak við kommúnismann krefst ógnarstjórnar. Þessi hugmynd er um að endurskipuleggja mannlífið. Til þess að gera það þarf að endurskapa mennina, svo að þeir falli að hinu nýja skipulagi. En menn hafa sjálfstæðan vilja og verða ekki endurskapaðir með góðu, svo að gera verður það með illu.

Margt er nýtt í þessari bók. En hún hefði samt ekki átt að koma Íslendingum á óvart. Séra Jóhann Hannesson, trúboði í Kína, hafði skrifað merkilega greinaflokka í Morgunblaðið 1952 og 1953 um ógnarstjórn Maós. Ungur kommúnisti, Skúli Magnússon, sem stundaði nám í Kína 1957-1961, skýrði íslenskum samherjum sínum frá kúguninni og hungursneyðinni þar, meðal annarra Hannesi Sigfússyni og Ólafi Jóhanni Sigurðssyni, sem fóru í boðsferð þangað haustið 1958, eins og Hannes segir frá í endurminningum sínum. Samt skrifuðu þeir Hannes og Ólafur Jóhann lofgreinar í Tímarit Máls og menningar 1960 um kommúnistastjórnina. Ekki þarf síðan að spyrja að því, hvað sannfærðir kommúnistar eins og Kristinn E. Andrésson og Magnús Kjartansson skrifuðu í ferðabókum frá Kína. Þeir voru ekki nytsamir sakleysingjar, heldur sammála Maó um að mannkynið væri leir sem þeim væri fengið í hendur til að móta. ■




TIL SÖLU

Benimar Perseo 710ccx árg. 2004.
Ekinn 11.000km
Kaupverð 2004 kr: 7.933.000.-
Söluverð: kr: 6.200.000.-
Upplýsingar í síma: 893 9857






LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
vísir


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



BESTI
PlayStation 2
LEIKURINN
God of War
Þessi leikur er hreint út sagt stórkostlegur og nú þegar talað um hann sem 1 af 5 bestu Playstation 2 leikjum allra tíma.
Vopnaður tvöfaldri sveðju á keðjum verður þú sem Kratos að berjast gegn frægustu ófreskjum grísku sagnanna, svo sem Medúsu, Cyclops og marghöfða Hydrum, og leysa þrautir í ótrúlega flottum umhverfum sem slá við öllu sem sést hefur áður á Playstation 2.
9,3
gamerankings.com
9,8
ign.com
BT MEÐ MÆLI
4.999
PlayStation 2
GOD OF WAR
PAL
18+
www.pegi.info
Bannaður innan 18 ára
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

# fantastiske t

## gaman að v



nýtt!

1.999 kr.kg.

Borgarnes innralærisvöðvi í grískri marineringu




þú sparar 899 kr.kg.

1.999 kr.kg.

SS lambafille Grand Orange




159 kr.pk.

Myllu hvítlauksbrauð fín og gróf




50% afsl.

Goða Ostapylsur




349 kr.kg.

Matfugl BBQ kjúklingaleggir/læri



humar-sprengja

hum spre

499 kr.pk.

Nýveiddur blandaður humar

Auglýsingastofa Víkurfrétta • www.vf.is

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 21. til 24. júlí (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi


ilb d i Nettó
ersla Nettó
lífrænt
Grand orange
SS fremstir fyrir bragðið
999 kr.kg.
SS Grand Orange lambalæri
30% afsl.
Lífræn paprika
60% afsláttur
Lífrænir tómatar
Vá! skoðið verðið!
BAUTABÚRIÐ - fullt búr matar
50% afsl.
Bautabúrs grísahakk
Grill kjöt
999 kr.kg.
Mediterranean grísakótilettur
30% afsláttur þú sparar 1.148 kr.kg.
2.796 kr.kg.
Gourmet meyrnuð Tornadossteik
ar-
ngja
aldrei ódýrari!
499 kr.pk.
Nýveiddur blandaður humar
netto

# Enginn R-listi án samstarfsflokkanna

UMRÆÐAN
BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, hefur varpað fram þeirri hugmynd, að Samfylkingin ásamt óháðum bjóði fram R-lista með eða án samstarfsflokkanna. Þetta er djörf hugmynd en ég held, að hún gangi ekki upp. R-listinn er kosningabandalag þriggja flokka. Og það getur enginn einn flokkur tekið þetta nafn, Reykjavíkurlisti, og boðið fram í nafni hans. Það er rétt hugsanlegt, að tveir flokkar gætu boðið fram í nafni R-listans, til dæmis ef mál þróuðust þannig, að tveir flokkanna samþykktu að halda samstarfi um framboð áfram en einn flokkurinn mundi ákveða að hætta þátttöku í því. Þó er það alveg á mörkunum, að það stæðist.

R-listi er gott nafn og því er eðlilegt, að menn vilji halda í það. Þess vegna er hugmynd Össurar komin fram. Hann vill halda R-listanum hvað sem tautar og raular og jafnvel þó Samfylkingin í ein stæði að þeim lista til dæmis með óháðum frambjóðendum eins og Degi B. Eggertssyni. En lausnin á framboðsmálum R-listans er ekki fólgin í því, að einn flokkur standi að R-listanum. Lausnin er fólgin í því að samstarfsflokkarnir, Samfylking, VG og Framsókn nái samkomulagi um framboðsmál sín og bjóði fram áfram undir merkjum R-listans. Flokkarnir geta náð slíku samkomulagi. Það er ekki erfiðara nú en áður. Lausnin felst að mínu mati í því, að sá flokkur sem fær borgarstjórann fái færri örugg sæti á framboðslistanum. Svo virðist sem mál hafi þróast á þann veg, að aðstandendur R-listans telji eðlilegast, að Samfylkingin fái borgarstjórann og þá tel ég, að Samfylkingin geti á móti slakað á sínum kröfum um fjölda öruggra sæta á framboðslistanum. Það er síðan algerlega mál hvers flokks fyrir sig hvernig menn velja frambjóðendur á listann. Hver flokkur verður að fá að ráða því. Menn geta valið sína menn í prófkjöri eða með gömlu aðferðinni að láta uppstillinganefnd ákveða frambjóðendur og samþykkja slíkar tillögur á flokksfundi.

Enginn málefnaágreiningur er á milli flokka R-listans. Það er mikilvægasta atriðið. Þess vegna á samstarfið að halda áfram. Síðasta skoðanakönnun um fylgi flokkanna í borgarstjórn bendir til þess að mjög mjótt sé á munum milli R-listans og Sjálfstæðisflokksins. Í þessari könnun fékk Sjálfstæðisflokkurinn 52%. Mjög fáir tóku að vísu þátt í könnuninni og hún var tæplega marktæk. En eigi að síður gefur hún vísbendingu um stöðuna. Ég tel, að R-listinn muni halda meirihlutanum, ef listinn býður fram á ný. En næsta víst má telja, að Sjálfstæðisflokkurinn nái meirihlutanum, ef flokkar R-listans bjóða fram hver fyrir sig. Það er óþarfi að færa Sjálfstæðisflokknum meirihlutann.

# Gamalgróin staðalímynd

UMRÆÐAN
STAÐALÍMYND
HJÚKRUNARFRÆÐINGA



ERLA DORIS HALLDÓRSDÓTTIR

*Hjúkrunarfræðin er vísindagrein sem rúmar bæði kynin og staðalímyndir sem hamla öðru kyninu frá því að starfa við hjúkrun á að uppræta.*

Óneitanlega er hún falleg, nýjasta ímynd Póllands, fyrirsætan og ímyndaði hjúkrunarfræðingurinn, Bozena Szwarc með höfðufat sem tengist gamalgróinni staðalímynd hjúkrunarfræðinga það er hvítum kappa, á mynd sem birtist í Fréttablaðinu 16. júlí síðastliðinn. Ósagt skal látið hvort Bozena Szwarc hafi hugmynd um að höfuðfatið sem hún ber er arfleið úr kaþólskum sið, tákn hógværðar, umhyggju og hlýðni. Myndin af fyrirsætunni með hvítan kappa, sem bæta á ímynd Póllands kemur þó einkennilega fyrir sjónir í ljósi þess að mörg hjúkrunarfélög um heim allan hafa reynt að sporna gegn þessari gamalgrónu ímynd hjúkrunarfræðinga, um að hjúkrun sé alfarið kvennastarf, undir þeim formerkjum að auka hlut karla í hjúkrun. Í byrjun níunda áratugar 20. aldar hættu kvenkyns hjúkrunarfræðingar hér á landi sem og annars staðar að nota kappa við störf. Á sama tíma höfðu örfáir karlmenn lokið hjúkrunarnámi en ekki þótti við hæfi að þeir nældu hvítum kappa í hár sitt. Karlmenn í hjúkrun á Íslandi eru nú um 1% af hjúkrunarfræðingum. Árið 2002 hleypti Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld af stokku átaksverkefni í þeim tilgangi að laða karla í hjúkrunarnám. Átakið skilaði því miður litlum árangri og eru eflaust margar ástæður sem liggja þar á bak við. Ein ástæðan er að öllum líkindum gamlar staðalímyndir sem fylgja hjúkrunarfræðingum. Fyrr á öldum störfuðu karlmenn við að hjúkra sjúkum en um miðja 19. öld var sú kenning sett fram að hjúkrun væri eðlislæg konum hliðstætt móðurhlutverkinu. Í framhaldi af því var karlmönnum í sumum löndum bannaður aðgangur að hjúkrunarskólum og að starfa við hjúkrunarstörf. Þegar líða tekur á 20.öld voru slík bönn afnumin með auknu jafnrétti. Hjúkrunarfræðin er vísindagrein sem rúmar bæði kynin og staðalímyndir sem hamla öðru kyninu frá því að starfa við hjúkrun á að uppræta.

*Höfundur er hjúkrunarfræðingur og stundar doktorsnám í sagnfræði við Háskóla Íslands.*

# *Frístundabyggð*

UMRÆÐAN
FRÍSTUNDABYGGÐ



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Orkuveita Reykjavíkur (OR) á töluverð lönd sem fyrirtækið hefur keypt í gegnum tíðina til að tryggja sér orkuvinnsluréttindi. Einungis lítið brot þessara landa er þó nýtt undir borholur og mannvirki þeim tengdum eða aðra starfsemi fyrirtækisins. Í löndunum eru þó töluverð verðmæti fólgin sem hingað til hafa ekki skilað fyrirtækinu neinum arði heldur aðeins kostnaði. Því er ekki nema eðlilegt að OR leiti leiða til að fá arð af þessum ónýttu lendum sínum.

Nokkur umræða hefur verið um fyrirhugaða frístundabyggð við Úlfljótsvatn og hefur nokkurs misskilnings gætt um þær framkvæmdir. OR ætlar ekki að byggja og/eða selja sumarbústaði á landinu. Þetta kemur skýrt fram í þeim gögnum sem lögð voru fyrir stjórn OR og eru grundvöllur samþykkta stjórnarinnar á samningum um þetta verkefni. Allt tal um annað er í bestafalli misskilningur og í versta falli rangfærslur.

Eins og vel rekinna fyrirtækja er siður reynir OR að hámarka arðsemi af eignum sínum, í þessu tilviki með því að láta hanna, deiliskipuleggja og forvinna svæði undir sumarbústaðarbyggð (í samvinnu við aðra), leggja vatnslagnir, rafmagn og fráveitu í stað þess að selja jörðina á einu bretti sem skilar mun minni arðsemi.

*Eins og vel rekinna fyrirtækja er siður reynir OR að hámarka arðsemi af eignum sínum.*

Enda mun minni verðmæti í óbrotnu landi en fullmótuðu og skipulögðu byggingarlandi. OR ætlar þó ekki sjálf að framkvæma eða standa straum af kostnaði við skipulagsvinnu, vegagerð eða gerð golfvallar á svæðinu enda slíkt ekki eitt af þekkingarsviðum OR. Því var leitað samstarfs við aðila á einkamarkaði sem þekkingu og reynslu hafa af slíkum framkvæmdum. Hvað framkvæmdum við Úlfljótsvatn viðkemur var gengið til samstarfs við Klasa sem er félag í meirihlutaeigu Íslandsbanka. Stofnað var um félagið hlutafélag þar sem OR leggur inn í félagið land undir byggðina en samstarfsaðilinn 150 milljónir sem fara munu í framkvæmdir á svæðinu. Sú upphæð samsvarar söluverðmæti landsins að mati löggilts fasteignasala sem báðir aðilar treysta, því er félagið í helmings eigu OR og Klasa. Þannig munu arðgreiðslur eftir úthlutun lóða skiptast jafnt á milli þessara aðila. Þannig er OR ekki að leggja neina fjármuni inn í félagið, einungis að hámarka arðsemi að landareigninni og áhætta OR af þessu verkefni er því mjög takmörkuð.

Auðvitað kom til greina að selja landið á einu bretti með minni arðsemi. En það er fleira en einungis arðsemis sjónarmið af sölunni sjálfri sem mælir með því að þessi leið sé farin. Með þessu móti er til dæmis tryggt að byggðin rísi hraðar þar sem landið verður tilbúið til byggingar, byggðin skipulögð og lagnir fyrir hendi. Það eru hagsmunir OR að uppbygging gangi hratt þar sem fyrirtækið ætlar að selja á svæðinu rafmagn, heitt og kalt vatn og hugsanlega aðgang að ljósleiðara. Eðli málsins samkvæmt eru slíkar lagnir mun hagkvæmari sé hægt að leggja þær í samfellu og notkun á þeim hefjist fljótlega eftir lögn.

Annað atriði sem vó þungt er að á svæðinu eru fyrir sumarbúðir skáta og sumarhúsa byggð starfsmannafélags Reykjavíkur og mikilvægt að væntanleg byggð taki fullt tillit til þeirrar starfsemi. Auðvitað hefði verið mögulegt að stuðla að því með flóknum kvaðaskilyrðum í kaupsamningi hefði landið verið selt í einu lagi en sala á lóðum með þeim hætti sem ákveðið hefur verið að fara út í tryggir það enn betur. Þessi aðferðarfræði gefur almenningi einnig kost á að eignast frágengnar sumarbústaðarlóðir á einhverju vinsælasta útivistarsvæði í nágrenni borgarinnar, sem erfitt hefði verið að tryggja hefði landið verið selt hæstbjóðanda, fyrirtæki eða einstaklingi.

*Höfundur er varaformaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.*






| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 4.02 | 13.34 | 23.04 |
| AKUREYRI | 3.23 | 13.19 | 23.11 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

**tilboð o.fl.**
Ódýrir línuskautar
BLS. 5



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is

*Góðan dag!*
Í dag er föstudagur 22. júlí, 203. dagur ársins 2005.

KRÍLIN




**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 6*

**Flokkar**

**Bílar & farartæki**
**Keypt & selt**
**Þjónusta**
**Heilsa**
**Skólar & námskeið**
**Heimilið**
**Tómstundir & ferðir**
**Húsnæði**
**Atvinna**
**Tilkynningar**

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir



Jóhanna segir arabískan mat þægilegan í maga enda sé hann léttur og hollur.

# Gladdist strax yfir matnum

***Jóhanna Kristjónsdóttir hefur búið í Austurlöndum nær og fjær. Undantekningarlaust hefur hún kunnað vel að meta matinn í þessum löndum, sem er bæði hollur og fallega framreiddur.***

„Þegar ég fór til Sýrlands í nám hafði ég farið svo oft á þessar slóðir að ég þekkti orðið matinn. En mér fannst maturinn alltaf góður og man vel hvað mér gekk vel að gleðjast yfir honum strax í fyrstu ferðunum,“ segir Jóhanna. „Arabískur matur er líka mjög þægilegur í maga, léttur og hollur að mörgu leyti og byggist mikið á baunamauki og grænmeti. Kjötið er mest lamb og kjúklingur.“

Jóhanna segist vissulega hafa fengið í magann í nokkur skipti en það hafi ekki haft neitt með matinn að gera. „Það var miklu frekar að meltingarfærin væru ekki undir þetta nýja fæði búin. Það vandist hins vegar fljótt og það hvað maturinn er almennt góður og fallega framreiddur vakti með mér forvitni að prófa sem flest.“

Jóhanna segist ekki hafa verið mjög dugleg að elda, fyrst og fremst af því henni þykir leiðinlegt að borða ein. Mér finnst reyndar enn þá leiðinlegt að elda fyrir einn. Ég fór gjarnan út að borða og fékk mér þá forrétti sem arabar kalla mezze, en það eru til dæmis maukaðar kjúklingabaunir, maukað eggaldin og oft alls konar grænmetissalöt sem eru þó allt öðruvísi en við eigum að venjast. Brauðin eru líka mjög góð og dæmigerður morgunverður í flestum löndum araba er brauð, geitaostur, ólívur og jógúrt.“

Það eina sem Jóhanna saknaði þegar hún bjó í Sýrlandi var fiskur. „Þá gat ég leyst málin og farið yfir til Líbanons því þar er mjög góður fiskur, en líbönsk matargerð tekur flestu fram á þessu svæði.“

Arabísk matargerð hefur að sjálfsögðu fylgt Jóhönnu hingað heim en hún getur ekki gefið lesendum uppskrift að uppáhaldsréttinum sínum þar sem hann er eldaður í sérstökum ofni.

„Ég væri til með að gefa uppskrift að kjúklingarétti sem ég borðaði stundum í Sýrlandi og er kannski ekki mjög frumlegur, en samt óskaplega góður. Uppskrifin verður þó aldrei nema „umþaðbil“ því fólk verður bara að smakka sig áfram með kryddin.“

Kjúklingarétturinn er á blaðsíðu 3.

*edda@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU
## *í tilboðum*

**Spar** býður núna stoðmjólk á 75 prósenta afslætti. 500 ml kosta nú aðeins 18 krónur en kostuðu áður 75 krónur. Tilboðið gildir til 26. júlí.

**Útsölunni** í Outlet lýkur brátt og síðustu vikuna eru vörur þar seldar á allt að 75 prósenta afslætti. Í Outlet eru seldar merkjavörur á góðu verði og þar má finna fatnað á alla fjölskylduna. Buxur, skó, yfirhafnir, dragtir, jakkaföt, peysur, boli og þar fram eftir götunum. Á útsölunni má til að mynda finna stuttermaboli á 500 kr., gallabuxur á 1.990 kr. og dragtir á 5.990 kr. Merkin eru ekki af verri endanum. Diesel, Levi's, Puma, 4-you, Vagabond og Lacoste svo fátt eitt sé nefnt. Outlet er til húsa í Faxafeni 10.



**Tilboðsdagar** í TM húsgögnum standa nú sem hæst. Þar má fá húsgögn á góðu verði og afslátturinn er mikill. Þriggja sæta Chesterfield sófi er til dæmis á 40 prósenta afsætti, kostaði áður 142 þúsund en er nú á 85 þúsund. Allar vörur sem ekki eru á tilboði fást með 10 prósenta afslætti af staðgreiðsluverði.

**Í Sjónvarpsmiðstöðinni** má fá myndavélar á góðu verði og þar er gott úrval stafrænna myndavéla. Myndavélarnar eru nú margar hverjar á góðu tilboði á allt að 40 prósenta afslætti. Olympus digital myndavél sem kostaði áður 19.990 kr. kostar nú 11.990 kr. Þá er lítil JVC digital tökuvél á 139.990 en var áður á 179.990.

*tilbod@frettabladid.is*



**Blómkál**
Júlímánuður er tími blómkálsins. Ný uppskera af íslensku blómkáli er komin í búðir og því er enn betri ástæða fyrir því að kaupa þetta góða grænmeti. Blómkál er gott að gufusjóða og stendur líka fyrir sínu þótt það sé borðað hrátt.



## BACARDI ZERO: Málið í sumar

Árið 1862 opnaði Don Fucundo Bacardi litla bruggverksmiðju sem hann kallaði Bacardi. Nú sex kynslóðum síðar sjá afkomendur hans okkur fyrir mögnuðu rommi sem hentar afar vel í alla kokteilgerð. Vandamálið við kokteila er að það er sjaldan sem hinn almenni borgari hefur vilja eða hráefni til að „hrista“ fram úr erminni flókna drykki. Því er vert að benda á drykk sem er í senn ferskur, er auðvelt að blanda og er nánast alveg kaloríusnauður. Gerið ykkur klárar dömur, Bacardi Zero er drykkur sumarsins ef marka má undirtektir síðustu missera. Bacardi Zero er mjög ferskur drykkur sem auðvelt er að blanda. Allt sem þarf til er Bacardi Limon, Sprite Zero og klaka, jú og svo er gott að hafa glas undir allt saman og rör til að skemma ekki varalitinn. Skemmtu þér skynsamlega og skelltu þér á eina Bacardi Limon.

*Verð í Vínbúðum 2.990*




# Kaldir og svalandi ísréttir í blíðunni

***Veðurspáin er þess eðlis að eftirréttir helgarinnar ættu að vera ís og aftur ís.***

Ísmenning Íslendinga hefur breyst á undanförnum árum þó gamli góði mjólkurísinn sé reyndar sívinsæll. Sigrún Þorleifsdóttir, verslunarstjóri í Ísbúðinni í Álfheimum, segir að fólk vilji nú hollan ís og þar komi jógúrtísinn sterkur inn.

„Það er greinilegt að fólk leggur mikið upp úr hollustunni og súkkulaðidýfur og sælgæti hafa vikið fyir ferskum ávöxtum út á ísinn. Ítalski ísinn okkar er líka mjög vinsæll og þá ekki síður það sem við köllum jógúrtís smoothies. Það er jógúrtís með ferskum ávöxtum og er alveg heil máltíð.“

Í ísbúðinni er líka hægt að fá mikið úrval af ísréttum en Sigrún gefur okkur uppskriftir að nokkrum þeirra og svo er bara að spreyta sig heima og bjóða upp á íseftirrétti í sumarhitanum. ■



Sigrún Þorleifsdóttir segir jógúrtísinn vinsælan og fólk vilji oftast borða hollan ís.

**UPPSKRIFTIR**

### JÓGÚRTÍS SMOOTHIES

350 - 400 ml vanillujógúrtís
5 jarðarber, skorin
6 sneiðar bananar
150 - 200 ml banana djús
(til dæmis Chiquita)
6 ísmolar

Allt sett í blandara og þeytt í 30-50 sekúndur. Borið fram í háu glasi með röri.



### ÍTALSKA BOMBAN

**(sérlagaður ítalskur kúluís)**
3 kúlur ítalskur ís, stracciatella, piparmintu/súkkulaði, kiss sem er heslihnetusúkkulaði
Heit súkkulaðisósa
Rjómi, súkkulaðispænir, kirsuber.

Ítalski ísinn kúlaður og settur í fallega skál. Heit súkkulaðisósa sett til hliðar og ofan á. Rjómi á toppinn og kirsuber efst
Skreytt með smá súkkulaðispænum. Borðað með skeið.





### JÓGÚRTÍS MEÐ ÁVÖXTUM

Jógúrtís að eigin vali: Vanilla, súkkulaði, jarðarberja eða cappuccino. Ávextir að eigin vali, til dæmis fersk jarðarber, ananas, bananar, kíví. Jógúrtísinn settur í fallegt glas eða skál og ávextir settir til hliðar og ofan á. Borðað með skeið.



### ÍSKRAP

Vanillumjólkurís og krapadjús (krapadjús að eigin vali, til dæmis jarðarberja-, hindberja- eða vanillumjólkurís.
Krapinn og ísinn fara í hátt glas (lagskipt) og síðan er skreytt með jarðarberjum.
Borðað með skeið og röri.










metasys®
Þinn stuðningur í baráttunni við aukakílóin

**Sex kíló á tveimur mánuðum**

Metasys er málið, hef tekið inn 4 hylki á dag í tæpa tvo mánuði og hef misst 6 kg. Það sem mér þykir einna best við Metasys er að hversu mikla orku ég hef og úthald.
Verð ekkert þreyttur seinniparts dags eins og ég átti oft til með að vera. Ég mæli eindregið með Metasys og gef því mína bestu einkun.
Bóas Ragnar Bóasson





100% náttúrulegt
metasys®
áætlunin til að léttast
Fæst í apótekum og heilsubúðum
metasys@simnet.is • www.metasys.is • sími 5517020



Soffía Guðmundsdóttir ætlar að standa vaktina út sumarið.

## Grænmetið í miðbæjarflóruna

FÓLKI GEFST NÚ KOSTUR Á KAUPA SÉR GRÆNMETI Á ÚTIMARKAÐI Á LAUGAVEGINUM. GRÆNMETISMARKAÐURINN ER OPINN FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS ÚT SUMARIÐ.

Um síðustu helgi opnaði útimarkaður með matvöru á Laugaveginum. Á markaðnum má finna kynstrin öll af fersku íslensku grænmeti, ásamt blómum og kryddjurtum sem ilma svo vel að lyktin er engu lík. Hann er við hliðina á Kaffi Hjómalind við Laugaveg 21 og sómir sér þar vel með lífrænu vörunum á kaffihúsinu og fatamarkaðnum sem er á sama stað.
Hugmynd markaðarins er runnin undan rifjum Soffíu Guðmundsdóttur sem sér um rekstur hans. Hún ætlar að stækka markaðinn enn frekar og vonast til að verða seinna einnig með baunir og hrísgrjón í lausasölu. „Þetta er dálítil hugsjón hjá mér að reyna að fá aðeins meira líf og stemningu niðri í bæ. Það er mjög gaman að hafa svona markað undir berum himni en ekki bara í Kolaportinu.
Ég er í sumarfríi og vantaði eitthvað sniðugt að gera. Þegar ég er í útlöndum er það fyrsta sem ég geri að fara á markað og finna þessa útistemningu sem okkur vantar svo mikið hérna heima.“
Soffía segist engar áhyggjur hafa af slæmu veðri. „Um síðustu helgi þegar ég opnaði var bjálæðislega mikil rigning en það var frábær stemning.“

## Kassavín sem stendur í lappirnar

SKEMMTILEGUR STANDUR FYRIR KASSAVÍN.

Það getur verið leiðinlegt að koma kassavíni fyrir á borði svo vel fari. Í Vínbúðinni í Kringlunni og í Heiðrúnu fæst þessi fallegi standur sem gerir alla meðhöndlun kassavíns mun auðveldari. Standurinn kemur frá Danmörku og kostar 1.490 krónur.



**húsráð }**

## Rifinn ostur

Það getur stundum tekið á að rífa ost þegar búin er til pitsa. Osturinn vill klessast og safnast saman í járninu. Gott ráð við þessu er að pensla rifjárnið með matarolíu og þá ætti verkið að ganga vel.



# Léttur sumardrykkur

SVALANDI DRYKKUR SEM HÆGT ER AÐ HAFA HVORT HELDUR SEM ER ÁFENGAN EÐA ÓÁFENGAN.

150 g jarðarber
4 gul, sæt epli
1 vanillustöng
safi úr 1/2 sítrónu
1 l eplasafi (eða hvítvín)
5-10 dl sódavatn



Jarðarberin eru notuð sem ísmolar. Þau eru skorin í tvennt og fryst. Eplin eru afhýðuð og skorin í báta. Eplabitanrir, vanillustöngin og sítrónusafinn eru sett í skál og eplasafanum er helt yfir. Setjið síðan plastfilmu yfir skálina og geymið á köldum stað í eina til tvær klukkustundir. Þegar drykkurinn er borinn fram er sódavatninu hellt saman við og að lokum eru jarðarberin látin út í.

# BON COURAGE: Gangi þér vel!

Í þrjár kynslóðir hefur Bruwer- fjölskyldan ræktað þrúgur og framleitt vín í Robertson-dalnum. Þar rennur Breede fljótið en skjól dalsins og raki fljótsins veitir fullkomin skilyrði fyrir ræktun þessa frábæru vína. Bruwer-fjölskyldan hefur ræktað vín í aldarraðir en hún kemur upprunalega frá Loire dalnum í Frakklandi þar sem forfeðurnir stunduðu þessa búgrein og má því segja að aldagömul hefð liggi að baki sigurgöngu Bon Courage. Hér kemur líka skýringin á nafninu en Bon Courage er franska og þýðir „gangi þér vel“.

Bon Courage Cabernet Sauvignon – Shiraz er djúp blóðrautt og tært að lit. Sérlega öflug og grípandi angan af svörtu þrúgum.

Tóbakstónar blandast vel við valhnetur og berjaávexti sem gera blönduna einstaka. Mjúk fylling og ljúft eftirbragð þar létt eik kemur vel fram. Hentar sérstaklega með grilluðu, bragðmiklu og vönduðu kjöti eins og lambakjöti.

*Kynningarverð á sumardögum í Vínbúðum 1.090 kr*



# Á að geyma banana í ísskáp?

GEYMDU ÓÞROSKAÐA BANANA VIÐ STOFUHITA EN ÞROSKAÐA BANANA Í ÍSSKÁP.



Það getur verið vandasamt að geyma banana. Stundum eru þeir óratíma að þroskast og um leið og þeir eru orðnir fullþroskaðir eru þeir furðu fljótir að verða brúnir. Þessu á þó að vera hægt að stjórna.
Til að flýta fyrir þroska banananna er gott að geyma þá í bréfpoka við stofuhita. Gott getur verið að setja eitt epli í pokann með banönunum því epli gefa frá sér etýlen gas sem flýtir fyrir þroskanum.
Ekki setja geyma óþroskaða banana í ísskáp, þá þroskast þeir aldrei. Þegar bananarnir eru orðnir fullþroskaðir (gulir með nokkrum brúnum freknum) má setja þá í ísskápinn. Ákjósanlegasta hitastigið er í kringum 10 gráður.

UPPSKRIFT JÓHÖNNU



## Sýrlensk kjúklingalæri Jóhönnu

Jóhanna Kristjónsdóttir hefur búið í Austurlöndum nær og fjær. Arabískur matur er að hennar sögn léttur og hollur. Þessum rétti kynntist Jóhanna á Sýrlandi.

kjúklingalæri
olía
hunang
hvítlaukur
sítróna
krydd (það sem fólki hugnast en gott að nota timjan og örlítið dill)
paprika
tómatpurré

**Marinering**:
Olíu, hunangi, hvítalauk, sítrónu og kryddi blandað saman. Gott að nota tíundapart úr teskeið af tómatpurré og örlitla papriku út í. Kjúklingurinn látinn liggja í leginum í að minnsta kosti 24 tíma, og síðan steikt eða grillað.

Gott að bera fram með þessu steikt eða grillað eggaldin, steikt blómkál, fínt skorið grænmetissalat og hreina jógúrt.



Litríkir kálbögglar fylltir með papriku, kjötfarsi og steinselju.

# Blaðkál í böggla eða salat

***Blaðkál, eða bok choy, er nýtt á íslenskum markaði. Það er ættað frá Kína og er sums staðar kallað kínakál.***

Stönglarnir eru hvítir, sverir og íhvolfir en blöðin dökkgræn, stór og slétt. Yfirleitt er best að nota blöð og stöngla hvort í sínu lagi. Blöðin henta vel til snöggsteikingar eða í súpur en einnig má nota þau í salöt. Þá er best að skera þau í mjög þunnar ræmur og ef til vill salta smástund, skola síðan og setja út í salatið. Þau henta einnig sérlega vel þegar gera á kálböggla vegna þess hve slétt og meðfærileg þau eru.

Stönglana er gott að skera í ræmur og steikja við fremur vægan hita, síður við háan hita í wok, þá getur bragðið orðið of beiskt. Einnig má léttsjóða þá í svolitlu krydduðu soði, heila eða í bitum, og bera fram sem meðlæti með ýmsum mat.

### LITRÍKIR KÁLBÖGGLAR

Nokkur stór blaðkálsblöð (bok choy)
1 stór rauð paprika
1 stór gul paprika
3-4 msk. söxuð steinselja
600 g kjötfars
100 ml vatn

Ofninn hitaður í 180°C. Stöngullinn skorinn úr hverju blaði um sig og það síðan skorið í tvennt eftir endilöngu. Paprikurnar frælireinsaðar og skornar í litla bita og steinseljan söxuð. Kjötfars, paprika og steinselja sett í skál og blandað vel. Kúfuð matskeið af blöndunni sett á endann á hverju blaði og því vafið utan um fyllinguna. Vefjunum er síðan raðað í eldfast fat, vatni hellt yfir og síðan er lok lagt yfir eða álpappír breiddur vel yfir bögglana. Sett í ofninn og bakað í 25 til 30 mínútur. Tilvalið er að bera fram steikt blaðkál með þessum rétti og nýta þannig bæði blöð og stöngla.

### STEIKT BLAÐKÁL MEÐ TÓMÖTUM

stönglar af einu blaðkálshöfði (bok choy)
4 plómutómatar
2 msk. olía
salt og pipar
nokkrar greinar af fersku timjani eða 1/2 tsk. þurrkað
3-4 msk. saxaður graslaukur



Stönglarnir skornir í 1/2-1 cm breiðar ræmur (fallegt að skera þá á ská) og tómatarnir skornir í geira. Olían hituð á stórri pönnu, kálstönglarnir settir á hana, kryddaðir með pipar, salti og timjani, og þeir látnir krauma við fremur vægan hita þar til þeir eru farnir að mýkjast. Tómötum bætt á pönnuna og látið krauma í nokkrar mínútur í viðbót. Graslauk stráð yfir og borið fram, t.d. sem meðlæti með ýmiss konar kjötréttum.

### SÚRSÆTT BLAÐKÁLSSALAT

blöðin af einu blaðkálshöfði (bok choy)
1 msk. salt
1 gul paprika
1 rauð paprika
1/2 chilialdin
1 tsk. rifinn engifer
2 msk. hrísgrjónaedik
1 tsk. þunnt hunang, eða eftir smekk
nýmalaður pipar

Blaðkálsblöðin skorin í fínar ræmur, þær settar í skál, salti stráð yfir og látið standa í hálftíma. Þá er kálið skolað mjög vel í köldu, rennandi vatni og síðan látið renna vel af því í sigti. Paprikurnar fræhreinsaðar og skornar í ræmur. Chilialdinið skorið í örþunnar sneiðar og engiferinn saxaður mjög smátt eða rifinn. Öllu blandað saman í skál. Edik, hunang og pipar hrist eða hrært saman, hellt yfir og blandað vel. Salatið er gott til dæmis með ýmsum austurlenskum mat og með steiktum og grilluðum kjúklingi eða svínakjöti.








# allt tilboð o.fl.

**Lausfrystir kjúklingavængir** frá Ísfugli eru nú á 80 prósenta afslætti í verslunum Kaskó. Kílóverðið er aðeins 97 krónur en var áður 486 krónur. Tilboðið gildir til 24. júlí.

**80%**






















## SPAR Bæjarlind

Tilboðin gilda til 26. júlí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Dreitill 1 l D-vítamínbætt mjólk | 59 | 79 | 59 | 25 |
| Stoðmjólk 500 ml | 18 | 75 | 36 | 75 |
| Lamba grill framhr. sneiðar, kryddað | 989 | 1.598 | 989 | 40 |
| Lamba grill kótilettur, kryddað | 1.098 | 1.698 | 1.098 | 35 |
| Lamba grill lærissneiðar, kryddað | 1.198 | 1.798 | 1.198 | 35 |
| Lamba grill sirlonsneiðar, kryddað | 989 | 1298 | 989 | 25 |
| Kötlu vöffluduft 500 g | 299 | 386 | 598 | 20 |
| Pepsi Max 2 l | 119 | 192 | 60 | 40 |
| Víking pilsner 500 ml | 69 | 92 | 138 | 25 |
| Clubs saltkex 200 g | 89 | 124 | 445 | 30 |
| Bounty Eldhúsrúllur 3 stk. | 499 | 599 | 166 | 15 |
| Vatnsmelónur | 89 | 129 | 89 | 31 |

## FJARÐARKAUP

Tilboðin gilda til 23. júlí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Pepsi eða appelsín dósir 500 ml | 49 | 89 | 98 | 45 |
| Kryddaður úrb. svínahnakki | 1.198 | 1.398 | 1.198 | 15 |
| Fjallalambs glóðarsteik framp. | 1.148 | 1.615 | 1.148 | 30 |
| Fjallalambs grillsneiðar | 798 | 1.299 | 798 | 40 |
| SS Grand orange-helgarsteik | 1.263 | 1.579 | 1.263 | 20 |
| SS Bratwurst-pylsur | 662 | 828 | 662 | 20 |
| FK jurtakryddað lambalæri | 995 | 1.659 | 995 | 40 |
| FK hrásalat 320 g | 88 | 148 | 275 | 40 |
| FK kartöflusalat 320 g | 88 | 148 | 275 | 40 |
| Vatnsmelónur | 89 | 109 | 89 | 20 |
| Matfugl ferskur kjúklingur heill | 419 | 598 | 419 | 30 |
| Matfugl ferskur læri/leggir | 419 | 599 | 419 | 30 |

## BÓNUS

Tilboðin gilda til 24. júlí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| k.f hangiframpartur með beini | 699 | 999 | 699 | 30 |
| k.f grill lambaframpartssneiðar | 699 | 999 | 699 | 30 |
| Frosinn túnfiskur á grillið 250 g | 199 | 459 | 796 | 55 |
| Kaldar Bónus samlokur | 98 | 129 | 98 | 25 |
| Kók í dós 33 ml | 49 | 69 | 147 | 30 |
| Einnota kolagrill | 95 | 199 | 95 | 50 |
| Einnota borðbúnaður | 99 | 179 | 99 | 45 |
| Bónus grillsósur, kaldar 270 ml | 139 | Nýtt | 139 | |
| Red devil orkudrykkur 250 ml | 79 | 129 | 316 | 40 |
| í.s laxabitar roð- og beinlausir | 699 | 999 | 699 | 30 |

## KRÓNAN

Tilboðin gilda til 26. júlí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| SS Mexico grísakótilettur | 998 | 1.548 | 998 | 35 |
| SS Mexico svínahnakkasneiðar | 895 | 1.098 | 895 | 20 |
| Krónu skinka 279 g | 169 | 198 | 606 | 15 |
| Bautabúrs Beikon-bunki | 799 | 1.349 | 799 | 40 |
| Bautabúrs Dalapylsa 400 g | 89 | 119 | 223 | 25 |
| Vestfirskur krónubitafiskur 100 g | 399 | 499 | 3.990 | 20 |
| Náttúrusafi, ACE/appelsínu/epla 1 l | 99 | 119 | 99 | 17 |
| GM Cheerios, tvöfaldur 1.050 g | 399 | 499 | 380 | 20 |
| Maískorn 300 g | 29 | 49 | 97 | 40 |
| Frón súkkulaðikex, ljós 230 g | 99 | 155 | 430 | 35 |

## NÓATÚN

Tilboðin gilda til 25. júlí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambalæri | 799 | 1.298 | 799 | 40 |
| Lambahryggur | 998 | 1.478 | 998 | 30 |
| Laxaflök, beinhreinsuð | 899 | 1.298 | 899 | 30 |
| Ungnautalundir | 1.998 | 3.998 | 1.998 | 50 |
| Vínber, rauð/græn | 299 | 399 | 299 | 25 |
| Nóa súkkulaðibitar, 3 tegundir 200 g | 199 | 259 | 995 | 25 |
| Goða nautahakk UN-1 prepack | 937 | 1.338 | 937 | 30 |
| Ora Lúxussíld, marineruð 375 g | 149 | 249 | 397 | 40 |
| Kellogg's bar, 2 tegundir, 6 stk. | 199 | 299 | 33 | 35 |
| Knorr bollasúpur, 4 tegundir 69 g | 149 | 189 | 2159 | 20 |

## nettó

Tilboðin gilda til 24. júlí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Goða ostapylsur | 567 | 1.134 | 567 | 50 |
| Bautabúrs grísahakk | 421 | 841 | 421 | 50 |
| BK lambabjúgu | 189 | 377 | 189 | 50 |
| Easy þvottaduft Pure Non Bio | 149 | 399 | 149 | 65 |
| Easy fljót þvottaefni | 124 | 359 | 124 | 65 |
| Always ultra 2 + einn frír | 169 | 399 | 169 | 60 |

## KASKÓ

Tilboðin gilda til 24. júlí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ísfugl lausfr. vængir | 97 | 486 | 97 | 80 |
| Goða skinka (gæðaskinka) | 170 | 339 | 170 | 50 |
| Gourmet lambaframpartssneiðar | 959 | 1.598 | 959 | 40 |
| BK ítalskar pylsur | 524 | 1.047 | 524 | 50 |
| BK lambagrillleggir jurtakryddaðir | 499 | 999 | 499 | 50 |
| Egils Mix 2 l | 99 | 179 | 49 | 45 |
| Gott hrásalat | 79 | 199 | 79 | 60 |
| Gott kartöflusalat | 79 | 199 | 79 | 60 |
| Bautabúrs grísagúllas | 959 | 1.599 | 959 | 40 |

## Þín verslun

Tilboðin gilda til 27. júlí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Tex Mex kjúklingavængir | 250 | 499 | 250 | 50 |
| Kjúklinga grillleggir m/jurtakryddi | 350 | 699 | 350 | 50 |
| Þurrkryddaðar lambalærissneiðar | 1.499 | 1.998 | 1.499 | 25 |
| Ítalskar pylsur | 838 | 1.047 | 838 | 20 |
| MR Bagels beyglur 425 g | 179 | 247 | 411 | 25 |
| Hatting solstykker 8 stk. | 189 | 238 | 23 | 20 |
| Mjúkís vanillu 1 l | 349 | 399 | 349 | 10 |
| Snap jack kex 300 g | 159 | 198 | 524 | 20 |

## HAGKAUP

Tilboðin gilda til 24. júlí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bezt ferskar svínakótilettur | 839 | 1.398 | 839 | 40 |
| Holta úrb. kjúklingalæri í tandoori | 1.105 | 1.699 | 1.105 | 35 |
| Holta kryddl. kjúklingalundir í wester | 1.293 | 1.990 | 1.293 | 35 |
| SS lambalærissneiðar frosnar | 1.098 | 1.458 | 1.098 | 25 |
| Fiorucci Parma skinka | 499 | 609 | 499 | 20 |



# Miele á kostakjörum

***Miele þvottavélar, þurrkarar og ryksugur eru á 30% afslætti hjá Eirvík.***



Miele heimilstæki eru nú á einstöku tilboðsverði. Veittur er 30% afsláttur af þvottavélum, þurrkurum og ryksugum í verslununum Eirvík á Suðurlandsbraut, Geisla í Vestmannaeyjum og Ljósgjafanum á Akureyri. Til dæmis er Miele S381 Tango Plus ryksuga með 1800W mótor nú fáanleg fyrir 14.910 krónur en kostaði fyrir lækkunina 21.300 krónur.

Miele þvottavélar og þurrkarar eru einnig til á þessu góða verði og eru þvottavélarnar með nýrri tromlu sem fer betur með þvottinn. ■



# Aukaafsláttur við kassa

***Útsalan í Svanna er í fullum gangi. Nú er 15% aukaafsláttur við kassa.***

Í Svanna er gott úrval af jökkum, buxum, pilsum og bolum í ýmsum stærðum og gerðum. Útsalan er nú í hámarki og viðskiptavinir fá 15 prósenta aukaafslátt við kassann þegar greitt er. Einnig er 15 prósenta afsláttur af eldri vörum á lagerútsölunni, þar er til dæmis gott úrval af buxum í stærðum 36 til 52. Þá eru undirföt, sundföt og náttföt á 30 prósenta afslætti.

Hægt er að skoða vöruúrvalið í Svanna á heimasíðunni: www.svanni.is






# Ódýrir línuskautar

***Nýja Skátabúðin veitir helmingsafslátt á völdum línuskautum og fylgihlutum.***



Línuskautar eru fáanlegir á góðu verði í Nýju skátabúðinni. Skautarnir eru til í takmörkuðu magni og eru á allt að helmingsafslætti. Línuskautar af gerðinni ABCE 5 legur í stærðum 27 til 36 kosta nú 2.500 krónur en voru áður á 4.995 krónur. Fyrir fullorðna er hægt að fá tegundina ABCE 7 legur í stærðum 37 til 45 á 5.000 krónur í stað 9.995 króna. Einnig er hægt að fá ýmsa fylgihluti fyrir línuskautara, bæði hjálma og hlífar í öllum stærðum á góðu verði.

# Veiðistangir á lægra verði

***Gray-line stangir frá Loop eru á 20% afslætti í verslun Útivistar og veiði í Síðumúla.***



Veiðimenn geta nú glaðst því vegna mikillar eftirspurnar hefur verð á veiðistöngum frá Loop verið lækkað um 20%. Um er að ræða Gray-line stangir sem eru til sölu í versluninni Útivist og veiði í Síðumúla 11. Einnig er sértilboð fyrir þá sem kaupa Loop-hjól og Loop-Opti skotlínu og fá þeir Gray-line stöngina á 30% afslætti.

Aðrir útsölustaðir Loop-vörunnar eru Sjóbúðin á Akureyri og Veiðiflugan á Reyðarfirði. ■










[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGA-SÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8–18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8–19
LAUGARDAG 9–17 SUNNUDAG 11–16

---


brimborg Taktubíl

Renault Megane Scenic, skrd. 12/1999 ek. 109.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 820.000 kr. Tilboð 690.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Volvo V40, skrd. 11/2003, ek. 14.000 km, 2000cc, sjálfskiptur, Ásett verð 2.490.000 kr. Tilboð 2.330.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.

Lexus LS430, skrd.08/2003, e:19.000 km, 4300cc, sjálfskiptur. Ásett verð 5.990.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Citroen Berlingo Van, skrd. 05/2002, ek. 57.000 km. 1400cc, beinskiptur, Ásett verð 840.000 kr. Tilboð 740.000 kr 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Mondeo, skrd. 05/2001, ek. 133.000 km. 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.290.000 kr 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Nissan Almera, skrd. 12/1999, ek. 120.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 560.000 kr. Tilboð 470.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.

MMC Lancer 4x4, skrd. 05/1999, ek. 123.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 780.000 kr. Tilboð 690.000 kr.100% lán mögulegt S. 515 7000.

brimborg Taktubíl

Lexus RX300, skrd. 04/2003, e:31.000 km. 3000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.350.000 kr Tilboð 4.090.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000.

Volvo 850, skrd.09/1994, e: 176.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 590.000 kr. S:515-7000

Daihatsu Cuore, skrd. 07/1999, e:58.000 km. 1000cc, beinskiptur, Ásett verð 420.000,- kr. 100% lán mögulegt S:515-7000.

Daihatsu Applause, skrd.11/1998, e:114.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 540.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Renault Megane Scenic, skrd.08/1998, e:144.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 660.000 kr. Tilboð 499.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Opel Vectra, skrd.08/1998, e:93.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 830.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Opel Astra, skrd. 12/2002, e: 38.000 km. 1600cc, beinskiptur, Ásett verð 1.250.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

brimborg Taktubíl

Ford Expedition, skrd. 05/2001, e:66.000 km. 5400cc, sjálfskiptur, 4x4, 260Hö. Ásett verð 2.950.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford Mondeo GHIA, skrd.01/2004, e:12.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.390.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Toyota Rav4, skrd. 03/2004, e: 27.000 km. 2000cc, beinskiptur, 4x4. Ásett verð 2.440.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford Explorer, skrd. 09/2000, e: 76.000 km, 4000 cc, sjálfskiptur. 4x4, 204Hö Ásett verð 2.120.000 kr. Tilboð 1.990.000 100 % lán mögulegt Kr. S:515-7000

Opel Vectra, skrd.08/2000 e: 80.000 km, 2000 cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.160.000 kr Tilboð 990.000 kr. 100 % lán mögulegt S:515-7000

Ford Escort, skrd.11/1994, e:161.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 290.000 kr S:515-7000

Toyota Corolla Touring, skrd.07/1997, e:153.000 km, 1800cc, beinskiptur, 4x4. Ásett verð 590.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

brimborg Taktubíl

Opel Vectra, skrd.04/1999, e:122.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 820.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Peugeot 406 station, skrd.10/2001, e:68.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.460.000 kr Tilboð 1.290.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Nissan Primera, skrd.10/1999, e:69.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 760.000 kr. Tilboð 650.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Volvo S40 SE-Line, skrd.09/2003, e:30.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.340.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Renault Clio, skrd.04/1997, e:147.000 km, 1200cc, Beinskiptur. Ásett verð 350.000 kr Tilboð 220.000 100% lán mögulegt S:515-7000

Subaru Impreza skrd.03/1999, e:121.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 790.000 kr Tilboð 690.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Volvo XC90, skrd.06/2004, e:22.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 5.570.000 kr Tilboð 4.990.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

brimborg Taktubíl

Ford Expedition XLT Sport, skrd.07/2004, e:13.000 km, 5400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.890.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Hyundai Elantra, skrd.04/1998, e:108.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 540.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

MMC Lancer. skrd. 06/1997, e:149.000 km, beinskiptur 4x4. Ásett verð 620.000 kr Tilboð 510.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Renault Megane Classic, skrd. 01/1999 e:79.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 650.000 kr Tilboð 520.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Volvo V70 LPT-Turbo, skrd.01/2003 e:33.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.090.000 kr Tilboð 2.890.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Citroen Picasso Exclusive, skrd.12/2003, e:32.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.790.000 kr. Tilboð 1.660.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Kia Grand Sportage, skrd.06/1999, e:97.000 km, 2000cc, beinskiptur, 4x4. Ásett verð 890.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

brimborg Taktubíl

Volvo 744, skrd.06/1987, 2316cc, e:265.000 km, sjálfskiptur. Ásett verð 250.000 kr. Tilboð 89.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Peugeot 307 SW Break, skrd.01/2004, e:37.000 km, 2000cc, diesel, beinskiptur. Ásett verð 2.090.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford Focus High Series, skrd.10/2000, e:100.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 910.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

VW Passat skrd.11/1998, e:123.000 km, 1800cc, sjálfskiptur. Ásett verð 990.000 kr Tilboð 850.000 100% lán mögulegt S:515-7000

Volvo S60, skrd. 05/2004, ek. 16.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 3.540.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.

Chevrolet Lacetti, skrd. 04/2005, ek. 8.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.490.000 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Peugeot 307 SW, skrd. 09/2004, ek. 17.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.820.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Nissan Terrano II WAG.S.E. árg. '00. Með sóllúgu og dráttarkrók. Ek. 80 þ. Verð 1.650 þús. Sími 861 4750.

Til sölu Suzuki Sidekick JLX árg. '95, ek. 160 þús. km, hækkaður, 30" góð dekk á álfelgum, cruis control, dráttarkrókur, skíðabogar. Ásett verð 350 þús. Sími 820 8258.

Land Cruiser 80 VX árg. '93, ek. 273 þús. 38" breyttur, með leðri og lúgu. Sk. '06, í toppstandi. Verð 2.190 þús. Uppl. í s. 699 8899.

## Pallbílar

**Isuzu Crewcap 3.1 TD**

Ekinn 190 þús. km. Árg. 1996. Einn eigandi, aldrei lent í tjóni, ekinn langkeyrslur, reyklaus. Aukabúnaður - hækkaður fyrir 35", stálpallhús frá Ragnari Valssyni, loftdæla, tvívirkir ljóskastarar, samlæsingar, 150 L. auka olíutankur, smurbók frá upphafi, 3" pústkerfi, skiptanlegur dráttarkrókur. Nýlega viðgert - Koni demparar allir nýir, ný kúpling, allt nýtt í bremsum að framan. Verð 990 þús. Uppl. í s. 820 6813.

## Sendibílar

Bens 811 D með kassa og lyftu til sölu. Ný kúpling og fl. En biluð vél. Uppl. í s. 893 9127.

Peugeot Partner árg. '98, er með bilaða vél. Verðhugmynd 120 þús. Uppl. í s. 699 8899.

## Vörubílar

Til sölu 2ja hásinga vélavagn. Verð 700 þús. + vsk. Uppl. í síma 861 3051 & 866 9139.

## Húsbílar



VW Karmann Húsbíll 1991, 2,4 TURBO D. Ekinn 190 þús. Útlit og ástand mjög gott, afturdrifinn. Verð 1.720 þús. S. 897 6204.

VW Transporter húsbíll árg. '82, kram í góðu standi. Uppl. í s. 849 5614.

## Mótorhjól



Til sölu. Honda Goldwing 1800 GL árg. 2002 blátt, ekið 34 þús. mílur, mikið af aukabúnaði. Skipti ath. Uppl. í síma 896 4266 & 421 2220.




Til sýnis og sölu hjá Nitro Yamaha Wr 450, nýtt hjól 730.000 þús. Yamaha Wr 250, nýtt hjól 710.000 þús. Nitro Járnháls 2 s. 557 4848 nitro.is



Til sölu Suzuki GSX 750F. 1999 skipti á bíl koma til greina. Verð 850.000. Upplýsingar í s. 893 1901.

Mótorcrosshjól, Honda CRF 250 Forestroke. Árg. 2005, næstum ekkert notað. Verð 750 þús. Uppl. í síma 699 4933.

Honda CR 250 árgerð '96. Ásett verð 250 þús. Fæst á 230 þús. stgr. Uppl. í s. 662 3499.

## Hjólhýsi



Höfum til sölu eitt Hobby og eitt Knaus, 6-7 manna hjólhýsi með fortjaldi, bæði húsin hafa aðgang að landi á Laugarvatni. Glæsilegt hjólhýsi með fortjaldi á einni bestu lóð til sölu á laugarvatni. Allar nánari upplýsingar í síma 662 0700.



Tilboð óskast í Hobby Landhaus hjólhýsi mjög vel með farið. Einnig sumarbústaðaland tæpur hektari í landi Svínavatns. Selst saman eða í sitthvoru lagi. Skipti á góðum fólksbíl koma til greina. Uppl. í s. 897 6302.

## Fellihýsi







Palo Mino Colt'00 með öllu, svefntjöld, hitamiðst., fortjald. Uppl. í s. 588 1334 & 896 3420.

Til sölu Coleman Cheyenne 10 fet árg. '02, farangursk., fortjald o.fl. S. 555 2432.

Palonino Colt Fellihýsi árg. '99 til sölu ásamt fortjaldi og fleirra. Verð 550 þús. Uppl. í s. 899 8894.

Fellihýsi Coleman Taos '98 til sölu. Verð 420.000. Sími 893 1183 & 866 4504.

Palomino Colt 5/2001 vel með farið og lítið notað. Hefur verið geymt í upphituðu húnæði á veturna. Verð 560 þús. Uppl. í s. 897 4769.

Tvær ábyrgar mömmur á leiðinni á Kotmót vantar fellihýsi eða 2 herb. tjaldvagn til leigu um verslunarm.h. S. 844 0406, Helga Dóra.

Til sölu Coleman Sea Pine fellihýsi, árg. '00. Nýtt fortjald, sólarsella og sjónvarpsloftnet. Verð kr. 850.000. Uppl. í síma 895 9505.

Palomino Colt fellhýsi til sölu með fortjaldi. Uppl. í s. 892 1125.

Nýtt Palomino Colt fellihýsi árg. 2004 algerlega ónotað m/ ísskáp, fortjaldi, svefntjöldum, 2 rafgeymum. Í ábyrgð. Uppl. í s. 899 4040.

Til sölu Coleman Cheyene '01, mjög vel með farið, tveir gaskútar, útvarp/cd, 220 volt, geymsluhólf ofl. S. 565 7669 & 897 1004.

Coleman Santa fe árg. 2004, fortjald, sólasella, útvarp, geislaspilari, dvd spilari, loftnet, grjótgrind, 12v 220v og fl. Verð 1.290.000. Uppl. í s. 660 1303.

Palomino Colt árg. 2001 fellihýsi til sölu. Mjög gott eintak og vel með farið. Grjótgrind, svefntjöld, ryðvarið og nýr geymir og dekk. Uppl. í s. 898 0126.

Palomino Yearling 120 12 fet '04 m/ fortjaldi, rafdrifinn upphalari ofl. Uppl. í síma 824 1716.

Til sölu fallegt Palomino hýsi 9 fet með fortjaldi árg. '03. Uppl. í s. 896 1880.

Til sölu 8 feta Coleman fellihýsi árg. '88. Verð 190 þús. Uppl. í síma 587 3635.

## Tjaldvagnar




Álbox fyrir ferðabíla KE Málmsmiði, Hamarshöfða 5. S. 587 0626 & 696 3522. www.ke.is

Til sölu Comby Camp í toppstandi. Gamall en góður m. nýjum dekkjum og nýlegu fortjaldi. V. 175 þús. S. 660 3828.

Camplet Apollo tjaldvagn árgerð '92 til sölu. Verð 180 þús. Uppl. í s. 822 3665 eða 462 4665.

Combi Camp Venezia árg. 2004 með fortjaldi, geymslukassa, Coleman eldhúsi og loftpúðum. Verð 700 þús. Uppl. í síma 696 6016.

Til sölu vel með farinn Comanche Petit árg. '01, 2ja manna. Verð 170 þús. Uppl. í s. 848 0186 & 898 8525.

## Vinnuvélar




Mikið úrval af minni bensín og disel rafstöðvum á lager. Sérpantanir á stærri stöðvum sniðnar að óskum kaupenda. Upplýsingar hjá sölufulltrúm Merkúr hf. 824-6063 og 824-6061.



Gerni 400GTA 200 bör, 930l/klst. Aðeins kr. 99.900 án vsk. kr. 124.376 m. vsk. Jötunn Vélar ehf. Austurvegur 69 Selfoss s. 480 0400. www.jotunn.is



Til sölu 5 tonna BobCat beltagrafa árg. '04. Er í verksmiðjuábyrgð. Fast track. Verð 2.9 milj. + vsk. Lán getur fylgt. 3 Skóflur fylgja + grjótklemma. Uppl. s. 899 3004.



Til sölu Komatsu GD-525A, árg. 94, ekinn 8.875 tíma, ástand gott, uppl. 863-9994

## Lyftarar



Allar gerðir af vinnulyftum til leigu. Góð tæki & betra verð. Armar ehf s. 565 4646 & 660 1700. www.armar.is

## Bátar









Til sölu Seadoo Challenger 1800 twin rotax 18 fet, árg. 1998. 7 manna, útvarp CD, mini blæja, jet drif, 220 HP, siglir 55 mílur, litur út sem nýr. Kerra fylgir. Uppl. í síma 896 4266 & 421 2220.



Jetski til sölu, Seadoo GTX árg. 2004, 185 hö, ek. 8 tíma, kerra fylgir. Verð 1.150 þús. Uppl. í síma 896 1751.

Handfærasökkur til sölu, mjög gott verð. Uppl. í s. 462 6512 & 897 9999. Akureyri.

**Bátaland, allt til báta.**

Utanborðsmótorar, bátahlutir, dælur, öryggisbúnaður, bátar, þurrkubúnaður og margt fleira. Bátaland, Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði S. 565 2680, www.bataland.is

## Bílaþjónusta



Chipsaway frábærar rispuviðgerðir. Sparar tíma og peninga. Varanlegt. Lögum einnig ryðbletti. S. 557 7200, Hjólko, Smiðjuvegur 26.

## Hjólbarðar



Tilboð á sumardekkjum t.d. 155/80 x 13 frá kr. 3980 175/65 x 14 frá kr. 4800 195/65 x 15 frá kr. 5600 Hjólbarðaviðgerð Kópavogs, Hjólkó, Smiðjuvegi 26. S. 557 7200.

Vantar 33" Sport King steel radial dekk. Sími 893 1177.

Notuð 38" dekk Dick Cepek fyrir 15" felgu til sölu. Uppl. í s. 892 0778.

## Varahlutir




Bílakjallarinn Stapahrauni 11, s. 565 5310. Sérhæfum okkur í VW, Toyota, MMC, Suzuki og fl.




Fíton ehf / FI015729 Fréttablaðið delludagar

Aðalpartasalan s. 565 9700, Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Hondu, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

**AB-VARAHLUTIR**
Bílavarahlutir í flestar gerðir Evrópu og Asíubíla, t.d. boddíhlutir, ljós, kúplingar, stýrishlutir, bremsuhlutir, handbremsubarkar, vatnsdælur, öxulliðir og hosur ljóskastarar, tímareimar, viftureimar, spirnur, spindilkúlur. Og allir varahlutir fyrir Toyota. Eingöngu ný vara.
**Opið frá 08.00-18.00 mánudaga-föstudaga. Betri vara, betra verð. Sími 567 6020. Bíldshöfði 18**

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

Partasala Guðmundar Tangarhöfða 2, S. 587 8040. Erum að rífa Mözdu, MMC og Nissan frá árg. '88-'97. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Ópel partar**
Vectra, Astra, Corsa '94-'03. Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 553-9900, 845-2996.

**bilapartar.is**
Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mosfellsbæ, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyotabíla. Opið virka daga frá 10-18.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Peugot-Citroen.**
Peugeot, Citroen. Er eingöngu að rífa Peugeot og Citroen. Franskir bílapartar ehf. S. 587 8200 & 694 9117.

Bílhlutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, VW. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í MMC, Nissan, VW, Subaru, Skoda og fl. Opið mán-föst 9-18.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**S. 555 3560**
Bílapartar og Þjónusta eigum varahluti í flestar gerðir bíla. Dalshrauni 20.

Á varahluti í Charade '88/'93, Civic '91, Lancer Colt '92/'93, Galant '90, Corolla '92, '97, Touring '92, Sunny '92, Micra '91, Swift '90, Subaru '90, Justy, L300 '90, Primera '93, Escort '88. Hyundai Coupe Turbo '93. Sonata '92. S. 896 8568.

## Viðgerðir

Ef pústið pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikkþjónustan, Sóltúni 3, s. 562 1075.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Eigum tilbúna stiga, hringstiga og handriðaefni á lager. Fura, Beyki og Eik. Handlistar,plast, ryðfrítt, festingar og margt fleira. Stigalagerinn, Dalbrekku 26 Kópavogi.

**1000.-kr. Tilboð!**
Allar pizzur á matseðli á aðeins 1000 kr. og hvítlauksbrauð fylgir frítt með, alla daga þegar sótt er. Opið 16-21 alla daga, einnig er opið í hádeginu á föstudögum. Pizza 67 Austurveri, Háaleitisbraut 68. S. 800 6767.

**30% ÓDÝRARA Í LJÓS!**
Útsala 30-80% afsláttur af undirfatnaði. Stjörnusól, Fjarðargötu 17, s. 555 7272.


Full búð af nýjum vörum frá Austurlöndum. Frábært úrval. Vaxtalausar léttgreiðslur. Sigurstjarnan, S. 588 4545. Fákafeni (bláu húsin) Opið 11-18 virka daga og 11-15 laugardaga.



**Vöruvagn með hillu**
Caddie lagervagn/áfyllingavagn kr. 19.900. +VSK. Verslunartækni ehf. Draghálsi 4 S. 535 1300 http://www.verslun.is.

**vitamin.is**
Blek.is
**2 fyrir 1**
**af Epson og Canon blekhylkjum.**
**www.blek.is**
**Ármúla 32**
**Sími 544 8000**


Frábær dægrastytting. Hljóðbækur á fínu verði fást á www.hljodbok.is og í bókabúðum.


**Útsala - útsala**
Fyrstur kemur, fyrstur fær. Markaðsþjónn/Töfrateppið, 30 - 70 % útsala, leðurjakkar, húsgögn handhnýtt perskneskra teppi og gjafavara. Rangárseli 4. Opið 13 - 18 virka daga, laugard. 12-16. S. 534 2288 & 864 0580.


Ótrúlegt verð t.d. stakir jakkar kr. 2.000. Buxur 1.000. Lagersala, Auðbrekku 1. Opið 12-18. S. 564 3477, Jóna.


Seljum Porta Potti ferðaklósett og fylgihluti, s.s. hreinsivökva og ferðaklósettpappír. Verslaðu við traustan aðila. Seglagerðin Ægir, Eyjarslóð 5-7, sími 511 2200.


**Ódýrir Ódýrir!**
Rafmagnshitaðir nuddpottar, ný sending komin, seinasta seldist upp strax, alvöru nuddpottar með 3ja ára verksmiðjuábyrgð, Verð frá 450 þ. Hringdu núna í s. 699 8195 og 660 6091.


Gámur er góð lausn á plássleysi! Vertu í sambandi við erum með hagstæða lausn fyrir þig. S. 587-2470 www.bos.is

Bílskúrssala-búslóð á Leifgötu 23 frá 11-18 laug.+sun. einnig eftir samk. S. 898 4359 & 899 4477.

**Lopapeysur**
Lopapeysur, slár og húfur. Gott verð. Geymið auglýsinguna. Sími 553 2996.

Vegna brottfluttnings. Stórt beyki skrifborð, 6 skúffur með lás og bókaskápur læsanlegur að neðan frá Gamla Company 19 þ. Fallegur maghony USA sjónvarpsskápur með hurðum 20 þ. Frábær HP 21" tölvuskjár 20 þ. JASS (Trek) hjól með barnastól 12 þ. Orbatrek æfingatæki 7 þ. Sími 698 6375.

Roccocosófi, brúnn standlampi frá 1960, málverk, forsetamynd, LP gull og LT plötur. Uppl. í s. 694 5281.

**Þvottavélar**
Til sölu nokkrar notaðar þvottavélar. Tökum bilaðar uppí. Sími 847 5545.

Til sölu nýr heitur pottur. Verð aðeins 120 þús. Uppl. í síma 869 6696.

Ísskápur 162 cm m/sér frysti á 12 þ., 142 cm á 10 þ., 118 cm og 85 cm á 8 þ. Frystiskápur á 10 þ. Eldavél á 5 þ. Þríhjól á 2 þ. Hjólabretti á 3 þ. Barnabílstóll á 5 þ. Einnig varahlutir í ýmsa bíla og mikið af dekkjum á felgum á 1 þ.stk. S. 896 8568.

## Óskast keypt

Kaupum gamlar vínylplötur, gott verð, góð tilboð. Uppl. í s. 698 8629.

## Heimilistæki

Til sölu Ariston þurrkari á 25 þús. stgr. Uppl. í síma 661 1100.

## Hljóðfæri

Leigjum og seljum hljóðkerfi stór og smá. JBL, Crown, AKG HljóðX. Grensásvegi 12 sími 553 3050.

Óska eftir notuðu trommusetti á sanngjörnu verði. Uppl. í s. 697 3586 & 849 2878.

Trommusett óskast ódýrt. Uppl. í síma 891 7077.

Til sölu Antik píanó með fílabeini og kertastjökum. Uppl. í síma 845 1087.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Frá kl 8-23.

**Ódýrar tölvuviðgerðir!**
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894 eftir kl.18:00.

## Til bygginga



Pallaefni. Eigum fyrirliggjandi Massaranduba pallaefni 25 x 145mm. Endist í áratugi. Efnissalan ehf. S. 554 5400.

## Verslun


**100% Verðvernd!!!!**
Venus erotic store. Vorum að fá nýjar 10 og 12 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.


Espadrillurnar eru komnar. 11 litir stærðir 35-41, kr. 990. Einnig með háum hæl kr. 2500. Hókus Pókus Laugavegi 69 S. 551 7955.




# SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 98,9 BYLGJAN FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 VÍSIR

Skartgripir - uppbod.is
Postulín - uppbod.is
Antik - uppbod.is
Gullvörur - uppbod.is
**Uppbod.is - íslenskur uppboðsvefur.**

Kajakferðir Stokkseyri -
**kajak.is**

Engin rigning við Ísafjarðardjúp
Reykjanes við djúp
**Sími: 4564844**

Protools upptökukerfi-
**Hljóðfærahúsið Laugavegi 176.**

Hólavatn, Veiðistaður fjölskyldunnar.
**Eyjafjarðarsveit.**

Borðviftur!
**Glóey, Ármúla.**

Luktir og vasaljós!
**Glóey, Ármúla.**

Jeppakerrur,
**Víkurvagnar**

Gönguparadís,
**www.borgarfjordureystri.is**

Reimar í bíla
**Fálkinn**

Loftræstiviftur - borðviftur
**Fálkinn**

Ferskar hrefnulundir í næsta kjötborði
**Félag hrefnuveiðimanna.**

Garðplöntuútsalan í fullum gangi.
**Blómaval.**

Rafhlöður!
**Glóey, Ármúla.**

Sandblásturstæki,
**Jákó, 564-1819.**

Framlengingarspeglar
**Víkurvagnar**

Legur í bíla
**Fálkinn**

Ferðaútvörp!
**Glóey, Ármúla.**

Gott á allt-
**www.bestalambid.is**

Útsala.
**Ecco Laugavegi, Ecco Kringlunni.**

Lokað í móttökustöðinni Gufunesi á morgun laugardag vegna framkvæmda við vigt.
**Sorpa.**

Gasskynjarar!
**Glóey, Ármúla.**
**Skoðaðu www.bestalambid.is**

80% afslátttur.
**Sjónarhóll.**

80% afsláttur.
**Gleraugnaverslunin Sjónarhóll.**

Hólavatn, veiðistaður fjölskyldunnar.
**Eyjafjarðarsveit**

Ódýr harðfiskur.
**Verslunin Svalbarði.**

Ársalir Fasteignamiðlun,
**www.arsalir.is**

Ekki gleyma að taka Andrés Önd með í fríið.
**Vaka-Helgafell.**

Allt að 60% afsláttur af öllum garðplöntum.
**Blómaval.**

Iðnaðarsápur,
**Ísaco, 565-7744.**

Gamla góða Kaupmannahöfn.
**www.salkaforlag.is**

Tölvur, tölvuviðgerðir.
**Tölvukaup**

**hamraborgkopavogi.is**

Ísskáparnir fást í Expert,
**opið allar helgar.**

Útsalan hefst á morgun, 2 fyrir 1.
**Herrafataverslun Birgis**

Ársalir Fasteignamiðlun,
**533-4200.**

Garðplöntuútsala.
**Blómaval.**

Gólfviftur!
**Glóey, Ármúla.**

Bílabónsápur,
**Ísaco, 565-7744.**

Árbæjarsafn alla helgina.
**Árbæjarsafn.**

Breytiklær!
**Glóey, Ármúla.**

Dráttarbeisli
**Víkurvagnar**

Garðplöntuútsalan í fullum gangi.
Allt að 60% afsláttur.
**Blómaval.**

Vertu ekki andlaus í ferðalaginu.
Andrés Önd á næsa blaðsölustað.
**Vaka-Helgafell.**

Vélahlutaþvottavélar,
**Jákó, 564-1819.**

Hófadynur við allra hæfi, Reiðskóli, Kúrekaferðir, Fjölskyldudagar.
**Íshestar.is, sími 555-7000**

Smáauglýsingasími Blaðsins, 510-3737 þar sem smáauglýsingarnar kosta aðeins
**555.- krónur stykkið.**

Hosutrekkjari.
**Iðnaðarsafnið Akureyri.**

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

**Vörubrettaverksmiðja við Bjarnaflag, Skútustaðahreppi.**

**Breytingar á starfsemi Hringrásar ehf., móttaka og meðhöndlun spilliefna, Reykjavík.**

**Hverahlíð. Breyting á legu vegar að rannsóknaborsvæði, Sveitarfélaginu Ölfus.**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær eru einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **19. ágúst 2005.**

**Skipulagsstofnun**

## Félag íslenskra útfararsjóra

**Stofnfundur Félags íslenskra útfararsjóra verður haldinn í safnaðarsal Fríkirkjunnar í Reykjavík fimmtudaginn 29. júlí. kl. 20:00.**

**Fundarefni:**
**Lög félagsins, Siðareglur, Kosninga stjórnar, Önnur mál.**

Nánari upplýsingar og tilkynning þátttöku er á netfang í radiant@radiant.is

**Undirbúningsnefndin.**

# atvinna o.fl.

## Ertu að leita að góðum starfsmanni?

### Hvar ætlar þú að auglýsa?

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð sem fjalla um atvinnumál og eru atvinnuauglýsingar helsta efni þeirra. Bæði blöðin eru svokölluð innblöð, þ.e. þau eru í miðju aðalblaðanna þannig að lesendur þeirra rekast á atvinnublöðin og ákveða þá hvort þeir skoða þau eða ekki.

**LESTUR:** DÆMI ÚR NÝRRI GALLUP KÖNNUN *

| | 20-40 ára |
|---|---|
| Sunnudagsblað Fréttablaðsins | 60,4% |
| Sunnudagsblað Morgunblaðsins | 37,0% |
| *Styrkur Fbl. umfram Mbl.* | *54,8%* |

* Upplýsingarnar í þessari auglýsingu eru fengnar úr nýafstaðinni fjölmiðlakönnun Gallup í júní sl. Ekki er tekið tillit til fríðreifingar Morgunblaðsins.

**Rúmlega helmingi fleiri Íslendingar á aldrinum 20-40 ára lesa sunnudagsblað Fréttablaðsins framyfir Morgunblaðið. Um 60% Íslendinga á sama aldri *fletta ekki* sunnudagsblaði Morgunblaðsins, sem getur varla hljómað vel fyrir fyrirtæki í leit að góðum starfsmönnum.**

**allt**
**- markvissar auglýsingar -**

# EIGNALISTINN

fasteignasala — Félag Fasteignasala — www.eigna.is

**Kringlunni 4 - 6 Norðurturni, 10. hæð • 103 Reykjavík • Sími 530 4600 • Fax 530 4609 • eigna@eigna.is**

**Sigurður Örn Sigurðarson**, Viðskiptafræðingur og lögg. fasteignasli










## REYKJAVÍK

**NJÁLSGATA**
2ja herb. 56,9 fm miðhæð. Töluvert endurnýjað í íbúðinni. Lítið en snyrtilegt eldhús, baðherbergi með sturtu, ágætlega rúmgott svefniherbergi með fataskápum, forstofa með fataskáp.Parket á gólfum, góð geymsla og sameiginlegt þvottarými á jarðhæð. **V: 13,3 millj.**



**REYKJAVÍK - BRÁVALLAGATA**
Góð 3ja herbergja, 84 fm miðhæð í velviðhöldnu húsi.
Mikið endurnýað í íbúðinni t.d rafmagn, eldhús ofl. Góð herbergi, rúmgóð geymsla í kjallara. Góðar suð-vestur svalir. Laus 1. sept.05
**Verð: 18,5 millj.**



**ÁLFTAMÝRI**
Góð 3ja herb. íbúð á 4.hæð í vel viðhöldnu húsi á þessum eftirsóknarverða stað. Svefniherbergi með fataskápum. Suður- svalir, þvottahús og geymsla í sameign. **V: 14,950. millj. TIL AFHENDINGAR 15. ÁGÚST.**



## GRAFARVOGUR

**VEGHÚS – GETUR LOSNAÐ FLJÓTLEGA**
Góð 4ra herb. 112,8 fm íbúð á 2. hæð í vel viðhöldnu fjölbýli. Þvottahús innan íbúðar, baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, baðkar og sturta. Mjög gott skáparými í herbergjum, eldhús með góðri sprautulakkaðri innréttingu. Sameignin er mjög góð. **V: 20,1 millj.**



## BREIÐHOLT

**AUSTURBERG – opið hús föstudag milli 17 - 18**
**(Austurberg 20 3ja hæð til vinstri)**
4ra herb. með aukaherbergi í kjallara, þvottahús innan íbúðar. Rúmgóð stofa með útgengi út á frekar stórar suðursvalir. Rúmgott baðherbergi, hjónaherbergi með góðu skápaplássi. Útbúið hefur verið herbergi úr hluta af geymslu í kjallara (aðgangur að salerni)
**V: 19,2 millj. ÓLAFUR SÝNIR ÍBÚÐINA S: 822-4610**



**SELJAHVERFI - TEIGASEL**
67 fm, 2 herbergja íbúð á 2 hæð í 3 hæða fjölbýli. Forstofa með fataskáp / Stofan er rúmgóð með suðursvölum / Baðherbergi með baðkari og t.f. þvottavél og þurrkara / Svefnherbergi með góðu skápaplássi – gott útsýni / Eldhús með upprunalegri innréttingu – gott útsýni / Stór sameign með hjóla- og vagnageymslu og þvottahúsi, ásamt rúmgóðri sérgeymslu. **12,5 millj. LAUS VIÐ KAUPSAMNING.**

# Frið í stjórnarskrána

**UMRÆÐAN**
STJÓRNARSKRÁIN



**SKÚLI HELGASON**
STJÓRNMÁLAFRÆÐINGUR

Nú stendur yfir tímabær endurskoðun á stjórnarskrá lýðveldisins. Í þeirri vinnu er nauðsynlegt að kveða skýrar varðandi öryggis- og varnarmál. Hvergi er í stjórnarskrá Íslands vikið að landvörnum eða hvernig standa skuli að ákvörðunum er lúta að öryggi landsins. Því síður er vikið að því hvernig standa skuli að ákvarðanatöku um aðild Íslands að hernaðaraðgerðum. Sú grein sem helst tengist samskiptum við erlend ríki er 21. grein þar sem segir að forseti lýðveldisins geri samninga við önnur ríki. Þar er jafnframt tekið fram að forseti geti enga slíka samninga gert ef þeir hafa í sér fólgið afsal, kvaðir á landi eða landhelgi, eða breytingar á stjórnarhögum ríkisins nema með samþykki Alþingis.

Því má færa fyrir því rök að andi stjórnarskrárinnar kveði á um að Alþingi skuli koma að meiriháttar ákvarðanatöku í utanríkismálum þjóðarinnar. Hér þarf þó að kveða mun fastar að orði til að tryggja vandaða stjórnsýslu. Eins og alþjóð veit voru það aðeins tveir ráðherrar, þáverandi forsætis- og utanríkisráðherra, sem tóku ákvörðun um aðild Íslands að innrásinni í Írak vorið 2003 án samþykktar Alþingis.

Það kom fram í vikunni að Íraksstríðið hefur nú kostað 25.000 saklausa borgara lífið. Nærri fimmtungur þeirra eru konur og börn. Við Íslendingar berum okkar ábyrgð á þessum fjöldamorðum og smánarblettur er á þjóð okkar sem státar sig af því að vera vopnlaus og friðelskandi. Það er skylda þingheims að gera allt til þess að þessi mistök endurtaki sig aldrei.

Til þess að svo megi verða er mikilvægt að festa í stjórnarskrá ákvæði um að Ísland sé friðsöm þjóð sem taki ekki þátt í árásarstríðum. Jafnframt að allar ákvarðanir um aðild Íslendinga að hernaðaraðgerðum verði að bera undir Alþingi til samþykktar. Þar með er að lágmarki tryggt að þingheimur fái tækifæri til að fjalla um svo afdrifarík mál áður en tekin er ákvörðun um aðild Íslands. Sagan sýnir að sú staða kann að koma upp er réttlæti aðild Íslands að hernaðaraðgerðum, til dæmis ef um er að ræða fjölþjóðlegar aðgerðir til að stemma stigu við þjóðarmorðum. Hins vegar er ekki annað forsvaranlegt fyrir fullvalda ríki eins og Ísland en að reka sjálfstæða utanríkisstefnu. Sú stefna íslenskra stjórnvalda að styðja gagnrýnislaust utanríkisstefnu Bandaríkjanna kann að virðast réttlætanleg í ljósi varnarsamningsins við Bandaríkin. En þegar sú stefna gerir okkur samábyrg á fjöldamorðum á tugþúsundum óbreyttra borgara, þá er ekki forsvaranlegt annað en spyrna við fótum. Ef það kallar á endurskoðun varnarsamstarfsins við Bandaríkin þá verður svo að vera. Ef til vill er tímabært að við Íslendingar veltum fyrir okkur þeim möguleika að skilja á milli varnarsamstarfsins við hin herskáu Bandaríkin og aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu, sem þrátt fyrir allt hefur enn mikilvægu hlutverki að gegna við að grípa í taumana þegar einræðisherrar á valdastóli fara með skefjalausu ofbeldi á hendur þegnum sínum og öðrum. Íslendingar geta ekki borið höfuðið hátt í samfélagi þjóðanna öðruvísi en að reka sjálfstæða utanríkisstefnu, þar sem áhersla á friðsamleg samskipti þjóða, virðing fyrir alþjóðalögum og mannréttindi eru í öndvegi. ■

# Mútur og olíusvindl

**UMRÆÐAN**
BAUGSMÁLIÐ



**SIGURJÓN ÞÓRÐARSON**
ALÞINGISMAÐUR

Að undanförnu hef ég fylgst nokkuð með umræðu í erlendum fjölmiðlum um lögreglurannsókn ríkislögreglustjóra á meintum lögbrotum stjórnenda Baugs. Öllum má vera ljóst að umræðan hefur almennt verið neikvæð og hún hefur tvímælalaust rýrt trúverðugleika íslenskra athafnamanna á erlendri grund. Hitt er einnig ljóst að ef ákærurnar eru ekki byggðar á traustum grunni, þá bíða íslensk stjórnvöld mjög mikinn hnekki. Reikna má með að erlendir fjölmiðlar beini sjónum sínum í auknum mæli að vægast sagt vafasamri sölu á eignum almennings þar sem menn tengdir inn í innsta hring stjórnarflokkanna, Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks, högnuðust persónulega um háar fjárupphæðir, þar á meðal Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra.

Fjölmargir velta því fyrir sér fyrir hvað stjórnendur Baugs eru ákærðir og með ólíkindum að yfirvöld skuli ekki sjá sóma sinn í því að birta ákærurnar opinberlega fyrr en eftir margar vikur.

Meðal þess sem erlendir fjölmiðlar veltu fyrir sér var hvort að ríkislögreglustjóri ákæri fyrir tilraun til að múta þáverandi forsætisráðherra Davíð Oddssyni. Í frægu viðtali við Davíð Oddsson í Ríkisútvarpinu á bolludaginn fyrir tveimur árum sagðist hann hafa mjög lítið álit á forsvarsmönnum Baugs og að þeir hefðu ítrekað reynt að múta sér á fundi í Lundúnum. Ef eitthvert vit var í rannsókn ríkislögreglustjóra, þá hlýtur hann að hafa beint meginkröftum sínum að rannsókn mútumálsins. Það hlýtur að vera ein alvarlegasta ásökun sem hefur komið upp um langt árabil, að einhver reyni að múta forsætisráðherranum. Það væri óneitanlega sérstakt ef ríkislögreglustjóri sæi ekki ástæðu til að beina meginkröftum rannsóknarinnar að því hvort ásakanir þáverandi forsætisráðherra Íslands Davíðs Oddssonar hefðu verið á rökum reistar.

Þess ber að geta að undirrituðum kæmi ekkert sérstaklega á óvart ef þungar ásakanir Davíðs Oddssonar væru hreinn hugarburður. Það væri þá ekki í fyrsta sinn sem hann yrði uppvís að því að bera ranglega þungar sakir á nafngreinda menn. Í fyrra hlaut Davíð Oddsson dóm þar sem meiðyrði hans um nafngreindan mann voru dæmd dauð og ómerk í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Nú virðist ljóst að stjórnvöld hafa rannsakað starfsemi Baugs gaumgæfilega og kannað í þaula hvort stjórnendur hafi farið að lögum og er það vel. Það skýtur þó óneitanlega skökku við að sömu stjórnvöld voru uppvís að því að neita að taka við gögnum sem sýndu fram á að olíufélögin höfðu staðið að samráðssvindli og haft af almenningi marga milljarða króna. Stjórnendur olíufélaganna voru nátengdir stjórnarflokkunum Framsókn og Sjálfstæðisflokki. Nýlega upplýstist að Olíufélagið var í miklu samkrulli við Framsóknarflokkinn um rekstur á skrifstofuhúsnæði Framsóknarflokksins og verður lengi í minnum haft að forstjóri Skeljungs stóð í því að svindla á Landhelgisgæslunni, sem eiginkona hans Sólveig Pétursdóttir bar pólitíska ábyrgð á.

Fróðlegt verður að fylgjast með hvort að menn séu jafnir fyrir lögunum.



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.228 **+0,43%** **Fjöldi viðskipta:** 110 **Velta:** 582 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN |
|---|---|---|
| **Síminn** | +11,1% | |
| **Vinnslustöðin** | +5,00% | |
| **Nýherji** | +3,23% | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:**

Actavis 41,20 +0,20% ... Atorka 6,00 – ... Bakkavör 38,60 – ... Burðarás 16,50 +0,60% ... FL Group 14,50 – ... Flaga 4,67 – ... Íslandsbanki 13,60 +0,40% ... KB banki 551 +0,20% ... Kögun 59,00 – ... Landsbankinn 17,80 +0,60% ... Marel 58,40 – ... Og fjarskipti 4,12 – ... SÍF 4,82 – ... Straumur 12,35 +0,80% ... Össur 78,50 -

*Tölur miðast við stöðuna kl. 15.15*

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn…*

### Partíflug Avion

Íslendingar mega ekki stunda fjárhættuspil samkvæmt lögum en ekkert bannar þeim að fjárfesta í fyrirtækjum sem tengjast slíkri iðju. Í gær var tilkynnt um kaup Avion Group á nítján prósenta hlut í bandaríska leiguflugfélaginu Casino Express Airlines. Fjárfestir Avion í félaginu með stjórnendum fyrirtækisins í þeirri von að auka umsvif sín í leiguflugi í Bandaríkjunum. Casino Express hefur aðsetur í Elko í Nevada og sérhæfir sig í að fljúga með fjárhættuspilara til borgarinnar frá níutíu áfangastöðum innan Bandaríkjanna. Í Elko eru stór spilavíti sem bjóða upp á fjölbreytta afþreyingu og skemmtun. Enda eru einkunnarorð flugfélagsins, sem birt eru á heimasíðu þess, vel viðeigandi: Casino Express Airlines – your ticket to the party. Flugfélagið gerir líka um sextíu þúsund gestum kleift að sækja partíin í Elko hvern mánuð.



### Sterling eykur söluna

Lággjaldaflugfélagið Sterling sem er í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar hefur ákveðið að selja flugmiða í gegnum Via Travel Group, stærstu ferðaskrifstofu Noregs. Þetta er í fyrsta skipti sem það gerist í Skandinavíu að lággjaldaflugfélag selji flugsæti í gegnum ferðaskrifstofu en mestur hluti sölunnar fer í gegnum netið. Sterling sem keypti Maersk Air á dögunum er stærsta lággjaldaflugfélag Norðurlandanna og það fjórða stærsta í Evrópu meðal annars á eftir Ryanair og easyJet. Almar Örn Hilmarsson, forstjóri Sterling, segir að eftir kaup félagsins á Maersk hafi það þurft að efla sölu- og markaðsstarf og er ljóst að samningurinn, sem nær til ársins 2008, eykur markaðshlutdeild þessa nýjasta risa töluvert.

## Betra hjá Ebay

Hagnaður internetsmarkaðarins Ebay var tæpir 19 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi. Velta fyrirtækisins var um 70 milljarðar króna, fjörtíu prósentum meiri en á sama tíma í fyrra.




**EBAY** Afkoma fyrirtækisins var betri á öðrum ársfjórðungi en bjartsýnustu menn þorðu að vona.

Kemur þetta góða uppgjör Ebay sérfræðingum í opna skjöldu en hlutabréf í félaginu féllu um rúm fjörtíu prósent eftir uppgjör fyrsta ársfjórðungs og voru stjórnendur Ebay harðlega gagnrýndir í kjölfarið: „Ebay hefur gengið í gegnum mikinn öldusjó undanfarið. Við vonum að nú fari öldurnar að lægja," sagði David Edwards verðbréfamiðlari. -jsk

# Fær fimmtíu milljónir í starfslokasamning

**Gunnar Svavarsson heldur óbreyttum launum hjá Icelandic Group í 24 mánuði.**




**GUNNAR SVAVARSSON** Hættur og fær fimmtíu milljónir króna greiddar á tveimur árum.

Gunnar Svavarsson, sem hætti sem forstjóri Icelandic Group í lok maí, heldur óbreyttum launum hjá félaginu næstu 24 mánuði. Kostar starfslokasamningurinn félagið, sem áður hét Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, um fimmtíu milljónir króna. Í stað Gunnars var Þórólfur Árnason, fyrrverandi borgarstjóri, ráðinn í forstjórastólinn.

Í fyrra voru laun og hlunnindi Gunnars hjá Icelandic Group 33 milljónir króna eða að jafnaði 2,7 milljónir króna á mánuði.

Laun og hlunnindi tólf framkvæmdastjóra félagsins námu 184 milljónir króna árið 2004. Miðað við það má áætla að hver þeirra hafi haft að meðaltali 1,3 milljónir króna í laun á mánuði.

Heildargreiðsla Icelandic Group til tveggja fyrrverandi stjórnarformanna félagsins á árinu 2004 voru samtals 1.500 þúsund krónur. Þar af voru 500 þúsund til Gunnlaugs Sævars Gunnlaugssonar og milljón krónur til Róberts Guðfinnssonar. Aðrir stjórnarmenn, núverandi og fráfarandi, fengu greiddar samtals sex milljónir króna eða 500 þúsund hver fyrir stjórnarsetu árið 2004. - bg

# Nýherji og Burðarás fyrst

**Fyrstu félögin birta afkomutölur annars ársfjórðungs í dag.**

Nýherji og Burðarás ríða á vaðið með að birta afkomutölur fyrir annan ársfjórðung en niðurstaðna er að vænta í dag. Greiningardeildir bankanna spá ekki fyrir um afkomu Nýherja og því ekki vitað hverju búist er við.

Öðru máli gegnir um Burðarás en því félagi er spáð methagnaði á öðrum ársfjórðungi. Greiningardeildir bankanna eru mjög samstiga í spám sínum og spá Burðarási í kringum 18,5 milljörðum í hagnað. Þar vegur þyngst 15 milljarða hagnaður félagsins af sölu Eimskips en félagið seldi Avion Group 94 prósenta hlut í Eimskip fyrir 21,6 milljarða.

**SPÁR UM AFKOMU BURÐARÁSS – Í MILLJÓNUM KRÓNA**

| | |
|---|---|
| Íslandsbanki | 18.433 |
| KB banki | 18.778 |
| Landsbanki | 18.555 |
| **Meðaltal:** | **18.589** |



**SPÁÐ METHAGNAÐI** Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Burðaráss.

Hagnaður Burðaráss var 4,6 milljarðar króna á fyrsta ársfjórðungi og á öðrum ársfjórðungi í fyrra var hagnaður félagsins rúmir tveir milljarðar króna.

Hagnaður Nýherja var 26 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi en vegna árstíðarsveiflna er hagnaður á öðrum ársfjórðungi væntanlega hærri en á fyrsta fjórðungi. Hagnaður Nýherja á öðrum fjórðungi í fyrra var ein milljón. - dh



Austurver
Opið alla daga ársins til kl. 24
Mán.–fös. kl. 8–24
Helgar og alm. frídaga 10–24
JL-húsið
Mán.-fös. kl. 9–21
Helgar 10–21
Kringlan 1. hæð
Mán.-mið. kl. 10–18:30,
fim. 10–21, fös. 10–19,
lau. 10–18, sun. 13–17
Opið lengur
Lyf & heilsa

# Pundið hefur lækkað mest

**Ódýrara er að kaupa alla helstu gjaldmiðla fyrir krónur í dag en fyrir tólf mánuðum. Frá áramótum hefur verð á dölum í Bandaríkjunum og Kanada hækkað.**

Sterlingspundið hefur veikst mest gagnvart krónunni síðustu tólf mánuði. Pundið hefur verið að gefa eftir gagnvart flestum gjaldmiðlum eftir hryðjuverkaárásirnar í London og fór undir 113 krónur í gær en kostaði 131 krónu fyrir ári síðan.

Krónan hefur heldur verið að styrkjast á síðustu vikum og er gengisvísitalan komin nálægt gildinu 109. Lækki gengisvísitalan gefur það til kynna að krónan styrkist. Það þýðir að ódýrara er að kaupa erlenda gjaldmiðla fyrir krónur. Á einu ári hefur krónan styrkst um ellefu prósent gagnvart öðrum gjaldmiðlum.



**BANDARÍKJADALUR STERKASTUR** Frá áramótum hefur dalurinn styrkst gagnvart krónunni. Sterlingspundið hefur veikst mest á undanförnum tólf mánuðum ásamt sænsku krónunni.

Samkvæmt riti greiningardeildar Landsbankans um efnahagsmál, sem kom út á miðvikudag, má rekja sterkt gengi krónunnar til þess að innlendir og erlendir aðilar eru að nýta sér mikinn vaxtamun sem er á milli Íslands og helstu viðskiptalanda. Þá kaupa þeir krónur, sem eykur eftirspurn eftir henni og gengið hækkar. Einnig segir að í vor, þegar krónan veiktist töluvert, hafi fréttir borist af áhuga erlendra álframleiðenda á frekari stóriðjufjárfestingum hér á landi. Því hafi veiking krónunnar gengið fljótt til baka.

Evran hefur veikst um ellefu prósent á síðustu tólf mánuðum, dalurinn um níu prósent prósent og sænska krónan yfir þrettán prósent. Bæði japanskt jen og svissneskur franki hafa veikst mikið á tímabilinu. Kanadadalur hefur veikst langminnst.

Frá áramótum hefur sænska krónan veikst mest gagnvart íslensku krónunni eða um tíu prósent og danska krónan um sex prósent. Bandaríkjadalur og Kanadadalur hafa aftur á móti styrkst mest gagnvart krónunni.

Greiningardeild Landsbankans gerir ráð fyrir að krónan haldist fremur sterk gagnvart öðrum gjaldmiðlum fram á mitt næsta ár. Þá gefi hún töluvert eftir og sú lækkun komi til áður en framkvæmdir við frekari stóriðju verði að veruleika. Líklegast sé að framkvæmdir yrðu í fyrsta lagi á árunum 2008 til 2009. Spá þeirra um veikingu krónunnar um mitt næsta ár standist þrátt fyrir það.



**EVRAN ÓDÝRARI** Þegar krónan styrkist er ódýrara fyrir ferðalanga að kaupa gjaldeyri.

bjorgvin@frettabladid.is
eggert@frettabladid.is

**BREYTING HELSTU GJALDMIÐLA GAGNVART KRÓNUNNI**

| | Frá áramótum | 12 mánuðir |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | +3,7% | -9,3% |
| Danska krónan | -6,3% | -11,8% |
| Evra | -5,9% | -11,1% |
| Japanskt jen | -3,7% | -11,0% |
| Kanadadalur | +3,4% | -2,0% |
| Norska krónan | -2,7% | -5,4% |
| Sterlingspund | -4,7% | -13,7% |
| Svissneskur franki | -6,9% | -12,0% |
| Sænska krónan | -10,2% | -13,5% |

# Ísland fær hæstu einkunn

**Íslenska ríkið ætti að fá lán á bestu mögulegu kjörum samkvæmt árlegri skýrslu bandaríska matsfyrirtækisins Moody's.**

Ísland hlaut lánshæfiseinkunnina Aaa, sem er hæsta mögulega einkunn, í skýrslu matsfyrirtækisins Moody's um landið. Segir í skýrslunni, sem unnin er af Joan Feldbaum Vidra, að einkunnin byggi meðal annars á lágri skuldastöðu hins opinbera og óvenjulega sveigjanlegu hagkerfi.

Þó er varað við því að íslenska hagkerfið hafi tilhneigingu til efnahagssveiflna og að hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins séu umtalsverðar.

Feldbaum-Vidra lýsir áhyggjum af því að yfirstandandi fjárfestingar í erlendra aðila í áliðnaði og kerfisbreytingar í fjármálakerfinu, hafi leitt til örrar útlánaþenslu, mikillar erlendrar skuldasöfnunar og verulegs vöruskipta- og viðskiptahalla. Hann segir meginviðfangsefni efnahagsstjórnar að stilla saman stefnuna í ríkisfjármálum, peningamálum og launamálum. - jsk



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Ísland fær hæstu mögulegu einkunn í lánshæfismati. Sérfræðingur Moody's segir meginviðfangsefni efnahagsstjórnar að stilla saman stefnuna í ríkisfjármálum, peningamálum og launamálum.

## Aukin velta í hagkerfinu

Velta í hagkerfinu jókst um 11,7 prósent í mars og apríl sé miðað við sama tímabil í fyrra, kemur fram á vef greiningardeildar Íslandsbanka.

Greiningardeildin segir þetta gefa til kynna að hagvöxtur hafi verið talsverður á tímabilinu. Stór hluti veltuaukningarinnar var í innflutningi sem kemur til frádráttar í útreikningi á landsframleiðslu.

Mest var veltan í umboðsverslun með eldsneyti, vélar og ýmislegt annað, þar jókst veltan um sex prósent. Velta í fjármálaþjónustu jókst um 44 prósent og í byggingastarfsemi um 41 prósent. - jsk



**VIÐ VINNU** Mikil veltuaukning varð í byggingastarfsemi í mars og apríl miðað við sama tímabil í fyrra.

# Offramboð af stáli í Kína


FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Kínverjar hyggjast ráðast í miklar endurbætur á stáliðnaði í landinu. Miklar umframbirgðar eru af stáli í Kína og hefur ríkisstjórnin brugðist við með miklum hagræðingaráformum.

Í Kína eru átta hundruð stálverksmiðjur og er landið mesti stálframleiðandi heims. Undanfarið hefur þó eftirspurn eftir stáli minnkað og hefur heimsmarkaðsverð lækkað um allt að þrjátíu prósent í kjölfarið.

Ríkisstjórn Kína hefur gefið það út að ætlunin sé að árið 2010 verði aðeins tíu stálverksmiðjur í landinu, þar af tvær risastórar með framleiðslugetu upp á þrjátíu milljón tonn á ári sem eiga að standa undir megninu af stálframleiðslu Kínverja. -jsk

**KÍNVERSK STÁLVERKSMIÐJA** Mikið offramboð er nú á stáli í Kína og hafa stjórnvöld tilkynnt um mikil hagræðingaráform.

# Yahoo lækkar

**Hagnaður sjöfaldast á öðrum ársfjórðungi.**

Hagnaður bandaríska netfyrirtækisins Yahoo hátt í sjöfaldaðist á öðrum ársfjórðungi þessa árs frá sama tímabili í fyrra. Hagnaður félagsins nam 755 milljónum Bandaríkjadala eða hátt í 50 milljörðum króna á fjórðungnum. Tekjur félagsins á fjórðungnum jukust um rúm 40 prósent frá fyrra ári og námu 1,25 milljörðum bandaríkjadala eða rúmum 80 milljörðum króna.

Stærsti hluti tekna Yahoo kemur frá auglýsingasölu eða hátt í 90 prósent. Auglýsingatekjur félagsins jukust um 50 prósent á tímabilinu og vorum um einn milljarður bandaríkjadala.

Í Vegvísi greiningardeildar Landsbankans kemur fram að ástæðan fyrir gífurlegri hagnaðaraukningu á fjórðungnum sé sala Yahoo á bréfum sínum í netfyrirtækinu Google. Hagnaður af reglulegri starfsemi Yahoo sé í samræmi við spár sérfræðinga. Markaðsaðilar hafi hins vegar vonast til þess að afkoma félagsins yrði talsvert betri en raun bar vitni. Gegni bréfa Yahoo lækkaði um rúm 11 prósent daginn sem uppgjörið var kynnt. -dh

**YAHOO HAGNAÐIST UM 50 MILLJARÐA Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI** Sala bréfa í Google ástæða mikillar hagnaðaraukningar.



# Þúsundir í verktöku

Þegar Sjóvík sameinaðist SH undir merkjum Icelandic Group fjölgaði starfsmönnum í sameinuðu félagið um 344. Í lok mars 2005 voru starfsmenn Icelandic Group 3.113 talsins. Þessu til viðbótar er Sjóvík með um 2.650 manns í vinnu í verktöku. Hefur félagið samið við kínverskar verksmiðjur um framleiðslu á fiskafurðum sem útvegað er.

Sjóvík rekur átta verksmiðjur; fimm í Kína, tvær í Tælandi og eina í Bandaríkjunum. - bg


# Auglýsing um forval til útboðs

Með lögum nr. 68/2005 var landbúnaðarráðherra heimilað að selja allar eignir og semja um yfirtöku skulda Lánasjóðs landbúnaðarins. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur verið falið að hefja undirbúning að sölu á útlánasafni sjóðsins og yfirtöku helstu skulda hans.

**Salan er háð eftirfarandi skilyrðum:**

1. Tilboðsgjafi skal yfirtaka allar skuldbindingar Lánasjóðsins sem eru í langflestum tilfellum með ríkisábyrgð.
2. Tilboðsgjafi skal hafa trausta fjárhagsstöðu og alþjóðlegt lánshæfismat.
3. Tilboðsgjafi skal vera fjármálafyrirtæki í skilningi 4. gr., 1.-3. tl. laga nr. 161/2002.
4. Tilboðsgjafi skal fallast á það skilyrði að standa við lánsloforð sem stjórn Lánasjóðsins hefur þegar veitt að uppfylltum skilyrðum.
5. Tilboðsgjafi skal lýsa því yfir með því að leggja inn tilboð um kaup á umræddum skuldabréfum, að hann muni ekki hækka vexti né breyta kjörum skuldabréfanna til hins verra fyrir skuldara, umfram það sem stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins hefur samþykkt við yfirtöku lána.
6. Tilboðsgjafi skal lýsa því yfir að ákvæði skuldabréfanna um uppgreiðsluheimild skuldara haldist.
7. Tilboðsgjafi skal lýsa því yfir að hann muni kappkosta að veita landbúnaðinum öllum fjármálaþjónustu á viðskiptalegum grundvelli.
8. Tilboðsgjafi skal lýsa því yfir að hann mun leggja sig fram um að starfsfólk Lánasjóðsins haldi störfum sínum eða fái sambærileg störf hjá tilboðsgjafa.

Samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi ársins 2004 námu innlán (lántaka) Lánasjóðs landbúnaðarins hinn 31. desember 2004 um 15,2 milljörðum króna en útlán í formi skuldabréfalána um 15,6 milljörðum króna. Þá námu sjóður og kröfur á lánastofnanir um 2,9 milljörðum króna.

Þeir aðilar sem hafa áhuga á að taka þátt í forvali til útboðs um kaup á útlánasafni og yfirtöku á skuldum sjóðsins skulu gefa sig fram við framkvæmdanefnd um einkavæðingu. Einungis þeir aðilar sem uppfylla skilyrði 1-8 að framan koma til greina við forval.

**Erindi frá áhugasömum aðilum skulu berast fyrir kl. 16.00 föstudaginn 5. ágúst 2005 rituð á:**

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu,
Fjármálaráðuneytið, Arnarhváli,
150 Reykjavík
b.t. Stefáns Jóns Friðrikssonar / Jörundar Valtýssonar



Töfra ryksuga

Roomba ryksuguvélmennið vinnur vinnuna fyrir þig



Roomba ryksuguvélmennið ryksugar gólfin á meðan heimilisfólkið sinnir öðrum störfum. Með vélinni fylgir hleðslutæki og nemi sem heldur vélmenninu á rétta vinnusvæðinu.



vilborga@centrum.is

Verð frá: kr. 36.720 stgr.

GJAFABRÉF

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

**GREGOR MENDEL (1822-1884)**
fæddist þennan dag.



*„Ég er þess fullviss að innan skamms meti allur heimurinn niðurstöður verka minna að verðleikum.“*

***Gregor Mendel var austurrískur munkur og er oft nefndur faðir erfðafræðinnar. Hann rannsakaði erfðamynstur baunaplantna.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Dillinger lætur lífið í kúlnaregni*

Óvinur bandarísku þjóðarinnar númer eitt, John Dillinger, lést í kúlnaregni alríkislögreglumanna þennan dag árið 1934. Á rúmum ársferli sínum sem bankaræningi rændi Dillinger ásamt samstarfsmönnum sínum ellefu banka og höfðu þeir 300 þúsund dollara upp úr krafsinu. Á þessum tíma brutust þeir úr fangelsum og komust naumlega undan lögreglu í ófá skipti auk þess sem þeir urðu sjö lögreglumönnum og þremur alríkislögreglumönnum að bana.

Dillinger fæddist í Indianapolis árið 1903. Hann var handtekinn 21 árs gamall fyrir rán og dæmdur í tíu til tuttugu ára fangelsi. Þar kynntist hann hópi bankaræningja, sérfræðinga í því fagi, sem tóku hann í læri. Þegar Dillinger komst út á reynslulausn árið 1933 hóf hann að fremja rán með það fyrir augum að fjármagna flótta lærifeðra sins úr fangelsi.

Dillinger var handtekinn tvisvar á því ári og ætíð tókst honum að flýja, oft á æsilegan máta. Hann breytti útliti sínu með skurðaðgerð og brenndi fingraför sín af með sýru.

Að kvöldi 22. júlí þegar Dillinger kom út úr kvikmyndahúsi biðu hans 20 vopnaðir lögreglumenn. Þegar Dillinger lagði á flótta var hann skotinn til bana.



**22. JÚLÍ 1934**
Margir forvitnir komu til að berja lík hins fræga Dillinger augum.

## MERKISATBURÐIR

**1929** Landakotskirkja í Reykjavík er vígð með mikilli viðhöfn. Þá voru 55 manns í kaþólska söfnuðinum en sjötíu árum síðar voru þeir um þrjú þúsund.

**1933** Flugmaðurinn Wiley Post lýkur hringflugi sínu um hnöttinn. Hann var sá fyrsti sem gerði það aleinn.

**1942** Skipulagður flutningur gyðinga frá gettóunum í Varsjá hefst. Flestir eru fluttir í útrýmingarbúðir í Treblinka í Póllandi.

**1977** Deng Xiaoping snýr aftur sem varaforsætisráðherra Kína en hann hafði verið leystur frá störfum.

**2003** Synir Saddams Hussein, Uday and Qusay, farast í bardaga við bandaríska hermenn í Írak. Myndir af líkunum voru birtar í fjölmiðlum nokkrum dögum síðar.



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elsa Sigurðardóttir**
Bólstaðahlíð 45, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi mánudaginn 18. júlí sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Björgvin Þórðarson** **Svanfríður Jakobsdóttir**
**Helga Þórðardóttir**
**Ófeigur Sigurðsson**
**ömmu og langömmubörn**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurbjörg Helgadóttir**
Hornbrekku, Ólafsfirði,

lést sunnudaginn 17. júlí. Útför hennar fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 23. júlí kl. 14. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á dvalarheimilið Hornbrekku, Ólafsfirði.

**Ragnheiður Brynjólfsdóttir, Gunnar Berg, Helga Pálína Brynjólfsdóttir, Jón Gauti Jónsson, Sigrún Helga Guðjónsdóttir, Brynjólfur Sveinn Birgisson, Silja Bára Ómarsdóttir, Brynjólfur Ómarsson, Brynjólfur Sveinsson, Sandra Hrönn Sveinsdóttir, Birkir Guðjón Sveinsson og langömmubörn.**



†

**Guðlaugur Þór Þórðarson**
húsasmíðameistari og slökkviliðsstjóri, Akranesi,

lést 18. júlí. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju 26. júlí kl. 14.00.

**Kristín Magnúsdóttir**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður og faðir,*

**Guðmundur Jónsson**
Húsasmíðameistari,

lést á Landspítalanum laugardaginn 9. júlí sl.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Helga Anna Guðjónsdóttir**
**Rafn Guðmundsson**
**Thelma Guðmundsdóttir**
**Már Guðmundsson**

FRANSKIR DAGAR Á FÁSKRÚÐSFIRÐI:

# Kenderíisganga að kvöldlagi

Bæjarhátíðin Franskir dagar hefst á Fáskrúðsfirði í dag og stendur fram á sunnudag. Hátíðin er nú haldin í tíunda sinn og í boði er fjölbreytt skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna en á meðal dagskrárartriða eru tónleikar, dansleikir, hjólreiðakeppni, brekkusöngur og margvíslegir listviðburðir. Í dag verður meðal annars boðið upp á söngskemmtun þar sem fram koma söngvararnir Ragnar Bjarnason og Bergþór Pálsson ásamt Þorgeiri Ástvaldssyni sem leikur á píanó.



**SKEMMTIKRAFTAR** Klukkan 17.00 í dag og 20.00 í kvöld verður söngskemmtun í Fáskrúðsfjarðarkirkju þar sem fram koma söngvararnir Ragnar Bjarnason og Bergþór Pálsson ásamt Þorgeiri Ástvaldssyni sem leikur á píanó.



**FRÁ FÁSKRÚÐSFIRÐI** Hátíðin er nú haldin í tíunda sinn og í boði er fjölbreytt skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna.

Fáskrúðsfirðingar hituðu upp fyrir hátíðina í gærkvöldi með því að fara í það sem heimamenn kalla kenderíisgöngu en það er lítt skipulögð kvöldganga um óhefðbundnar gönguslóðir; víða er áð og vasapelinn nærri.

Vonir standa til að Ragnar snari nokkrum smellum yfir á frönsku og myndi þá „Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig“ væntanlega útleggjast sem „Ne me regarde pas comme ca.“

**-kk/ -bs**

## ANDLÁT

**Jón Sæmundsson** bryti, Ljósheimum 8a, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 17. júlí.

**Guðlaugur Þór Þórðarson** húsasmíðameistari og slökkviliðsstjóri, Akranesi, lést mánudaginn 18. júlí.

**Þorgerður Sveinsdóttir** kennari, frá Kolsstöðum í Miðdölum, síðast til heimilis að Droplaugarstöðum, Snorrabraut 58, Reykjavík, lést þriðjudaginn 19. júlí.

**Guðrún Torfadóttir**, Miðtúni 12, Tálknafirði, andaðist á Sjúkrahúsi Akraness miðvikudaginn 20. júlí.

## JARÐARFARIR

11.00 Minningarathöfn um **Geirmund Guðmundsson**, Bexhill on Sea, Englandi, verður haldin í Árbæjarkirkju. Jarðsett verður í Setbergskirkjugarði, Grundarfirði kl. 15.30.

11.00 **Hlynur Sigtryggsson** fyrrverandi veðurstofustjóri, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.

13.00 **Björn Friðbjörnsson** frá Vík í Fáskrúðsfirði, verður jarðsunginn frá Garðakirkju.

13.00 **Helga Guðrún Þorsteinsdóttir**, Hraunbæ 80, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

13.00 **Sigríður G. Antonsdóttir**, Sogavegi 20, Reykjavík, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

13.00 **Sólveig Dalrós Kjartansdóttir**, Sléttuvegi 7, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

13.00 **Þórunn Einarsdóttir** fóstra, Lindargötu 57, Reykjavík, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni.

14.00 **Jóhannes Gunnarsson**, Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, lengst af til heimilis að Heiðargerði 15, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju.



## 22. júlí er áttatíu ára,

**Sigurbjörg Svanhvít Steindórsdóttir,**
Borgarheiði 17 h. Hveragerði.

Hún, ásamt fjölskyldu sinni, tekur á móti ættingjum og vinum á heimili sínu laugardaginn 23. júlí frá kl. 14.00 – 19.00.



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Páls Kristins Kristóferssonar**
Fríholti 8, Garði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar 11E og 11G á Landspítala við Hringbraut og sjúkrahúsprestinum sr. Braga Skúlasyni. Einnig kvenfélaginu Gefn og slysavarnardeildinni Unu í Garði.

Guð blessi ykkur öll.

**Ingibjörg Gestsdóttir**
**Kristófer Pálsson**
**Elsa Pálsdóttir** **Sigurþór Stefánsson**
**Páll Ingi Pálsson** **Regína B. Agnarsdóttir**
**Auðunn Pálsson** **Gróa Axelsdóttir**
**Barnabörn og barnabarnabörn**

## AFMÆLI



**Elías Mar** rithöfundur er 81 árs.

Steindór Hjörleifsson leikari er 79 ára.

Rúnar Marvinsson kokkur er 60 ára.



Baldur Kristjánsson prestur er 56 ára.

**Eivör Pálsdóttir** söngkona er 22 ára.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is


FÍASKÓ!
TÍSKUDÍVAN DIANE PERNET
SLÁTRAR ICELAND FASHION WEEK
„ÉG HEF FARIÐ Á TÍSKUSÝNINGAR UM ALLAN HEIM
EN ALDREI LENT Í ÖÐRU EINS.“
KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU
BLAÐSÖLUSTÖÐUM LANDSINS
SIRKUS RVK
NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓNN.



## Komnir í undanúrslit

... 18 ára landsliðið í körfubolta vann dramatískan eins stigs sigur á Úkraínu, 71–70, í milliriðli B-deildar Evrópukeppninnar í körfubolta í gær og tryggði sér þar með sæti í undanúrslitunum. Ísland þarf nú einn sigur til viðbótar í undanúrslitunum til þess að tryggja sér sæti í A-deild í fyrsta sinn í þessum aldursflokki.

# sport

sport@frettabladid.is

**GRINDVÍKINGAR UNNU BÍLAVÍKURMÓTIÐ Í NJARÐVÍK:** PÁLL KRISTINSSON LÉK MEÐ GRINDAVÍK

# *Góður gegn gömlu félögunum í Njarðvíik*



Grindvíkingar báru sigurorð af grönnum sínum í Njarðvík í úrslitaleik Bílavíkurmótsins í körfuknattleik í fyrrakvöld, 78-68, þar sem fyrrum leikmaður Njarðvíkur, Páll Kristinsson, var atkvæðamikill í liði Grindvíkinga. Páll skoraði 19 stig, hirti 17 fráköst og átti 6 stoðsendingar í úrslitaleiknum og var fyrrum félögum sínum of stór biti til að kyngja.

Fréttablaðið sló á þráðinn til Páls og spurði hann hvernig hann væri að finna sig í gula búningnum og hvort ekki hefði verið skrítið að spila á móti gömlu félögunum. „Þetta mót var nú svo sem ekki þeirrar tegundar að maður hoppaði hæð sína í loft upp yfir sigrinum. Það vantaði auðvitað marga menn í öll lið og æfingar liðanna eru komnar mjög stutt á veg, þannig að þetta gefur nú kannski ekki góða mynd af stöðu liða. Þetta gekk dálítið upp og niður hjá okkur á þessu móti, en ég held að við getum engu að síður verið þokkalega sáttir við okkar frammistöðu. Liðið spilaði ágætlega saman þrátt fyrir fáar æfingar og ég held að hópurinn eigi eftir að smella bara vel saman í vetur," sagði Páll, sem lætur vel af því að leika undir stjórn Friðriks Inga Rúnarssonar á ný.

„Ég þekki auðvitað vel til Friðriks og hef spilað undir hans stjórn með landsliðinu og Njarðvík, þannig að það auðveldar mér mikið að koma inn í þetta Grindavíkurlið. Ég veit nokkurn veginn hvernig Friðrik byggir hlutina upp og til hvers hann ætlast af manni, þannig að þessi félagaskipti hjá mér hefðu kannski geta verið flóknari en raun ber vitni," sagði Páll sem er hæstánægður með andann í Grindavíkurliðinu og segir stefnuna þar á bæ að sjálfsögðu setta á að vinna titla í vetur.

## > Við hrósum ...



... 18 ára landsliðinu í knattspyrnu fyrir frábæra frammistöðu á fjögurra þjóða móti í Svíþjóð þar sem okkar strákar eru að fara illa með margar af fremstu knattspyrnuþjóðum Evrópu. Íslenska liðið vann fyrst Tyrki 3–1 og bætti síðan um betur með því að vinna heimamenn 4-1 í gær. Lokaleikurinn er gegn Noregi á laugardaginn.

## > Vissir þú að ...

.... KR-ingar féllu út úr bikarkeppninni á heimavelli í fimmta sinn á sex árum og í öll skiptin hefur bikarsumar liðsins endað í 8 liða eða 16 liða úrslitunum. KR-ingar hafa þannig bara einu sinni komist í undanúrslitin síðan þeir urðu bikarmeistarar 1999.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

19 20 21 **22** 23 24 25

**Föstudagur**

### LEIKIR

- 20.00 **Víkingur** tekur á móti **Þór** á Víkingsvelli í 1.deild karla.
- 20.00 **KA** fær **Fjölni** í heimsókn á Akureyrarvöll í 1.deild karla.

### SJÓNVARP

- 16.45 **Bikarkvöld** á RÚV.
- 17.30 **Gillette Sportpakkinn** á Sýn.
- 18.30 **World Supercross** á Sýn.
- 19.30 **Íslandsmótið í golfi 2005** á Sýn.
- 20.30 **Íslandsmótið í golfi 2005** á Sýn.




ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

*Nánari upplýsingar á vefslóðinni www.minjasafnreykjavikur.is*

TE & KAFFI - í Dillonshúsi

Minjasafn Reykjavíkur ÁRBÆJARSAFN


# Þriðja heimatap KR í röð

**Valsmenn tryggðu sér sæti í undanúrslitum bikarkeppninnar í fyrsta sinn í tólf ár með 1-2 sigri á KR-vellinum í gær. Garðar Gunnlaugsson skoraði sigurmarkið í uppbótartíma. KR-ingar voru manni færri í 50 mínútur.**

| KR–VALUR | 1–2 |
|---|---|
| 0–1 Sigurbjörn Hreiðarsson | 24. |
| **1–1 Ágúst Þór Gylfason** | **57.** |
| 1–2 Garðar Gunnlaugss | 90. |

**FÓTBOLTI** Bæði lið mættu til leiks vel meðvituð um mikilvægi hans. Valsmenn eiga að vísu bestu möguleika annarra liða en FH í Landsbankadeildinni en annars er Visa-bikarinn eini raunhæfi möguleikinn á titli fyrir önnur lið. KR-ingar eru eins og alltaf undir mikilli pressu að ná árangri og því var sérstaklega mikið undir hjá þeim.

Engin hættuleg færi sáust í upphafi leiks en bæði lið gerðu vel að sækja. Valsmenn voru skeinuhættari ef eitthvað er og á 25. mínútu leiksins braut Sigurbjörn Örn Hreiðarsson, fyrirliði Vals, ísinn með góðu marki. Hann fékk boltann í teignum frá Matthíasi Guðmundssyni eftir fyrirgjöf Baldurs Aðalsteinssonar. Skömmu síðar leit út fyrir að KR-ingar ætluðu að skora keimlíkt mark. Sigurvin Ólafsson gaf fyrir frá hægri, Rógvi Jacobsen lagði boltann út á Grétar Hjartarson sem skaut að vísu yfir markið.

KR-ingar urðu svo fyrir öðru bakslagi á 40. mínútu er Sölva Sturlusyni var vikið af velli fyrir að hafa togað niður Matthías Guðmundsson sem var kominn einn inn fyrir vörn KR. Vel réttlætanlegt spjald og útlitið svart fyrir heimamenn.

Rógvi fór úr sókninni í vörnina í kjölfarið og síðari hálfleikur hófst á svipuðum nótum og sá fyrri. En í þetta sinn tókst KR-ingum að skora og var þar Ágúst Gylfason að verki. Leikurinn galopnaðist fyrir vikið og var hart barist en lítið um hættuleg færi. En þegar ekkert annað virtist blasa við en framlenging tekst Valsmönnum að skora sigurmarkið. Garðar Gunnlaugsson var þar að verki eftir að Matthías hafði fengið sannkallað dauðafæri. KR-ingar tóku miðjuna en það var til lítils, flautað var til leiksloka nokkrum sekúndum síðar.

"Það er alltaf ljúft að vinna og það var ekkert að þessu," sagði Guðmundur Benediktsson Valsmaður og fyrrum KR-ingur. "Mér hefur alltaf fundist gaman að spila á þessum velli og það var frábær stemmning hérna í dag."



**VALSMENN Í UNDANÚRSLIT** Valsmaðurinn Grétar Sigurðsson og KR-ingurinn Grétar Hjartarson berjast hér um boltann á KR-vellinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Garðar Gunnlaugsson var skiljanlega í sjöunda himni þegar Fréttablaðið náði tali af honum rétt eftir leik.

"Þetta var alveg svakalegt. Frábær tilfinning," sagði Garðar. Um leikinn sagði hann að sínir menn virtust hafa koðnað niður eftir jöfnunarmarkið. "Þetta var eins og högg í andlitið en við náðum að setja pressu á þá undir lokin og skora svo mark sem var auðvitað alveg stórkostlegt. Mér fannst að bæði lið hafi í raun verið að búa sig undir framlengingu."

**Maður leiksins: Baldur Aðalsteinsson, Val.**

eirikurst@frettabladid.is






Ríkharður Daðason tryggði Fram sigur gegn ÍBV:

## Framsigur í framlengingu

| FRAM–ÍBV | 2–1 |
|---|---|
| 1–0 Andri Fannar Ottósson | 35. |
| **1–1 Andrew Sam** | **88.** |
| 2–1 Ríkharður Daðason, víti | 103. |

**FÓTBOLTI** Framarar eru komnir í undanúrslit VISA-bikars karla í knattspyrnu eftir 2–1 sigur á ÍBV í framlengdum leik í Laugardalnum í gær. Eftir jafnar upphafsmínútur tóku Framarar völdin. Eyjamenn áttu fyrsta færið þegar Ian Jeffs skaut í stöng á 8. mínútu en annars var leikurinn tíðindalítill og um leið tilþrifalítill.

Frömurum tókst af og til að ná góðum fyrirgjöfum gegn fjölmennri varnarsveit Eyjamanna. Það skilaði skalla í stöng frá Ríkharði og skömmu síðar fékk Ríkharður boltann í teignum, lagði hann inn á Andra Fannar sem skoraði af stuttu færi.

Framarar voru sem fyrr sterkari aðilinn í seinni hálfleik sem var jafnvel enn tilþrifaminni en sá fyrri. Þau örfáu færi sem sáust voru Framara og Eyjamenn tóku ekki mikla áhættu og leikurinn fjaraði út. Þegar ekkert virtist vera eftir nema lokaflautið kom Andrew Sam og skallaði boltann í netið.

Liðin skiptust á um að sækja í framlenginunni og eina markið kom úr vítaspyrnu Ríkharðar Daðasonar eftir að brotið var á Ómari Hákonarsyni. Úrslitin sanngjörn eftir að Framarar höfðu verið sterkari aðilinn í venjulegum leiktíma.

Framarar urðu fyrir áfalli þegar Kim Nörholt varð fyrir meiðslum undir lok fyrri hálfleiks og var fluttur á sjúkrahús líklega með slitna hásin en hann og félagi hans Hans Mathiesen voru einna atkvæðamestir í liði Fram á meðan þeirra naut við.

**Maður leiksins: Ríkharður Daðason, Fram**

-hrm



**EFSTUR** Heiðar Davíð Bragason úr GKj

Íslandmótið í golfi í Leirunni:

## Heiðar Davíð og Þórdís efst

**GOLF** Heiðar Davíð Bragason úr Kili í Mosfellsbæ er með þriggja högga forustu eftir fyrsta dag á Íslandsmótinu í höggleik sem fram fer á Hólmsvelli í Leiru, en hann lauk keppni á fimm höggum undir pari.

Íslandsmeistarinn Birgir Leifur Hafþórsson, sem á titli að verja á mótinu, er í öðru sæti á tveimur höggum undir pari ásamt Inga Rúnari Gíslasyni.

Hjá konum hefur Þórdís Geirsdóttir úr Keili tveggja högga forustu á félaga sinn úr GK, Tinnu Jóhannsdóttur. Íslandsmeistarinn Ólaf María Jónsdóttir er sex höggum á eftir Þórdísi.

# A

# K T U

# A L D R E I

## UNDIR ÁHRIFUM!

UMFERÐARSTOFA VÍNBÚÐ

## myndasögur










4









VIÐEY - NÁTTÚRA OG MENNING
VIÐEY ISLAND - NATURE AND CULTURE COMBINED IN ONE

VIÐEYJARFERJAN SIGLIR ALLA DAGA Í SUMAR

Upplýsingar og pantanir
ferja@ferja.is • www.ferja.is

Minjasafn Reykjavíkur

# Jackson hyggst flytja til Evrópu

Michael Jackson er samkvæmt erlendum fréttavefjum á leiðinni til Evrópu og ætlar sér að endurbyggja Neverland í annaðhvort Sviss eða Þýskalandi. Samkvæmt þýska dagblaðinu Berliner Morgenpost er fjölskylda Jacksons sögð vera að leita að heppilegri lóð í Berlín. Goðið sjálft er ekki með í för og mun því ekki verða viðstaddur afmæli föður síns. Reyndar gæti Jackson verið í vondum málum eftir að hafa sleppt því að mæta í yfirheyrslur á dögunum vegna máls sem hefur verið höfðað á hendur honum. Um er að ræða mann sem segir Jackson hafa haldið sér nauðugum í nokkra daga og misnotað sig kynferðislega. Lögfræðingur Jacksons segir þetta vera hluta af því að vera Michael Jackson og vísar öllum ásökunum á bug.

Joe Jackson, faðir Michaels, segir poppgoðið vera ástfanginn af Berlín og Þýskalandi. „Það skipti okkur miklu máli að þýskir aðdáendur skyldu mæta og styðja okkur á meðan réttarhöldin stóðu yfir,“ sagði Joe.

Talsmaður fjölskyldunnar sagði Michael ekki vera lengur ánægðan í Bandaríkjunum og honum líði eins og sekum manni þrátt fyrir að hafa verið sýknaður. „Hann langar til að búa í Evrópu en hvort það verður Sviss eða Berlín verður að koma í ljós.“ ■



**MICHAEL JACKSON** Segist ekki líða vel í Bandaríkjunum og vill gjarnan komast þaðan burt



**NEVERLAND** Enn er ekki komið hreint hvort það verður Sviss eða Þýskaland sem fær að hýsa nýja búgarðinn hans Jackson




70%

Alvöru skóútsala hefst í dag... Opnum kl. 12.00
Allt að 70% afsláttur. Fyrstir koma, fyrstir fá!

skór.is
Kringlan og Smáralind
www.skor.is

! *Um helgina fer fram þriðja tónleikahelgi Sumartónleika í Skálholtskirkju í ár. Flytjendur verða Bach-sveitin í Skálholti ásamt einsöngvurum Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur og Ágústi Ólafssyni. Leiðari Bach-sveitarinnar að þessu sinni er Stanley Ritchie, sem er einn af helstu frumkvöðlum heims í flutningi barokktónlistar á upprunaleg hljóðfæri.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Íslendingar á Akureyri

Laugardaginn 23. júlí hefst sýningin Íslendingar í Listagilinu á Akureyri. Um er að ræða sýningu sem byggð er á samnefndri bók með myndum eftir Sigurgeir Sigurjónsson og texta eftir Unni Jökulsdóttur. Sama sýning naut gríðarlegra vinsælda á Austurvelli í Reykjavík á síðasta ári.

Í bókinni eru 200 glæsilegar ljósmyndir, en á sýningunni í Gilinu verður aðeins hluti myndanna til sýnis. Skipt verður um myndir um miðjan ágúst og með því móti verða sýndar um 40 myndir. Sýningin stendur fram í miðjan september.



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURGEIR SIGURJÓNSSON

**ÍSLENDINGAR** Hlunnindabændurnir Sveinn og Óskar Kristinssynir, synir Kristins Jónssonar á Dröngum. Þeir stunda Selaveiðar og dúntekju.

Í tvö ár ferðuðust Sigurgeir og Unnur um Ísland og heimsóttu fólk í öllum landshlutum. Markmiðið var að skila betur lífsviðhorf þeirra sem lagað hafa hefðbundin störf að nútímanum, standa á mörkum þess gamla og nýja. Um er að ræða áleitnar myndir af fólki og náttúru sem draga fram nýja sýn á Ísland nútímans. Frásagnirnar eru ríkulega blandaðar góðlátlegri kímni og færa lesendur nær viðhorfum og lífssýn trillukarla, þúsundþjalasmiða, ferðabænda, refaskyttna, tamningarmanna og náttúrubarna.

## EKKI MISSA AF…



...tónleikum hljómsveitar **Dothe Højland** í **Ketilhúsinu** á Akureyri klukkan 12.00 í dag.

...tónleikum hljómsveitarinnar **Leaves** á **NASA** í kvöld klukkan 22.00.

... sýningu á **Skriðuklaustri** um Klaustrið að Skriðu sem opnar á laugardaginn. Á sýningunni er rakin saga klaustursins og sýndir munir sem fundist hafa við fornleifauppgröftinn sem staðið hefur yfir síðustu ár. Sýningin er opin alla daga frá 10.00 til 18.00.

## Lög Hauks Morthens spiluð

Djasstríóið Flís spilar fyrir gesti og gangandi í garði verslunarinnar 12 Tóna í dag klukkan 17.00. Flís sendi nýverið frá sér sína fyrstu plötu sem nefnist Vottur.

Platan er tileinkuð minningu Hauks Morthens en á henni leika þeir félagar, Davíð Þór Jónsson, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson og Helgi Svavar Helgason, lögin sem Haukur gerði fræg hér á landi. ■



**VOTTUR** Fyrsta plata hljómsveitarinnar Flís, Vottur, er komin út.





BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU
*e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu*
Lau 13/8 kl 14, Su 14/8 kl 14, Lau 20/8 kl 14, Su 21/8 kl 14

ÖRLAGAEGGIN-SÖNGLEIKUR
**6.** sýning 22/7, **7.** sýning 24/7 og lokasýning 28/7

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
5/7, 11/7, 12/7, 13/7 kl. 14-18 6/7, 7/7, 8/7, 14/7, 15/7, 17/7, 22/7, 28/7 kl. 14-20
10/7, 17/7 kl. 12-18 LOKAÐ 18/7 - 21/7, 23/7-27/7, 29/7-11/8





# Reykholtshátíð haldin í níunda sinn

**Stjórnandi hátíðarinnar, Steinunn Birna Ragnarsdóttir, segist aldrei hafa verið eins stolt af hátíðinni og í ár.**

„Þó ég hafi oft verið stolt af hátíðinni þá hef ég aldrei verið eins stolt af henni og í ár. Þetta er svipuð tilfinning og að sjá litla barnið sitt vaxa úr grasi.“ segir Steinunn Birna Ragnarsdóttir píanóleikari, sem hefur verið stjórnandi Reykholtshátíðar frá því hún var haldin í fyrsta sinn árið 1997.

Reykholtshátíð hefst í kvöld með opnunartónleikum í Reykholtskirkju klukkan 20. Þar verða flutt verk eftir Clöru og Róbert Schumann. Miðdegistónleikar verða á laugardeginum 23. júlí klukkan 15.00, þar sem hinn þekkti ameríski tenór Donald Kaasch flytur verk eftir ensk tónskáld og þekktar óperuaríur ásamt Steinunni Birnu Ragnarsdóttur.

Að kvöldi laugardagsins 23. júlí verða svo haldnir tríótónleikar og flutt píanó- og strengjatríó eftir Haydn, Ravel og Beethoven. Lokatónleikar hátíðarinnar verða á sunnudaginn 24. júlí klukkan 16 og verða þar meðal annars. flutt verk eftir Mozart, Chausson og Schubert.

Meðal gesta hátíðarinnar í ár verður hinn þekkti franski fiðluleikari Philippe Graffin. Philippe leikur meðal annars Poéme eftir Chausson í útsetningu tónskáldsins fyrir einleiksfiðlu, píanó og strengjakvartett. Hann flytur einnig verk sem Vytautas Barkauskas samdi nýverið fyrir hann.



**FLYTJENDUR Á REYKHOLTSHÁTÍÐ** Nokkrir af þeim flytjendum sem koma fram á Reykholtshátíð 2005 voru við æfingar í Reykjavík á miðvikudaginn. Á myndinni má sjá Phillipe Graffin fiðluleikara, Caroline Palmer píanóleikara, Ásdísi Valdimarsdóttur fiðluleikara, Jaquline Shave fiðluleikara, Bryndísi Höllu Gylfadóttur sellóleikara, Auði Hafsteinsdóttur fiðluleikara og Michael Stirling sellóleikara.

Brindisi píanótríóið frá Englandi verður einnig gestur hátíðarinnar. Tríóið skipa þau Caroline Palmer píanóleikari, Jaqueline Shave fiðluleikari og Michael Stirling sellóleikari. Þau flytja verk eftir ýmsa höfunda svo eins og Haydn, Schumann, Beethoven og Ravel.

Hinn þekkti tenór Donald Kaasch kemur einnig fram á hátíðinni. Nýverið söng hann titilhlutverkið í Fordæmingu Fausts eftir Berlioz ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Íslenskir flytjendur á hátíðinni í ár eru Auður Hafsteinsdóttir, Ásdís Valdimarsdóttir og Bryndís Halla Gylfadóttir. ■

# Einlægur og markviss leikur að litlu

Ösp Viggósdóttir sendi nýverið frá sér sína fyrstu skáldsögu sem heitir Hjartahreinir ævidagar Úlfs. Bókin fjallar um Úlf Arnarson sem er 8 ára gamall drengur sem býr í þorpinu Selavík.

Sögumaðurinn er Úlfur sjálfur og er sagan því sögð á barnslegan hátt. Mamma Úlfs er dáin og býr Úlfur með pabba sínum og ömmu. Úlfi finnst gaman að lesa og hafa bækurnar mikil áhrif á hann því hann sér persónur úr bókunum, hermenn, álfa og engla í kringum sig og tekur þær með í reikninginn þegar hann tekst á við umhverfi sitt. Drengurinn gleymir sér yfir eigin ímyndunum og leik og þarf að þola stríðni frá félögunum fyrir að vera bókhneigður og eiga pabba sem er ekki sjómaður eins og pabbar hinna strákanna.



**HJARTAHREINIR ÆVIDAGAR ÚLFS** Bókin fjallar um Úlf sem er átta drengur sem oft á erfitt með að greina milli raunveruleika og ímyndunar. Hún er 114 blaðsíður að lengd.

Inn í söguna koma persónur sem eiga sér fortíð sem Úlfur stílfærir eftir sögunum sem hann les. Í sögunum eru orsakir hlutanna ekki alltaf rökréttar en Úlfur greinir oft ekki vel á milli raunveruleika og ímyndunar. Hann sér örin á Argentínumanninum Húan sem býr í næsta húsi og ályktar að hann hafi lent í bardaga við dreka í Argentínu. Úlfur fer heim til utangarðsmannsins Óla galna og finnur fjöður af aligæs í eldhúsinu hjá honum og gefur sér það að hann hljóti þá að vera engill. Einhenti maðurinn Hákarl í búðinni er kallaður hákarl því Úlfur heldur að höndin á honum hafi verið étin af hákarli. Sýn barnsins og ríkt ímyndunarafl lætur Úlf draga aðrar ályktanir en þá sem eru í kringum hann og Úlfi reynist erfitt að átta sig á því. Þetta skilningsleysi Úlfs er meginþema bókarinnar og kemur það fyrir í sífellu. Hann er barn sem stígur fyrstu skrefin í áttina að því að verða fullorðinn því hann skilur, en skilur eins og barn.

Bókin er afar stutt en hún er skýr og vel skrifuð. Ösp veit alltaf hvað hún er að segja og lesandinn þar af leiðandi líka. Söguþráðurinn er hversdagslegur, bókin byrjar og endar án þess að atburðarásin nái risi í kringum plott eða dramatískan atburð, þótt dramatíkin sé vissulega til staðar í huga Úlfs. Hún rennur þægilega áfram og við fáum innsýn inn í hugarheim lítils drengs,



**ÖSP VIGGÓSDÓTTIR** Sendi nýverið frá sér sína fyrstu skáldsögu en hugmyndina að henni hefur hún gengið með í maganum frá því um 1990.

þroska hans og vanþroska. Hræðslu hans við að verða rassskelltur ef hann kemur of seint heim, vilja hans til þess að fá að velja sér snúð í bakaríinu og hversu mikið op hann vill hafa á hurðinni sinni þegar hann fer að sofa á kvöldin. Einlægnin og nærgætnin eru í fyrirrúmi þegar Ösp bregður upp svipmynd sinni af heimssýn Úlfs.

Ösp heldur sér á jörðinni bæði í stíl og í efnistökum og því fer sagan ekki ofan garðs eða neðan. Bókin lætur lítið yfir sér en er djúp því Ösp setur sig inn í heim barnsins og túlkar hann oft á sannfærandi hátt. Textinn er varfærinn og nákvæmur og Ösp hefur hugsað það í þaula sem hún hefur látið frá sér og gert það afar vel. Þetta er falleg bók og góð frumraun Aspar.

**Ingi Freyr Vilhjálmsson**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

20 21 **22** 23 24

Föstudagur

### TÓNLEIKAR

☐ 12.00 Hljómsveit **Dorthe Højland** leikur á föstudagshádegistónleikum í **Ketilhúsinu**. Sveitina skipa þeir Dothe Højland, Jacob Højland,Andreas Dreier og Søren Olsen.

☐ 17.00 Djasstríóið **Flís** leikur fyrir gesti og gangandi í garði **12 Tóna**, Skólavörðustíg 15. Flís hefur nýverið sent frá sér sína fyrstu plötu sem ber nafnið Vottur. Platan er tileinkuð minningu Hauks Morthens en á henni leika þeir félagar lögin sem Haukur er þekktur fyrir og gerði heimsfræg á Íslandi.

☐ 22.00 Hljómsveitin **Leaves** með tónleika á **Nasa** Hljómsveitin mun bráðum senda frá sér sína aðra breiðskífu, The Angela Test. Miðaverð er kr. 500.

### OPNANIR

☐ 16.00 Opnun sýningar á **Skriðuklaustri** um **Klaustrið að Skriðu**. Á sýningunni er rakin saga klaustursins og sýndir munir sem fundist hafa við fornleifauppgröftinn sem staðið hefur yfir síðustu ár. Sýningin er opin alla daga frá 10 til 18.

### SAMKOMUR

☐ 15.00 **Tilfinningatorg** á **Kaffi Hljómalind**. Öllum er frjálst að tjá tilfinningar sínar, stutt eða lengi, í gríni eða alvöru. Allir eru velkomnir.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

## Ný Rit




Þriðja og síðasta hefti Ritsins, tímarits Hugvísindastofnunar, árið 2004 er komið út. Það ber yfirskriftina **Falsanir**. Ritið er að mestu tileinkað umfjöllunum um falsanir eftir innlenda fræðimenn en einnig er þar grein um veruleika og upplifun útlendinga sem setjast að hér á landi. Auk þess er þar að finna þýðingar á lykilgreinum í hugvísindum. Ristjórar þessa heftis eru þau Jón Ólafsson og Svanhildur Óskarsdóttir.




Fyrsta hefti Ritsins, tímarits Hugvísindastofnunar, árið 2005 er komið út. Það ber yfirskriftina **Orð og mynd** og er helgað sjónmenntum. Ritstjórar eru Gunnþórunn Guðmundsdóttir og Svanhildur Óskarsdóttir. Í ritinu er greinar eftir þekkta innlenda fræðimenn, auk myndverks eftir Hugleik Dagsson og þýðingum á textum eftir erlenda fræði- og listamenn. ■









## Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

**Worm is Green:** Push Play, **Flís:** Vottur, **Gísli Hvanndal:** Álfar, **Queens of the Stone Age:** Lullabies to Paralyse, **Accoustic Iceland og Lights on the Highway:** Lights on the Highway.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Aðgengilegri ormur

Rafhljómsveitin Worm is Green frá Akranesi hefur lokið upptökum á annarri plötu sinni, Push Play. Kemur hún út í haust hér á landi en í Bandaríkjunum á næsta ári.
„Ég er mjög ánægður með plötuna og fullur sjálfstrausts," segir Árni Teitur Ásgeirsson, forsprakki Worm is Green. „Við erum búin að vinna að henni í tvö og hálft ár. Þetta er rökrétt framhald af síðustu plötu. Núna er söngur í öllum lögunum nema einu og þetta er orðið aðeins aðgengilegra en áður."
Fyrsta plata Worm is Green, Automagic, fékk fínar viðtökur og í kjölfarið fór sveitin meðal annars í tónleikaferð um Bandaríkin. Nýverið spilaði sveitin á plötusnúðahátíð í Eistlandi. Fékk hún styrk til fararinnar frá Reykjavík Loftbrú. „Þetta var alveg magnað. Við spiluðum í „chill-tjaldi" og margir töldu tónleikana okkar vera hápunkt hátíðarinnar," segir Árni. Eftir hátíðina fékk Worm is Green dreifingarsamning í Lettlandi, Litháen og Rússlandi fyrir nýju plötuna en sveitin á enn eftir að gera dreifingarsamning hér á landi.
Worm is Green stefnir að spilamennsku hérlendis á næstunni en þess má geta að lagið Electron John af nýju plötunni hefur fengið góða spilun á Rás 2 að undanförnu. Í september heldur sveitin síðan til New York þar sem hún spilar á CMJ-hátíðinni.



### > Plata vikunnar ...



**SMOG: A River Ain't Too Much**

*„Þrettánda breiðskífa Smog hljómar svolítið eins og hinar tólf plöturnar. En það er allt í lagi, því eins og þær er um afbragðs grip að ræða. Smog gerir einfaldlega ekki slæmar plötur, þótt þær séu ótrúlega einhæfar."* **BÖS**

### > Popptextinn ...

*„It's wonderful to be here*
*It's certainly a thrill*
*You're such a lovely audience*
*We'd like to take you home with us*
*we'd like to take you home"*

- Bítlalagið sígilda Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band hefur fengið endurnýjun lífdaga eftir dúett U2 og Paul McCartney Live 8- tónleikunum.

## [ TOPP 10 ]

*X-IÐ 977*

| | |
|---|---|
| 1 | **CYNIC GURU** Drugs |
| 2 | **QUEENS OF THE STONE AGE** In My Head |
| 3 | **RASS** Burt Með Kvótann |
| 4 | **PAPA ROACH** Take Me |
| 5 | **GREEN DAY** Holliday |
| 6 | **AUDIOSLAVE** Your Time Has Come |
| 7 | **TRANSPLANTS** Gangsters And Thugs |
| 8 | **NINE INCH NAILS** The Hand That Feeds |
| 9 | **THE LEAVES** The Spell |
| 10 | **USED/MY CHEMICAL ROMANCE** Under Pressure |



**CYNIC GURU** Cynic Guru, sem heitir réttu nafni Roland Hartwell, er á toppi vinsældarlista X-ins.

## [ SMS ]

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

### Black Eyed Peas: Monkey Business

„Fylgifiskur Elephunk er öfgafull tilraun til þess að gera metsöluplötu. Hér er verið að reyna of mikið til þess að heilla og fyrir vikið verður heildin hálf aum. Lítið um góða spretti, hrein og klár vonbrigði." **BÖS**

### Nouvelle Vague: Nouvelle Vague

„Tveir franskir sérvitringar útsetja þekkta nýbylgjuslagara á borð við Love Will Tear Us Apart í bossanovaútgáfum. Fá svo kornungar söngkonur sem þekkja ekki upprunalegu útgáfurnar til þess að syngja. Útkoman er ein mest sexí plata sem þú finnur, hvar sem er." **BÖS**

### Hudson Wayne: The Battle of the Bandidos

„Allur hljóðfæraleikur er svo mjög vel útfærður og skemmtilega hrár á stundum sem er gott því fátt er leiðinlegra og ópersónulegra að mínu mati en yfir-pródúseruð plata. Strákarnir gera þetta vel en ég held að næsta plata verði jafnvel enn betri með nýjum liðsmönnum." **BG**



**KIMONO** Hljómsveitin Kimono hefur gefið út sína aðra plötu sem nefnist Arctic Death Ship.

# Þétt og líflegt dauðaskip

Platan Arctic Death Ship með hljómsveitinni Kimono kemur út næstkomandi þriðjudag á vegum Smekkleysu. Fyrsta plata Kimono, Mineur Aggressif, kom út fyrir tveimur árum og aflaði sveitinni tvennra tilnefninga til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Annars vegar fyrir lag ársins (Japanese Policeman) og hins vegar fyrir nýliða ársins.

Að sögn Gylfa Blöndal, gítarleikara Kimono, hafa nokkrar stefnubreytingar orðið hjá hljómsveitinni síðan síðasta plata kom út. „Síðasta plata var frekar hæg og drungaleg á köflum og það var töluverður síðrokkskeimur yfir henni," segir hann. „Þetta er orðið líflegra núna og minni síðrokksstimpill. Það kom líka nýr trommari (Kjartan Bragi Bjarnason) til okkar sem spilaði ekki á síðustu plötu og hann virkaði eins og vítamínsprauta á þetta. Hann á stóran þátt í að bandið er orðið þéttara og líflegra." Aðrir meðlimir Kimono eru Alex MacNeil, söngvari og gítarleikari og Halldór Örn Ragnarsson, bassaleikari.

Platan var tekin upp á tiltölulega stuttum tíma og var það Aron Arnarson, sem áður starfaði hjá Thule, sem sat við stjórntækin. Platan var að mestu tekin upp í hljóðveri Tíma en lokahönd var lögð á hana af Mike March í The Exchange í London. „Obbinn af þessu var gerður á tveggja mánaða tímabili," segir Gylfi. „Síðast fór rúmt ár í þetta en núna var unnið hratt og ákveðið og menn voru ekkert að líta til baka. Það má þakka því að útkoman er svona heildstæð og lífleg."

Platan kemur út í Evrópu á haustmánuðum og til að fylgja henni eftir ætlar Kimono að flytja til Berlínar í september. „Við ætlum að vera þar í vetur, kaupa okkur gamalt rúgbrauð og keyra um Evrópu. Við ætlum að reyna að spila eins mikið og við getum. Við höfum kynnst góðu fólki víðs vegar um Evrópu sem hefur áhuga á að hjálpa okkur," segir Gylfi. „Annaðhvort talar maður bara um að gera eitthvað eða stendur upp og gerir það. Við ákváðum að standa upp og gera hlutina. Þetta verður engin glamúrferð en ég held að við höfum gott af þessu."

Þann 7. ágúst spilar Kimono á hátíðinni Krútt 05 sem verður haldin á Lýsuhóli á Snæfellsnesi. Einnig verður sveitin á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves í haust. Þess má geta að umslag Artic Death Ship prýða teikningar eftir Gianncarlo Bracci en Hugleikur Dagsson sá um að skreyta fyrstu plötuna og gerði það með miklum sóma.

freyr@frettabladid.is

# Fincher stýrir Reznor

Leikstjórinn David Fincher, sem meðal annars gerði kvikmyndirnar Seven og Fight Club, leikstýrir nýju myndbandi hljómsveitarinnar Trent Reznor, Nine Inch Nails, við smáskífulagið Only.



**TRENT REZNOR** Rokkarinn Reznor gaf nýverið út plötuna With Teeth.

Lagið er tekið af fyrstu plötu Nine Inch Nails í fjölmörg ár, With Teeth, sem hefur hlotið mjög góðar viðtökur. Myndbandið verður hlaðið tæknibrellum og sér fyrirtækið Digital Domain Inc. um gerð þeirra. ■



**LLAMA** Llamadýr eru Llama enginn sérstakur innblástur nema síður sé. „Þetta er bara skemmtilegt nafn sem auðvelt er að muna," segir Snorri Haraldsson meðlimur hljómsveitarinnar.

# Síðasti séns að sjá Llama

Fönksveitin Llama, sem er einn af Skapandi sumarhópum Hins hússins, heldur lokatónleika sína í kvöld. Sveitin er skipuð fimm ungum mönnum sem spila fjölskrúðuga blöndu af hrynheitri tónlist, eins og fönki, latín og djass.

Þetta er allra síðasta tækifæri til að sjá Llama spila því meðlimirnir eru allir í öðrum hljómsveitum og ætla að snúa sér að nýjum verkefnum.

Tónleikarnir verða á Kaffi Hljómalind, Laugavegi 21, klukkan átta. Frítt inn. ■


# Viðeyjar-göngur

**í kvöld kl. 20:00 og laugardag kl. 14:00.**

**Rifjuð upp ótrúleg útgerðar- og mannlífssaga**



Sumardvalagestir í Viðey 1939. Úr safni Örlygs Hálfdanarsonar.

**Örlygur Hálfdanarson Viðeyingur** leiðir gesti um eyjuna og rifjar upp ótrúlega útgerðar og mannlífssögu frá fyrrihluta 20. aldar, sýnir ógnvænlegt landbrot og lýsir hugmyndum sínum um framtíð eyjarinnar.
Kaffiveitingar í gamla vatnstankinum
**Viðeyjarferjan og Viðeyingafélagið.**


# Bítlarnir og U2 slá met

Útgáfa Bítilsins Paul McCartney og U2 af laginu Sgt. Pepper's Lonley Hearts Club Band sem opnaði Live 8-tónleikana hefur slegið öll met í sölu á tónlist í gegnum niðurhal.

Líkt og á öðrum vefsvæðum hefur lagið gert góða hluti á Tónlist.is eftir að það kom út aðeins 45 mínútum eftir að það var flutt.



Lagið, sem er opnunarlag samnefndrar plötu Bítlanna frá árinu 1967, kom aldrei út sem smáskífa. Aftur á móti fór það beint á toppinn á iTunes niðurhalslistanum nokkrum klukkustundum eftir útgáfu lagsins. Komst það einnig í heimsmetabók Guinnes fyrir að vera sú smáskífa sem kom fljótast út eftir að hún var hljóðrituð.

Allur ágóði af laginu bæði hérlendis sem erlendis rennur til Live 8 en úti í heimi hafa hagsmunaaðilar áhyggjur af því að sjóræningjaútgáfur dragi úr sölunni. ■

**BONO OG MCCARTNEY** Dúett U2 og Paul McCartney hefur heldur betur slegið í gegn víðs vegar um heiminn.

# Vinsælasta tónlistin á Íslandi



6. sæti*

1.999 kr

Alm. verð 2.499-

Á MÓTI SÓL - Hin 12 topplögin



3. sæti*

1.999 kr

Alm. verð 2.499-

RAGGI BJARNA - Með hangandi hendi



1.499 kr — Alm. verð 2.399- — 13. sæti*

Eurovision song contest 2005



1.499 kr — Alm. verð 2.399- — 11. sæti*

GORILLAZ-Demon days



1.499 kr — Alm. verð 2.399- — 9. sæti*

FOO FIGHTERS-In your honour



1.999 kr — Alm. verð 2.499- — 7. sæti*

EMILÍANA TORRINI-
Fisherman´s woman



1.499 kr — Alm. verð 2.399- — 4. sæti*

COLDPLAY-X & Y



1.999 kr — Alm. verð 2.499- — 1. sæti*

SVONA ER SUMARIÐ 2005



1.699 kr — Alm. verð 2.499- — Nýtt í Hagkaupum

ACOUSTIC ICELAND



1.999 kr — Alm. verð 2.499- — 12. sæti*

DAVÍÐ SMÁRI-You do something to me



1.499 kr — Alm. verð 2.399- — 10. sæti*

SYSTEM OF A DOWN-Mesmerize



1.999 kr — Alm. verð 2.499- — 8. sæti*

ÝMSIR-Sumarpartý



1.999 kr — Alm. verð 2.499- — 5. sæti*

HILDUR VALA



1.999 kr — Alm. verð 2.499- — 2. sæti*

RAGGI BJARNA - Með hangandi hendi

*Samkvæmt íslenska tónlistanum

Gildir til 28. júlí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA

www.hagkaup.is

grænt númer 800 6680 — sími 568 2255



**SADIE FROST OG JACKSON SCOTT** Það gengur allt í haginn hjá Sadie eftir að hún skildi við Jude Law. Það sama verður hins vegar ekki sagt um Law sem er með allt niður um sig eftir að hafa viðurkennt að hafa haldið framhjá unnustu sinni með barnapíunni.

# Sadie samhryggist Siennu

Sadie Frost, fyrrum eiginkona Jude Law og barnsmóðir hans, segist vera mjög leið yfir fregnum þess efnis að Law hafi haldið framhjá unnustu sinni, Siennu Miller. Law og Frost eru nýlega skilin að lögum og haft er eftir Frost, á fréttavefnum Ananova.com, að hún finni til með Miller.

„Ég sá þetta alls ekki fyrir, þetta var áfall fyrir alla,“ hefur vefurinn eftir Frost en þessi ummæli á hún að hafa látið falla í teiti sem hún var í með kærasta sínum, Jackson Scott. „Hún á alla framtíðina fyrir sér en ég vorkenni henni,“ er Sadie sögð hafa sagt. Frost lenti sjálf í því að Law hélt framhjá henni og segist hún hafa ansi mörg ráð handa henni. „Ég ætla ekki að opinbera þau ráð en ef Miller hringir í mig spjöllum við saman... lengi.“ ■

# Semur tónlist fyrir jólamynd Disney



**HALLI OG GUNNAR CAUTHERY** Bræðurnir eru staddir hér á landi til að koma fram á minningartónleikum til heiðurs tónskáldinu Árna Björnssyni en Halli fetar nú í fótspor afa síns og semur tónlist fyrir nýjustu kvikmynd Andrew Adamson, leikstjóra Shrek.

Halli Cauthery er sjálfstætt starfandi fiðluleikari og tónskáld, búsettur í London. Hann er staddur hér á landi ásamt bróður sínum Gunnari Cauthery til að heiðra minningu tónskáldsins Árna Björnssonar.

Halli Cauthery flaug til Íslands beint frá LA þar sem hann vinnur að tónlist fyrir næstu jólamynd Disney, The Chronicles of Narnia: The Lion, the Witch and the Wardrobe. „Þetta er barnamynd byggð á vinsælli sögu C.S. Lewis,“ segir Halli en kvikmyndin er í leikstjórn Andrew Adamson, sem á meðal annars að baki teiknimyndirnar um Shrek.

Halli er aðstoðarmaður kvikmyndatónskáldsins Harry Gregson Williams, sem er rísandi stjarna innan kvikmyndageirans, og á að baki tónlist við kvikmyndir á borð við Bridget Jones, Team America, Shrek og Kingdom of Heaven. „Ég þekkti Harry þegar ég var lítill strákur en hann var undirleikari hjá mér áður en ég fór í tónlistarskóla. Fyrir nokkrum árum fór ég endurtekið að sjá nafn hans á hvíta tjaldinu og setti mig í samband við hann. Ég skrifaði honum bréf og bað hann um ráð handa manni sem vildi vinna að kvikmyndatónlist. Harry sagðist þá vera að koma til London til að vinna að kvikmyndinni Kingdom of Heaven eftir Ridley Scott (leikstjóra Gladiator) og bað mig um að hitta sig á fundi,“ en á geisladisk sem gefinn var út samhliða kvikmyndinni Kingdom of Heaven er að finna kórus eftir Halla sem ber heitið Path to Heaven.

Í kvikmynd Disneys hefur Halli stærra hlutverki að gegna. „Núna er ég hluti af teymi sem vinnur að því að aðstoða Harry Gregson Williams við að semja og útsetja tónlistina í bíómyndinni. Við erum búin að horfa á grófa útgáfu af barnamyndinni og mér líst vel á verkið en það á eftir að bæta við hreyfimyndum og setja inn allar tæknibrellur.“

Halli sækir tónskáldagáfuna til Íslands en móðurafi hans tónlistarmaðurinn og tónskáldið Árni Björnsson hefði orðið 100 ára á árinu og af því tilefni er efnt til minningartónleika í Skúlagarði, Kelduhverfi á sunnudaginn. „Þegar við vorum litlir var alltaf verið að spila og syngja lög eftir afa,“ segir Gunnar sem er starfandi leikari í London og ætlar að syngja á tónleikunum en þar kemur Halli til með að munda fiðluna og faðir þeirra Andrew Cauthery flytur einleik á óbó. „Á tónleikunum ætlum við að spila danslög eftir afa en hann var vanur að spila á skemmtunum á Hótel Borg á fjórða áratugnum,“ segir Gunnar sem verður nemandi í konunglega leiklistarskólanum, RADA, næstu þrjú árin. Gunnar er því að vonum ánægður með að hafa bróður sinn starfandi í Hollywood. „Ég er búinn að segja honum að hann verði



**STELPURNAR Í SÓLINNI** Tökur eru hafnar á grínþáttunum Stelpurnar. Óskar Jónasson leikstýrir Stelpunum en þættirnir eru byggðir upp á grínsketsum þar sem málefni kvenna eru efst á baugi. Í gærdag sást til sjónvarpstökuliðsins í veðurblíðunni á Austurvelli. Þar reyndu leikkonurnar Brynhildur Guðjónsdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir og Guðlaug Elísabet að týnast í mannfjöldanum.

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

## Sorgmæddur trúbador




**HELGI VALUR**

DEMISE OF FAITH

**Niðurstaða:** Demise of Faith er ágætis plata með nokkrum fínum lögum. Helgi er greinilega mjög efnilegur tónlistarmaður en hann á enn eftir að skapa sér sinn eigin stíl.

Það hlaut að koma að því að íslensk útgáfa af sorgmæddum og þjáðum trúbadorum á borð við Jeff Buckley, Damien Rice og Elliott Smith kæmi fram á sjónarsviðið.

Það er jákvætt að Helgi Valur opni sig á þennan hátt á sinni fyrstu plötu en maður getur ekki annað en sett spurningarmerki við það hversu þjáður hann er, svo ungur að aldri.

Platan er uppfull af rólegum kassagítarlögum þar sem Helgi Valur syngur ástaróða sína á angurværan hátt með sinni fallegu rödd. Helgi lifir sig vel inn í sönginn og nær oft að hrífa mann með sér. Best tekst honum upp í Death, It's Okay to Loose og Modern Woman. Helgi hljómar samt oft á tíðum alveg eins og fyrirmyndir sínar og til að mynda kópíerar hann Buckley alveg í upphafslaginu. Betra hefði verið ef hann hefði reynt að gera hlutina meira á sinn hátt.

Demise of Faith er ágætis plata með nokkrum fínum lögum. Helgi er greinilega mjög efnilegur tónlistarmaður en hann á enn eftir að skapa sér sinn eigin stíl.

**Freyr Bjarnason**

KAUPAUKI

Vörur sem koma sér vel í sumar!

Allir sem versla um þessar mundir fyrir samtals 3.990 kr. eða meira í verslunum The Body Shop fá í verðlaun þennan skemmtilega kaupauka sem myndin sýnir.
Um er að ræða sumarlega tösku, White Musk-húðnæringu (125ml), sturtusápu með melónukjarnaolíu (250ml) og ólífu-sápustykki (100g).
Tilboð þetta gildir meðan birgðir endast.



THE BODY SHOP™
Kringlunni Smáralind Akureyri

# Emilíana fékk gullplötu

Tónlistarkonan Emilíana Torrini fékk afhenta gullplötu í gær fyrir að hafa selt nýjustu plötu sína, Fishermans's Woman, í 5000 eintökum hér á landi.

Afhendingin fór fram í verslun 12 Tóna við Skólavörðustíg. Emilíana er stödd hérlendis á tónleikaferð til að kynna plötuna. Í gærkvöldi söng hún á Nasa en í kvöld verður hún í Víkurbæ í Bolungarvík.

Því næst taka við tónleikar á Borgarfirði eystri, á Akureyri og í Fríkirkjunni. ■



**GULLPLATAN Í HÖFN** Emilíana Torrini fékk afhenta gullplötu í gær fyrir 5000 eintaka sölu af Fishermans' Woman.

# Sígildar íslenskar á DVD

Kvikmyndirnar sígildu, Nýtt líf, Dalalíf og Löggulíf í leikstjórn Þráins Bertelssonar hafa verið gefnar út á DVD. Myndirnar, sem fjalla um ævintýri grallaranna Þórs og Danna, nutu mikilla vinsælda á níunda áratugnum og hafa verið í uppáhaldi á meðal fjölmargra Íslendinga allar götur síðan. Margir hafa því beðið spenntir eftir þessari DVD-útgáfu.

Með hlutverk þeirra Þórs og Danna fóru Eggert Þorfleifsson og Karl Ágúst Úlfsson en auk þeirra komu fram í myndunum margar skemmtilegar persónur. Á meðal þeirra voru J.R., sem Sigurður Sigurjónsson lék svo eftirminnilega í Dalalífi, og lögreglustjórinn Varði sem Flosi Ólafsson lék í Löggulífi. ■




**NÝTT LÍF** Fyrsta myndin um Þór og Danna hét Nýtt líf og er af mörgum talin besta myndin í seríunni.

## NÝTT Á DVD



Kínverska bardagamyndin **The House of Flying Daggers** er komin út á DVD.



Fleiri myndir af IIFF 2005 hátíðinni eru komnar út á mynddiskum og þar á meðal er spennumyndin **The Door in the Floor**. Aðalhlutverk leika Jeff Bridges og Kim Basinger.




**Mean Creek** vakti einnig athygli á IIFF 2005 en hún fjallar um tilraun nokkurra unglinga til þess að hefna sín á eineltispúkanum í skólanum. Það þarf svo ekki að fjölyrða um það að allt fer úrskeiðis og á versta veg. Aðalhlutverk: Rory Culkin, Ryan Kelley.



Spennumyndin **Assault on Precinct 13** er endurgerð samnefndrar myndar eftir hrollvekjumeistarann John Carpenter. vafasamra gæsluvarðhaldsfanga. Aðalhlutverk: Laurence Fishburne, Ethan Hawke, Drea De Matteo.




Gamanmyndin **Hitch** naut vinsælda í bíó á dögunum en hún er nú komin út á DVD. Aðalhlutverk: Will Smith, Kevin James, Eva Mendes.

Það muna sjálfsagt enn margir eftir morðóðu dúkkunni Chucky sem skaut fyrst upp rauðhærðum kollinum árið 1988 í hryllingsmyndinni Child's Play. Fimmta myndin um Chucky, **The Seed of Chucky**, er komin á DVD.Aðalhlutverk: Brad Dourif, Jennifer Tilly.





Grill SS myndaleikur

Vinningshafar vikunnar – vinnur þú í næstu viku?



Eyjólfur Jónsson fyrir „Sykurpúðagrill"



Ragnar Pálmason fyrir „Grillað á toppnum"

GOTT FÓLK McCANN

Sendu okkur skemmtilegar myndir úr SS-grillpartíinu þínu á grill@ss.is eða að Fosshálsi 1, 110 Reykjavík og þú gætir unnið gæða Focus grill, sem er án efa eitt það besta á markaðnum í dag, fyrsta flokks grillkjöt frá SS, alvöru grilláhöld eða grillmeistarasvuntu. Samtals 1.012 vinningar að verðmæti um 1,5 milljónir króna. Nöfn vinningshafa birt á ss.is.



SALSA KVÖLD

Á Apótek bar • grill í samvinnu við San Miguel og Carlos Sanches dansara






LAUGARDAGSKVÖLD 16., 23. OG 30. JÚLÍ

CARLOS SANCHES verður ásamt Bongotrommuleikurum við stjórnvölinn með tónlist og dansa með suðrænum salsa takti.

Sértilboð á barnum á suðrænum drykkjum eins og Mojito, Caipirinha, Cuba Libre, San Miguel bjór og Torres Vínum.

MATSEÐILL

FORRÉTTIR
Hörpuskels ceviche „salat" með koriander og lime
Smokkfisk- og rækjutortillas með hvítlauk

AÐALRÉTTIR
Saltfiskur með furuhnetum, ruccola og svartri olivuolíu
Grilluð kjúklinga spjót með polentu og mangó-chilli salsa

DESERTAR
Kókos ís með grilluðum ananas
Melónu gaspaccio súpa með papaya „tartar"

2 réttir kr. 3.700.-
3 réttir kr. 4.300.-

Eftir matinn stingum við upp á Carajillo kaffi, tvöfaldur espresso með riflegum dash af Torres brandy...mjög spænskt kr 530.-

Borðapöntun fyrir matargesti í síma 5757 900

apótek bar • grill

Apótek bar grill
Austurstræti 16
101 Reykjavík
5757 900
apotek@veitingar.is
www.veitingar.is

KORTER.IS















**VOKSNE MENNESKER** Daniel er listamaður sem lendir í því að verða ástfanginn.

# Dagur bestur í Belgíu

Voksne Mennesker, kvikmynd Dags Kára, fékk nýverið IRIS- verðlaunin fyrir bestu myndina á hinni belgísku Film Festival du Film í Brussel en á hátíðinni var athyglinni beint að ungum leikstjórum. Voksne Mennesker er önnur mynd Dags Kára í fullri lengd og segir frá graffiti listamanninum Daniel sem verður ástfanginn og allri þeirri ábyrgð sem því fylgir. Myndin er enn sýnd í Háskólabíói. ■


**JOHNNY DEPP** Steve Martin, Robin Williams, Christopher Walken, Nicolas Cage og Michael Keaton komu allir til greina sem Willy Wonka og Marilyn Manson dauðlangaði í hlutverkið.

# Sælgætisgerðin vinsæl

Kvikmyndin Charlie and the Chocolate Factory með Johnny Depp í aðalhlutverki var frumsýnd í Bandaríkjunum um helgina. Myndin halaði inn 55,4 milljónum Bandaríkjadollara og var aðsóknarmesta myndin. Þetta er besti frumsýningarárangur myndar sem Johnny Depp hefur leikið í, en ásamt honum eiga Helena Bonham Carter og Christopher Lee hlutverk í myndinni. Charlie and the Chocolate Factory er gerð eftir sögu hins þekkta barnabókahöfundar Roald Dahl og segir frá Charlie Bucket, eða Kalla eins og hann var kallaður í íslenskri þýðingu bókarinnar, og ævintýrum hans í sælgætisverksmiðju Willy Wonka sem Depp leikur. Kalli og fjölskylda hans eru fátæk og því algjör himnasending þegar hann vinnur í samkeppni og fær skoðunarferð ásamt fjórum öðrum börnum um sælgætisgerðina. Bók Dahl var gefin út árið 1983 á Íslandi undir nafninu Kalli og sælgætisgerðin og eflaust hafa ófáir lesendur bókarinnar fengið vatn í munninn við að lesa um nammidýrðina. Það verður gaman að sjá hvernig Tim Burton tekst að fanga þá stemningu í myndinni sem frumsýnd verður á Íslandi 9. september. Þess má geta að árið 1971 leikstýrði Mel Stuart mynd sem gerð var eftir sömu bók og hét hún Willy Wonka & the Chocolate Factory, svo aðdáendur Roald Dahl geta tekið forskot á sæluna og nælt sér í hana á næstu leigu. ■






# Ný plata frá Stones

Rokksveitin síunga The Rolling Stones gefur út sína fyrstu plötu í átta ár 5. september. Þeir Jagger, Richards og félagar hafa tekið upp 18 lög en eftir á að velja úr lög á plötuna. Upptökur fóru fram í Frakklandi undir lok síðasta árs og í byrjun þessa árs.

Á meðal laga sem verða líklega á plötunni er Neo-Con þar sem rollingarnir ráðast á ríkisstjórn George Bush, Bandaríkjaforseta. Talið er að Oh No, Not You Again verði fyrsta smáskífulag plötunnar.

The Rolling Stones eru á leiðinni í tónleikaferð um heiminn til að fylgja plötunni eftir sem hefst í Boston 21. ágúst. ■


**ROLLING STONES** Rokkararnir í The Rolling Stones gefa út nýja plötu í september.




**ÁLFABAKKI**

| | | |
|---|---|---|
| DARK WATER | KL. 3.45-5.50-8-10.20 | B.I. 16 |
| DARK WATER VIP | KL. 8-10.20 | |
| THE PERFECT MAN | KL. 2-4-6-8-10 | |
| MADAGASCAR enskt tal | KL. 2-4-6-8-10 | |
| MADAGASCAR ísl. tal | KL. 2-4-6 | |
| WAR OF THE WORLDS | KL. 8-10.30 | B.I. 14 |
| BATMAN BEGINS | KL. 2-5-8-10.40 | B.I. 12 |
| BATMAN BEGINS VIP | KL. 2-5 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 2 | |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| DARK WATER | KL. 8-10.20 | B.I. 16 |
| MADAGASKCAR enskt tal | KL. 6-8 | |
| MADAGASKCAR ísl. tal | KL. 6 | |
| WAR OF THE WORLDS | KL. 10 | B.I. 14 |

**AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| DARK WATER | KL. 8-10 |
| THE PERFECT MAN | KL. 6-8 |
| MADAGASKCAR ísl. tal | KL. 6 |
| MADAGASKCAR enskt tal | KL. 10 |

**KRINGLAN**

| | |
|---|---|
| THE PERFECT MAN | KL. 2.30-4.30-6.30-8.30-10.30 |
| MADAGASCAR | KL. 2.30-4.30-6.30 |
| ELVIS HAS LEFT THE BUILDING | KL. 4.30-8.30-10.30 |
| WHO´S YOUR DADDY | KL. 6.30-8.30-10.30 |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 2.30 |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

| | | |
|---|---|---|
| DARK WATER | KL. 5.50-8-10.15 | B.I. 16 ára |
| MADAGASCAR enskt tal | KL. 6-8-10 | |
| ELVIS HAS LEFT THE BUILDING | KL. 8-10 | |
| BATMAN BEGINS | KL. 6-8.30 | B.I. 12 ára |
| VOKSNE MENNESKER | KL. 5.45 | |

Háskólabíó


# Endurunnin gæsahúð

**[ KVIKMYNDIR ]**

UMFJÖLLUN

Ungu hjónin George og Kathy Lutz telja sig hafa himin höndum tekið þegar þau kaupa sér gamalt og risastórt einbýlishús. Þau flytja inn með þremur börnum Kathy frá fyrra hjónabandi og telja víst að þau séu nú loks að upplifa ameríska drauminn. Sá böggull fylgir þó skammrifi að ári fyrr hafði einn íbúa hússins sturlast og myrt alla fjölskyldu sína.

Hjónin komast ekki að þessu fyrr en of seint og þá hefur illur andi sem hefst við í húsinu náð tökum á George sem sýnir öll einkenni sturlunar þannig að allt útlit er fyrir að sagan muni endurtaka sig.

Það er ekki hægt að halda því fram að þetta sé frumleg hugmynd að hryllingsmynd enda er hún endurgerð samnefndrar myndar frá árinu 1977. Framleiðendur myndarinnar eru heldur ekkert að stíla inn á það að vera ferskir en þeim tekst ágætlega að poppa þessa gömlu draugasögu upp og þessi nýja mynd er mun betri en forverinn.

Öllum elstu og helstu brellum í hryllingsmyndasögunni er beitt af mikilli fagmennsku og ófá bregðuatriði ná tilætluðum árangri. Þá tekst leikstjóranum vel að skapa ókennilega stemmningu og gera illsku hússins áþreifanlega. Það spillir svo ekki fyrir að það eru börn sem lenda í eldlínunni og eru í lífsháska. Varnarleysi barnanna, sem geta sér enga björg veitt, þegar stjúpinn sturlast er útfærð skemmtilega og þar ristir myndin dýpst enda er ótrúlega auðvelt að vekja ugg hjá áhorfendum með því að veitast að kjarnafjölskyldunni og leysa hana upp.

The Amityville Horror er því býsna hefðbundinn hrollur og stendur ágætlega undir þeim væntingum sem gerðar eru til mynda af þessu tagi. Eins og svo oft áður er lausn flækjunnar þó frekar ódýr og vísanir í klassíkera á borð við Halloween og The Exorcist gera fátt annað en að minna á að allt hefur þetta verið gert áður. Og þá mun betur en hér.

**Þórarinn Þórarinsson**



**THE AMITYVILLE HORROR**

**LEIKSTJÓRI:** ANDREW DOUGLAS
**AÐALHLUTVERK:** RYAN REYNOLDS, MELISSA GEORGE, JESSE JAMES

**Niðurstaða:** The Amityville Horror er því býsna hefðbundinn hrollur og stendur ágætlega undir þeim væntingum sem gerðar eru til mynda af þessu tagi.

# Longoria setur hæðina ekki fyrir sig

Latínustjarnan Eva Longoria hefur loksins upplýst hver er maðurinn í hennar lífi. Ekki er langt síðan að Fréttablaðið greindi frá ástarsambandi hennar og körfuboltastjörnunnar Tony Parker sem spilar með San Antonio Spurs. Það hlaut því alltaf að koma að því að Longoria sýndi gripinn. Sú varð og raunin en það sem meira er... hann er töluvert hærri heldur hún og minna þau tvö á dverg og risa. Það er þó ekki hæðin sem skiptir máli og parið virðist mjög hamingjusamt. Longoria hefur verið að læra frönsku en Parker er franskur ríkisborgari.

Longoria er reyndar ekki fyrsta þokkadísin sem nær sér í háloftamann. Margir muna eftir því þegar Carmen Electra skartaði ólíkindatólinu Dennis Rodman sér við hlið. Það verður þó vonandi eilítið rólegra í kringum Longoria og Parker. ■



**LONGORIA OG PARKER** Eins og sjá má á myndinni er töluverður stærðarmunur á hjónaleysunum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Ricky Gervais** er það hrifinn af **Simpson** að hann er búinn að láta sjálfan sig hafa eitt hlutverk í þættinum sem hann skrifar handritið að. Í þeim þætti leikur Gervais skrifstofublók sem er kúgaður af konunni sinni. Þegar þættirnir *Wife Swap* eða *Makaskipti* koma til Springfield ákveða þau hjónin að taka þátt og örlögin haga því þannig til að persóna Gervais fær **Marge** en **Hómer** fær konu Ricky. Hómer er fyrst og fremst að taka þátt til þess að vinna flatskjá en Ricky verður yfir sig ástfanginn af Marge. Hann reynir í kjölfarið að vinna hug hennar með lagi sem hann semur sérstaklega handa Marge.






## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I'm ten years old and I don't even know if I'm black with white stripes or white with black stripes!"**

**Svar:** Sebrahesturinn Marty í kvikmyndinni Madagascar frá árinu 2005.

# dagskrá

**Við tækið** Sóley Kaldal viðurkennir að hún horfir á sápuóperu

## *Glæstar vonir í hverri viku*

Ég þarf að játa svolítið sem ávallt hefur verið nokkurt feimnismál:
Ég er tryggur aðdáandi þáttanna Glæstra vona (The Bold and the Beautiful) og hef verið það frá því ég var ellefu ára gömul. Í rétt rúm tíu ár hef ég fylgst með örlögum Forrester- og Spectrafjölskyldnanna þar sem ekki er hægt að segja að skiptist á skin og skúrir heldur glennisól og stórgriparigning.
Þættirnir eru alveg frábærlega gríp-andi og þrátt fyrir að stundum sé aðalleikurum skipt út þótt karakterinn sé enn í fullu fjöri og söguþráðurinn sé alveg út úr kú, get ég ekki slitið mig frá. Ég er reyndar ekki þannig að ég megi ekki missa af þætti, því einn af stærstu kostum þáttarins er sá að þó ég sjái hann ekki í nokkrar vikur, þá veit ég alltaf hvað er að gerast þegar ég sé hann næst.
Snillingarnir sem skrifa þættina hafa þetta þannig að allt er í háalofti í hverjum einasta þætti en framvindan svo hæg að ekkert gerist nema á löngum tíma.
Þessi þáttur er reyndar, eins og aðrar sápur, mjög kostulegt fyrirbæri. Ýmsar reglur eru beygðar og engu skiptir þótt sama konan sé búin að vera með tveimur bræðrum og föður þeirra eða að þótt hún hafi eignast barn fyrir fimm árum, þá sé það allt í einu orðið gjafvaxta unglingur í brúðkaupshugleiðingum.
Glæstar vonir eru ekki sýndar á nógu góðum tíma að mínu mati því þær eru klukkan níu á morgnana. Þegar ég var í skólanum í vetur nennti ég yfirleitt ekki að mæta í skólann fyrr en ég var búin að horfa á þáttinn minn. Nú, þegar gerð er krafa til þess að ég sé mætt í vinnu á sama tíma, verð ég að láta mér nægja að sjá endursýningarnar á laugardögum



**ADRIENNE FRANTZ** leikur Amber í Glæstum vonum.



▶ **23.40** *Bíó*

THREE KINGS



▶ **20.30** *Söngur*

ÞAÐ VAR LAGIÐ



▶ **21.00** *Tónlist*

TRAVIS – LIVE IN HAMBURG



▶ **22:00** *Gaman*

TREMORS



▶ **20.30** *Íþróttir*

ÍSLANDSMÓTIÐ Í GOLFI

### SJÓNVARPIÐ

**16.45** Bikarkvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Bitti nú! (16:26)

**18.30 Ungar ofurhetjur (10:26)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.10 Hr. Bones** Suður-afrísk gamanmynd frá 2001. Töfralæknir er sendur til að leita að syni konungs ættflokksins en kemur til baka með bandarískan golfleikara. Leikstjóri er Gray Hofmeyr og meðal leikenda eru Leon Schuster, David Ramsey, Faizon Love, Robert Whitehead og Jane Benney.
**21.50 Móðurást** (Some Mother's Son) Bresk bíómynd frá 1996 um hungurverkfall Bobbys Sands og fleiri Íra í bresku fangelsi árið 1981. Ekki talið hæfa fólki yngra en 12 ára.

▶ **23.40** Þrír kóngar (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) **1.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið **12.20** Neighbours

**12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers (97:150) **13.25** 60 Minutes II 2004 **14.10** The Guardian **14.55** Jag (e) **15.40** Bernie Mac 2 (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.30** Simpsons **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons**
**20.00 Joey (22:24)**
▶ **20.30 Það var lagið**
**21.30 Two and a Half Men (13:24)** Charlie Harper er piparsveinn sem skyndilega verður að hugsa um fleira en hið ljúfa líf. Alan bróðir hans stendur í skilnaði og flytur til Charlies ásamt Jake syni sínum.
**21.55 Osbournes 3 (2:10)**
**22.20 Grind** (Hjólabrettastrákarnir) Kvikmynd á léttum nótum um nokkra félaga sem eyða öllum stundum á hjólabrettunum sínum. 2003. Bönnuð börnum.

**0.00** French Kiss **1.45** Sex, Lies and Videotape (Stranglega bönnuð börnum) **3.25** Fréttir og Ísland í dag **4.45** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Seinfeld 3**
**19.30 Íslenski listinn** Jónsi í Svörtum Fötum fer með okkur í gegnum vinsælustu lög vikunnar og tekur púlsinn á öllu því heitasta í dag.
**20.00 Seinfeld 3**
**20.30 Friends (20:24)**
▶ **21.00 Travis – Live in Hamburg** (Tónleikar með Travis)(Travis – Live in Hamburg)Tónleikar skosku hljómsveitarinnar Travis sem haldnir voru í þýsku borginni Hamburg.
**22.35 Kvöldþátturinn** (brot af því besta)Brot af því besta úr Kvöldþáttum vikunnar.

**23.20** David Letterman **0.05** David Letterman **0.50** Friends (20:24) **1.15** Kvöldþátturinn **2.00** Seinfeld 3

### SKJÁREINN

**18.00** Cheers

**18.30 Worst Case Scenario (e)**
**19.15 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 Still Standing (e)**
**20.00 Ripley's Believe it or not!**
**20.50 Þak yfir höfuðið**
**21.00 Wildboyz – NÝTT!** ! Í þáttunum Wildboyz heimsækja Steve O og Steve Pontius ólík lönd og einbeita sér að því að öðlast kynnast þeim ólíku dýrategundum sem byggja hvert land.
**21.30 MTV Cribs**
▶ **22.00 Tremors** Hjá íbúum Dýrðardals Nevada gengur lífið sinn vanagang flesta daga. Nema þegar Ormurinn hvíti, hinn 10 metra langi þorpsormur rumskar af værum svefni.
**22.45 Sjáumst með Silvíu Nótt – lokaþáttur (e)**

**23.15** The Swan (e) **0.00** Dead Like Me (e) **0.45** Tvöfaldur Jay Leno (e) **2.15** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**18.30 Gillette-sportpakkinn**
**19.00 Motorworld**
**19.30 World Supercross** Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi.
**20.30 Íslandsmótið í golfi 2005** Samantekt frá fyrsta keppnisdegi en Sýn verður með beina útsendingu frá Íslandsmótinu í höggleik á laugardag og sunnudag. Leikið er á Hólmsvelli en mótshald er í höndum Golfklúbbs Suðurnesja.
▶ **21.30 Íslandsmótið í golfi 2005**
**22.30 World Poker Tour 2** (HM í póker) Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Póker á sér merka sögu en til eru ýmis afbrigði spilsins. Á seinni árum hefur HM í póker átt miklum vinsældum að fagna og kemur margt til. Ekki síst veglegt verðlaunafé sem freistar margra.

**0.00** Heimsbikarinn í torfæru **0.35** K-1

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Wedding Planner **8.00** Twin Falls Idaho **10.00** 61 **12.05** Heroe's Mountain **14.00** The Wedding Planner **16.00** Twin Falls Idaho **18.00** 61 **20.05** Heroe's Mountain **22.00** Borderline (Str. b.b.) **0.00** Clear And Present Danger (Str. bönnuð börnum) **2.20** Fargo (Str.b.b.) **4.00** Borderline (Str. bönnuð börnum)

### OMEGA

**7.00** Joyce Meyer **7.30** Benny Hinn **8.00** Sherwood Craig **8.30** Um trúna og tilveruna **9.00** Maríusystur **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** T.D. Jakes **11.00** Robert Schuller **12.00** Samverustund (e) **13.00** Joyce Meyer **13.30** Blandað efni **14.30** Ron Phillips **15.00** Kvöldljós **16.00** Joyce Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Dr. David Cho **17.30** Freddie Filmore **18.00** Mack Lyon **18.30** Joyce Meyer **19.00** CBN fréttastofan – fréttir á ensku **20.00** Vatnaskil Hvítasunnukirkjan Fíladelfía **21.00** Mack Lyon Í leit að vegi Drottins **21.30** Acts Full Gospel **22.00** Joyce Meyer **22.30** Blandað

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **13.30** Life is Great with Brooke Burke **14.00** Style Star **14.30** Extreme Close-Up **15.00** The Entertainer **16.00** The Ultimate Hollywood Blonde **17.00** Dr. 90210 **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** High Price of Fame **21.00** Style Star **22.00** E! Entertainment Specials **23.00** E! News **23.30** Gastineau Girls **0.00** Wild On **1.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

**7.15** Korter

### POPP TÍVÍ

Tónlist allan daginn - alla daga



## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Wildboyz** Skjár einn **kl. 21.00**

*Þetta er fyrsti þáttur.*

### *Gálgahúmor og g-strengur*



Hér er á ferð nýr þáttur þar sem klikkhausarnir úr Jackass, þeir SteveO og Chris Pontius, eru í aðalhlutverki. Félagarnir ferðast vítt og breitt um heiminn með gálgahúmor og g-streng að vopni og skoða mismunandi menningarheima og framandi dýr. Auðvitað láta þeir félagar sér ekki nægja að kynnast dýrum og fólki á venjulegan hátt heldur gera það á sinn óviðjafnanlega hátt og komast að því að þeir eru ekki komnir eins langt í þróunarferlinu og þeir héldu.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið – Umsjón: Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ásdísi Olsen. **10.03** Morgunstund með Sigurði G.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing **14.03** Birta – Umsjón: Ritstjórn Birtu. **15.03** Allt og sumt **17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

**19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Ásdísi Olsen e. **21.00** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Hádegisútvarpið e.

**23.00** Úrval úr Allt & sumt

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Árla dags **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Frakkneskir fiskimenn á Íslandi **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaleikrit : Næturgesturinn **13.15** Sumarstef **14.03** Útvarpssagan: Stjórnlaus lukka **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Lifandi blús **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Plötuskápurinn **19.40** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Hljómsveit Reykjavíkur **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Ungmennafélagið **22.10** Næturvaktin

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.15** Cycling: Tour de France **16.00** Swimming: World Championship Montreal Canada **17.00** Athletics: IAAF Super Grand Prix London **20.00** Cycling: Tour de France **21.00** Swimming: World Championship Montreal Canada **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Swimming: World Championship Montreal Canada

**BBC PRIME**
**12.00** Hetty Wainthropp Investigates **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Monty the Dog **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Bill and Ben **14.35** Blue Peter Flies the World **15.00** Antiques Roadshow **15.30** Perfect Holiday **16.00** Animal Park **17.00** Rick Stein's Food Heroes **17.30** Mersey Beat **18.30** Mastermind **19.00** Blackadder II **19.30** 3 Non-Blondes **20.00** I'm Alan Partridge **20.30** Top of the Pops **21.10** The Crossing **22.10** Cutting It **23.00** A History of Britain **0.00** British Isles: A Natural History **1.00** Suenos World Spanish

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Gladiator Wars *day of the Warrior* **13.00** The Real Zulu Dawn *day of the Warrior* **14.00** Secrets of Samurai *day of the Warrior* **15.00** Egypt's Napoleon [ad] *day of the Warrior* **16.00** Quest for the Phoenicians *day of the Warrior* **17.00** The Real Alexander the Great *day of the Warrior* **18.00** Gladiator Wars *day of the Warrior* **19.00** Paranormal?: Ufos **20.00** Alien Big Cats **21.00** State of Fear *no Borders* **23.00** Alien Big Cats **0.00** Death by Natural Causes: Fatal Fear

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Killing for a Living **13.00** Pet Star **14.00** Miami Animal Police **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Monkey Business **17.30** Animals A-Z **18.00** Pet Star **19.00** Animal Precinct **20.00** Crocodile Hunter **21.00** Venom ER **22.00** Monkey Business **22.30** Animals A-Z **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Animal Precinct **1.00** Pet Star

**DISCOVERY**
**12.00** Stormproof **13.00** Extreme Engineering **14.00** Junkyard Mega-Wars **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Buena Vista Fishing Club **16.00** Extreme Machines **17.00** Thunder Races **18.00** Myth Busters **19.00** Dangerman **20.00** Angel of Death **21.00** American Casino **22.00** Forensic Detectives **23.00** Myth Busters **0.00** Machine Gun

**MTV**
**13.00** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Dance Floor Chart **18.00** Punk'd **18.30** Viva La Bam **19.00** Wild Boyz **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** I Want a Famous Face **21.30** Wonder Showzen **22.00** Party Zone **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1's video jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** MTV at the Movies **19.00** Behind the Music **21.00** Friday Rock Videos **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **0.30** Behind the Music

**CLUB**
**12.10** Retail Therapy **12.35** The Stylists **13.00** Crimes of Fashion **13.30** Hollywood One on One **14.00** Hollywood Star Treatment **14.25** Cheaters **15.10** Other People's Houses **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Innertainment **17.15** Arresting Design **17.40** Fantasy Open House **18.05** Come! See! Buy! **18.30** Hollywood One on One **19.00** Matchmaker **19.25** Cheaters **20.15** Sextacy **21.10** Spicy Sex Files **22.00** Girls Behaving Badly **22.30** Sex Tips for Girls **23.00** Insights **23.30** Weekend Warriors **23.55** Awesome Interiors **0.20** Retail Therapy **0.45** The Stylists **1.10** Crimes of Fashion

**CARTOON NETWORK**
**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Viva Las Bravo **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Spider-Man **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**13.15** The Hawaiians **15.25** Breakheart Pass **17.00** Thieves Like Us **19.00** The Mechanic **20.40** Rosebud **22.45** After Midnight **0.20** Toy Soldiers **2.10** The End **3.50** Audrey Rose

**TCM**
**19.00** Behind the Scenes – Shaft: Soul in Cinema **19.15** Shaft **21.00** Skyjacked **22.40** Alfred the Great **0.40** The Liquidator **2.20** Night Must Fall

**HALLMARK**
**12.45** Walter and Henry **14.15** Barbara Taylor Bradford's Voice of the Heart **16.00** Touched By An Angel Ili **16.45** Prince Charming **18.15** Jessica **20.00** Law & Order Viii **20.45** Brotherhood of Murder **22.30** Amnesia **0.00** Law & Order Viii **0.45** Jessica **2.30** Brotherhood of Murder

**BBC FOOD**
**12.00** Tyler's Ultimate **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Deck Dates **13.30** Paradise Kitchen **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Kitchen Takeover **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Food Source **16.30** Gondola On the Murray **17.00** Jancis Robinson's Wine Course **17.30** The Tanner Brothers **18.30** Diet Trials **19.00** A Cook On the Wild Side **19.30** Far Flung Floyd **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Floyd's Fjord Fiesta **21.30** Saturday Kitchen

**DR1**
**12.20** Grøn glæde **12.50** Herlufsholm **13.20** Sporløs **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Shin Chan **14.10** Braceface **14.30** SommerSummarum **15.30** Scooby Doo **16.00** Fredagsbio **16.10** Lauras stjerne **16.20** Mira og Marie **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Endelig fredag **19.00** TV Avisen **19.25** SommerVejr **19.30** AftenTour 2005 **19.55** Lærenemme Rita **21.40** For ung, for farlig

**SV1**
**13.30** Packat & klart – sommarspecial **14.00** Rapport **14.05** Robert Back: tema, variation, verktyg **14.30** Honung **15.00** Lugna kocken **15.25** Blomsterspråk **15.30** Runt omkring på Island **15.55** Löparkung på 90 år **16.00** Hästfolk **16.30** Richard Scarrys äventyrsvärld **16.55** Gula giraffens djurhistorier **17.00** Laura **17.30** Rapport **18.00** S.O.S. – En segelsällskapsresa **19.45** Svensson, Svensson **20.10** Ridsport: EM hoppning **20.35** Simning: VM Montreal **21.55** Rapport **22.05** Kring midnatt **0.15** Sändning från SVT24

SAMA HVERNIG ÞAÐ ER REIKNAÐ...

**FM957** OG **X-IÐ 977** ERU MEÐ MESTU HLUSTUNINA HJÁ UNGU FÓLKI 12 - 29 ÁRA.
MUNURINN ER ALLT AÐ **124%.** TÖLURNAR TALA SÍNU MÁLI:




**78% MEIRI** HLUSTUN **124% MEIRI** HLUSTUN **114% MEIRI** HLUSTUN

HLUTFALL AF HEILDARHLUSTUN UM ALLT LAND.
GALLUP JÚLÍ 2005.

FM957 & X-IÐ 977 ERU HLUTI AF SIRKUS FJÖLSKYLDUNNI

SIRKUS



## HRÓSIÐ

*...fær Arna Ösp Magnúsardóttir Palestínufari fyrir að láta ekki bugast þrátt fyrir að hafa verið í haldi ísraelskra yfirvalda í þrjátíu klukkustundir eftir komu sína til Tel Aviv á mánudag. Sætti hún þar tíu klukkustunda yfirheyrslu áður en henni var vísað úr landi.*

REYKJAVÍKURNÆTUR

**HARPA PÉTURSDÓTTIR** VILL BERA SIG EFTIR BJÖRGINNI

# *Pent og pínlegt!*



Konur falla oft í þá gryfju að vilja láta aðra halda að þær séu penar og prúðar. Þær þykjast vera matprúðar og eiga það til að borða ofurlítið þegar aðrir sjá til, þó þær séu glorhungraðar. En það er bara af því við höldum að það sé ósjarmerandi og svínkulegt að borða mikið og fæli burt hugsanlega efnilega menn.

Eitt kvöldið var vinkona mín úti að borða með nýjum „upper class“ vini sínum. Auðvitað vildi hún koma þeim skilaboðum áleiðis að hún væri það líka „upper class, og hagaði í samræmi við það.

Hann fór með hana á eitt af fínustu veitingahúsum borgarinnar og tilgangur kvöldsins var að „kynna” fín vín fyrir henni.

Þau byrjuðu kvöldið á því að hann pantaði fyrir þau hvor sinn „Dry Martini“- kokteilinn sem er afskaplega alkóhólríkur og með honum fylgir víst bara eitt stykki ólífa sem er ansi lítið í tóman magann. Hún hafði lítið borðað yfir daginn til að líta sem best út um kvöldið.

Um leið og þau voru sest til borðs pantaði hann kampavínsglös til að sötra á meðan matseðillinn var mældur út. Með forréttinum fengu þau „Sautern“ hvítvín til að skola niður með lifrarpatéinu. Vinkona mín þekkti „vininn“ ekki sérlega vel og því urðu allar samræður sleipari eftir því sem drukkið var meira. Hún rétt smakkaði á patéinu til þess að hafa örugglega pláss fyrir aðalréttinn og til að halda penheitunum í hámarki. Eins var með aðalréttinn, en með matnum drukku þau heila flösku af eðalrauðvíni sem bar nafn þekkts fransks vínhéraðs. Þegar eftirrétturinn var borðinn á borð var hún hins vegar orðin svo kennd að hún skutlaði súkkulaðifrauðinu í sig. Eftir matinn uppgötvaði hún að það hefði líklega verið gáfulegra að einblína frekar á matinn en vínið. Hún fann að hún hafði ekki fulla stjórn á sjálfri sér. Einfalt atriði eins og að klæða sig í kápuna varð að stórmáli og ekki gat hún gengið hjálparlaust.

Kvöldið endaði ekki betur en svo að viðkunnulegi og smekklegi herramaðurinn tók þá ákvörðun að fylgja henni frekar heim en að fara með hana út á meðal fólks.

Er ekki aðeins meira kúl að borða almennilega og vera pen allt kvöldið en að vera bara pen svona rétt þangað til eftirrétturinn er borinn fram og eyðileggja svo kvöldið með þvoglumælgi og jafnvægisleysi? Ég held að daginn eftir sé líka örlítið meira gaman að vera til og bömmerinn aðeins léttari. Svo má ekki gleyma að það býður upp á betri endi á kvöldinu ef kollurinn er í lagi!



**Lárétt:** **1** hrósa, **5** flýti, **6** íþróttafélag, **7** skóli, **8** nakin, **9** þjóðflokkur fyrr á tímum, **10** verkfæri, **12** stefna, **13** blóm, **15** silfurtákn, **16** ekki úti, **18** fugl.
**Lóðrétt:** **1** náttúruspjöll, **2** hleypa upp, **3** tónn, **4** föggur, **6** fræða, **8** af hollenskum ættum, **11** uppistaða, **14** snjó, **17** hreyfing.

**LAUSN**

**Lárétt:** **1** hæla, **5** asa, **6** ka, **7** ma, **8** ber, **9** húna, **10** al, **12** inn, **13** rós, **15** ag, **16** inni, **18** æður.
**Lóðrétt:** **1** hamfarir, **2** æsa, **3** la, **4** farangur, **6** kenna, **8** búi, **11** lón, **14** snæ, **17** ið.






KÖNTRÍSVEIT BAGGALÚTS:

# Suddalegt banjó á netthallærislegri plötu

„Það var viljandi að hafa þetta netthallærislegt, svolítið gamaldags. Við vildum hafa smá sveitarómantík í þessu,“ segir Bragi Valdimar Skúlason um kántríplötu sem vefsíðan Baggalútur mun gefa út innan skamms. Platan hefur fengið nafnið *Pabbi þarf að vinna*, en nú þegar eru tvö lög af plötunni komin í spilun, *Settu brennivín í mjólkurglasið vina* og *Pabbi þarf að vinna í nótt*.

Köntrísveit Baggalúts samanstendur af Baggalútsmönnunum sex sem halda uppi vefsíðunni baggalutur.is auk fjölda annarra tónlistarmanna, með Kidda úr Hjálmum, eða Guðmund Kristinn Jónsson, fremstan í flokki. „Guðmundur er kunningi minn frá gamalli tíð. Við brunum bara út í sveit til Keflavíkur og svo er dröslað inn í bílinn fimmtán hljóðfæraleikurum á leiðinni. Svo er þetta tekið upp í Gimsteininum hjá Rúnari Júlíussyni, en hann á skilið miklar þakkir. Hann er mikill höfðingi heim að sækja,“ segir Bragi baggalútur.

Baggalútsmenn dóu ekki ráðalausir í leit sinni að hraðskreiðum banjóleikara. „Við sendum nokkur lög út til Nashville í Tennessee til að láta spila banjó inn á plötuna. Við ætluðum bara að nota einhverja gaura hérna á Íslandi, en það gat enginn spilað svona hratt. Svo við fórum bara á netið og sáum að það er heil gata í Nashville með banjóstúdíóum. Við sendum fyrirspurn og fengum nokkur tilboð, svo tókum við bara lægsta tilboði og fengum þetta suddalega banjó til baka,“



MYND/GUÐMUNDUR FREYR VIGFÚSSON

**KÖNTRÍSVEIT BAGGALÚTS** Baggalútur er voða „duló“, að sögn Braga Valdimars Skúlasonar aðalbaggalúts. Guðgeirsson, Jónsson, Sigurðsson, Hallgrímsson, Helgason, Pálsson og Skúlason fá kántrí og bluegrass andann yfir sig í sveitinni.

segir Bragi. Banjóleikarinn frá Nashville reyndist vera í rússneskri unglingahljómsveit sem dreymir um að meika það í mekka kántrísins. „Við færðumst allir í aukana við að heyra banjóið og sendum út annan skammt, þá fengum við líka fiðlu með,“ segir Bragi. „Annars eru margir í sveitinni fantagóðir á banjó, til dæmis Guðmundur Pétursson, og þeir spila líka á plötunni.“

Nisse Törnqvist og Petter Winnberg úr Hjálmum spila í nokkrum lögum og einnig fengu Baggalútsmenn liðstyrk Rúnar Júlíussonar sem syngur í laginu „Pabbi þarf að vinna í nótt.“ Guðmundur Pálsson og Karl Sigurðsson sjá um söng á plötunni að öðru leyti en þeir eru báðir baggalútar. „Við erum sex sem erum með þessa síðu. Ég skrifa undir nafninu Enter, en þetta er allt voða duló. Þetta er sem sagt bara bull. Það er svo sem ekkert meira um það að segja. Nauðsynlegt bull, þarft bull til að skemmta okkur og öðrum,“ segir Bragi baggalútur um síðuna, baggalutur.is.

**rosag@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Mexíkóski leikarinn **Gael Garcia Bernal** hefur loksins yfirgefið klakann eftir langa dvöl. Hann hefur unað sér vel meðal landsmanna og verið hvers manns hugljúfi. Hann sá **Antony and the Johnsons** á Nasa og **Snoop Dogg** í Egilshöllinni. Þá hefur leikarinn einnig verið duglegur að sækja böð Íslendinga en Bláa Lónið og Laugardagslaugin hafa verið vinsælir viðkomustaðir leikarans. Hann hefur þó lítinn tíma fyrir frí, því samkvæmt vefmiðlinum *www.imdb.com* er hann bókaður í mynd ásamt **Brad Pitt** og **Cate Blanchett** en hún ber heitið *Babel*. Hvort **Bernal** hefur fundið þá einu réttu er alls ekki óvíst en hinar björtu sumarnætur í Reykjavík hafa hingað til þótt prýðilegar til að upplifa rómantíkina.



Skagafjörðurinn er að breytast í litlu Hollywood. Lilja Pálmadóttir er að reisa eitt mesta hönnunarmannvirki Íslandssögunnar á jörðinni Hofi í Skagafirði. Eins og Lilju einni sæmir er ekkert til sparað. Heyrst hefur að hún sé að láta leggja gólfin með þverskornu stuðlabergi sem mun án efa koma afar vel út. Á dögunum fjárfesti Steinunn Jónsdóttir, dóttir Jóns Helga í BYKO, í jörðinni við hliðina á Lilju sem heitir Bær. Ingibjörg Pálmadóttir, systir Lilju, hafði reyndar girnst lóðina en Steinunn hafði betur og borgaði um 50 milljónir fyrir hana. Frá því að Steinunn keypti Bæ hefur allt verið á fullu við að gera lóðina sem smartasta, meðal annars með girðingum. Áætlað er að verkið kosti um tíu milljónir.






# Humar

1.290,-kr.kg

Ótrúlegt verð á fínum humri.




Opið laugardaga 10.00 - 14.30


# Nornir og slöngur í jóladagatali

Hafin er framleiðsla á nýju jóladagatali sem verður frumsýnt á Stöð 2 í byrjun desember. Leikstjóri er Inga Lísa Middleton og skrifar hún handritið ásamt Margréti Örnólfsdóttur. Margét semur einnig tónlistina fyrir dagatalið, sem nefnist Galdrabókin.

Galdrabókin fjallar um strákinn Alexander sem opnar galdrabók og hverfur þá inn í töfraveröld. Þar hittir hann meðal annars fyrir kött, uglu, kengúru, nornir, tvíhöfða slöngur og rappkanínur. Alexander þarf því að glíma við ýmislegt nýtt í þessari spennandi veröld. Helstu leikarar sem koma að verkefninu eru Hjálmar Hjálmarsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Álfrún Örnólfsdóttir og Sigrún Edda Björnsdóttir. Pétur Jóhann Sigfússon úr Strákunum kemur einnig við sögu í hlutverki rappkanínanna.

Jóladagatalið er samstarfsverkefni framleiðslufyrirtækisins Base Camp, sem tengist Senu, og Ilmfilm sem Inga Lísa rekur. Nýtur verkefnið styrks frá Kvikmyndamiðstöð Íslands.

Hingað til hefur Ríkissjónvarpið gert nokkuð af því að endursýna eldri jóladagatöl og því ljóst að þörf hefur verið á endurnýjun í þessum geira. „Þetta er mjög spennandi verkefni,“ segir Þorfinnur Ómarsson hjá Base Camp. „Þetta er vafalítið metnaðarfyllsta verkefnið á þessu sviði sem hefur verið gert hér heima.“ ■



**GALDRABÓKIN** Jóladagatalið verður gefið út á DVD-disk og einnig kemur út geisladiskur sem hefur að geyma alla tónlistina úr þáttunum. Enn fremur verður gefin út bók sem verður byggð á dagatalinu.


Iceland
Komnar í verslanir BT
Nýtt líf
Eggert Þorleifsson
Karl Ágúst Úlfsson
Þráinn Bertelsson
Jón Hermannsson
Ari Kristinsson
DALALÍF
LÖGGULÍF
Snillingarnir Danni & Þór eru mættir á DVD í fyrsta sinn!!
BT
1.299
Hver mynd
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000






BAKÞANKAR

SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR

# Pólitík og paradís

Einkennilegur þessi hundur í Össuri út í Villa Viðeyjardreymi. Þó svo að Villi vilji bara nokkrar sálir búandi í eyjunni; þó svo að hann vilji að þær tilheyri allar sjálfstæðiselítunni. Hvað með það? Hver vill búa nálægt þeim? Hver vill búa úti í þessari eyju – ef út í það er farið? Það er ekki eins og þetta sé eyja í Karíbahafinu.

**Í ÞAU** fáu skipti sem mér, síflytjandi aumum kvenmannsbelgnum, hefur hlotnast sá heiður að búa í húsi á sjávarlóð, hef ég læknast af sjávarlóðarómantíkinni. Er ekki fyrr flutt inn en ég fer að velta fyrir mér hvenær ég geti flutt út. Að kaupa sér hús við sjóinn á Íslandi felur í sér að borga himinháar upphæðir fyrir óheyrilegt rok utan enda og þráláta sjávarseltu og –drullu á gluggum. Keypti einu sinni íbúð við sjóinn, á fimmtu hæð. Sá aldrei út.

**SVO ER** aldrei stætt í þessum hverfum. Það þarf ekki að fara lengra en út á Granda til þess að fá smjörþefinn af því hvernig verður að eiga heima í Viðey. Hvers vegna mega ekki fínir sjálfstæðismenn búa í slíkum rokrassi, ef þeir endilega vilja? Hvers vegna mega þeir ekki snobba fyrir því að vera barðir, skrúfaðir, snúnir og undnir af veðurhamnum?

**ÞAÐ** held ég hann Villi megi reikna út drauma sína um Viðey, hvort heldur er eftir tíu ár, þrjátíu eða sjötíu. Það held ég að hann megi leika sér að því að raða þar niður þeim sem hann heldur merkilegt públikum. Það er ekki verri tindátaleikur en hver annar og hann gerir þá ekkert af sér á meðan. Svo er bara gott að Sjálfstæðisflokkurinn sé málefnablankur. Og ekki er það verra að R-listinn sé kominn í málefnagjaldþrot. Staðfestir grun manns um að það sé úrelt aðferð að láta pólitíkusa ráðskast með sameignir þjóðarinnar.

**ÞESSI** barnalegi skætingur út af engu í íslenskri pólitík gerir stjórnmálamenn hlægilega. Þjóðin hættir að taka mark á þeim, álítur þá asna og fjarlægist stöðugt meira sinn einlæga ásetning um að bera virðingu fyrir þeim. Hann staðfestir bara það sem góður ráðherra sagði um árið: Það er engin pólitík á Íslandi, bara hagsmunir.

Húsið þitt á aðeins skilið það besta

**Rétta útimálningin**

sérsniðin fyrir íslenskar aðstæður



**Steinvari 2000**
- besta mögulega vörn fyrir húsið
- yfirburðamálning fyrir íslenskar aðstæður
- verndar steypuna fyrir slagregni
- flagnar ekki og hefur frábært veðrunarþol



**Steinakrýl**
- mjög góð viðloðun, gott rakagegnstreymi og mikið veðrunarþol



**Kópal Steintex**
- frábært á múr og steinsteypta fleti þar sem krafist er mikils veðrunarþols

Nýtt útilitakort á næsta sölustað



Við erum sérfræðingar í útimálningu

Áratugarannsóknir á steinsteypu og áhrifaþáttum yfirborðsmeðhöndlunar og strangar prófanir með hliðsjón af séríslenskum aðstæðum og álagsþáttum hafa verið grundvöllur að vöruþróun og gefið málningu frá okkur sérstöðu á íslenskum markaði.

**Útsölustaðir Málningar:** Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegi • Byko Hafnarfirði • Málningarbúðin Akranesi Byko Akranesi • Axel Þórarinsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík Núpur byggingavöruverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki Byko Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • Byko Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • Byko Selfossi Miðstöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málarameistari, Grindavík

málning
-það segir sig sjálft-



Hefur þú smakkað hreinan ávaxtasafa?

Þegar þú pressar hreinan ávaxta- eða grænmetissafa úr Solis safapressunni, þá áttarðu þig á því hvað hreinn safi er.



Þú setur ávexti í heilu lagi í pressuna og færð hreinan safa á svipstundu.



**Verð 13.900 kr.**

RADIONAUST
Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000

BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON SMÁRALIND

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Kynningarmyndband á www.avaxtabillinn.is og www.ormsson.is